

KLÚBBURINN GEYSIR
HLAUT SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐSINS ▶ 38

STEFNUMÓTAAPPIÐ
SEM ALLIR NOTA EN ENGINN TALAR UM ▶ 82

TINDER

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi
og Arnarbakka


OPIÐ
24
TÍMA

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ
24. maí 2014
121. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



KÖLLUÐ MAMMA AF PÚSUND BÖRNUM

Síðustu átta ár hefur **Þórunn Helgadóttir** rekið hjálparstarf fyrir götubörn í Kenía. Hún er ekkert á leiðinni heim enda hefur hún bæði fundið ástina og tilgang lífsins við störf sín. ▶ 26

MYND/GUNNAR SALVARSSON



ENGINN TRÚÐI Á HANN
Smiðurinn Einar Mikael söðlaði um og gerðist töframaður eftir að hafa ofgert sér í vinnu. ▶ 30

HJÖRDÍS SVAN AFPLÁNAR DÓMINN Á ÍSLANDI



**SVEITARSTJÓRNAR-
KOSNINGAR 2014
KÓPAVOGUR ▶ 34**

FÓLK

atvinna

Fjölmiðill

Microsoft sérfræðingur

10" SPJALDTÖLVA

Ótrúlegt verð á 10" Dual Core spjaldtölvu fyrir sumarið!

UNITED

tl.is

14.990

Fullt verð 19.990

**TÖLVU
LISTINN**

SWANSON

**Probiotic
16 Strain**

- Frábært fyrir meltinguna
- 16 tegundir góðra gerla!
- Söluhæsta vara Swanson árið 2013

www.swanson.is

KRINGLUKAST

OPIÐ TIL 18 Í DAG

NYTT KORTATÍMABIL!

NIÐAR VÖRUR
20-50%
AFSLATTUR

Kringlan

AF ÖLLU HJARTA

UMMÆLIN EKKI SÖGD SVARA VERÐ 4

Margir furða sig á viðhorfum sem oddviti Framsóknar í Reykjavík lýsti í gær.

AFPLÁNAR Í ÍSLENSKU FANGELSI 6

Samningur Íslands og Danmerkur tryggir að Hjördís Svan Aðalheiðardóttir getur afplánað 18 mánaða fangelsisdóm sinn á Íslandi.

SUNDBRAUT FLÝTT 8

Oddvitar stærstu framboða í Reykjavík gera ekki ráð fyrir að borgin taki þátt í fjármögnun Sundabrautar.

BORGIN ENN SKULDUM VAFIN 10

Pótt markvisst hafi verið unnið að því að greiða niður skuldir Orkuveitunnar er Reykjavík enn þriðja skuldugasta sveitarfélag landsins.

SKOÐUN 18→20

ÁFRAM UMSÓKNARRÍKI 18

Þorsteinn Pálsson um aðildarviðræður við Evrópusambandið.

SVARTI SPEGILLINN 20

Stefán Máni um flakkið milli samfélagsmiðla.



HELGIN 24→48

HEIMSRUMFLUTNINGUR Í HÖRPU 24

-Anna Þorvaldsdóttir flytur verkið In the Light of Air á morgun.

OSTRUR OG ÆVINTÝRI 24

-Niels Thibaud Girerd snýr aftur á skjáinn og hitar upp fyrir kosningar.

ÞAÐ VERSTA VIÐ 21. ÖLDINA 32

-Fréttablaðið fer yfir það sem er vont við nútímann.

HARMLEIKUR Í HAMRABORG 40

-Ástríðuglæpur í stundarbrjálæði í heimahúsi.

TÍMI MESSÍ KOMINN? 42

-19 dagar í fyrsta leik á HM í Brasilíu.

NÝ BÓK OG SJÓNVARPSPÁTTUR 46

-Ævar vísindamaður svarar spurningum.



MENNING 58→65

PÍN SAMSETTA SJÓN 58

Verk 50 íslenskra listamanna í Hafnarhúsi.

FJÖLBREYTT OG FORDÓMALAUS 58

Dagskrá Skjaldborgarhátíðarinnar kynnt.

PRJÁR SHAKESPEARE-SONNETTUR FRUMFLUTTAR 59

Kammerkór Suðurlands syngur Tavener.



LÍFIÐ 102→120

SALAT ÚR OFURFÆÐI 66

Sumarlegur matur sem fyllir magann.

GALAVEISLA Í CANNES 70

Síðkjólar og bert á milli á dreglinum.

HROSS Í OSS TIL AMERÍKU 71

Sýningarréttur seldur til Music Box.



SPORT 76

KVEÐUR HANN MEÐ TITLI? 76

Guðmundur Guðmundsson stýrir Rhein-Neckar Löwen í síðasta skipti í dag og er í lykilstöðu til að kveðja sem meistari.

MADRIDARSLAGUR 76

Fyrsti borgarslagurinn í úrslitum Meistaradeildar Evrópu fer fram í Lissabon í kvöld á milli Real Madrid og Atletico Madrid.



FIMM Í FRÉTTUM MILLJARÐAHAGNAÐUR OG KJARASAMNINGUR



Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, kynnti afkomu bankans, sem hagnaðist um 8,3 milljarða króna á fyrsta ársfjórðungi.



Ágústa Eir Guðnýjardóttir gagnrýnir harðlega þá ákvörðun borgarráðs að byggja nýja búsetukjarna fyrir 28 fatlaða einstaklinga og þar af fimm börn.



Gerður Sigurðardóttir, fyrrverandi íbúi í Vestmannaeyjum, kom á dögnum aftur á sitt gamla heimili sem grófst undir ösku í Vestmannaeyjagösinu 1973.



Ólafur Loftsson, formaður Félagsgrunnskólakennara, var ánægður með kjarasamninginn við sveitarfélagin. Skólastarf varð því með eðlilegum hætti á ný.



→ **Bjarni Benediktsson** fjármálaráðherra vill fá meðeigendur að landsvirkjun við hlið ríkisins. Hann hefur nefnt lífeyrissjóðina í því samhengi.

Falsað Viagra selt á svörtum markaði

Fölsuð lyf geta verið lífshættuleg. Sum innihalda eitrefni og önnur eru lyfleysur. Mörg dæmi eru um að tollurinn á Íslandi stoppi lyf sem hafa verið pöntuð á netinu. Í flestum tilfellum er um stinningarlyf að ræða til að selja á svörtum markaði.

NEYTENDAMÁL Í ljósi mikilla gróðamöguleika og hversu einfalt er í dag að framleiða töflur og umbúðir, hefur framleiðsla á fölsuðum lyfjum aukist mikið.

Ísland fer ekki varhluta af þeirri þróun því reglulega finnast fölsuð lyf í tollfirliti. Lyfin hafa þá verið pöntuð af netinu.

Hlutverk Einkaleyfastofunnar er meðal annars að vekja athygli almennings á ólögmæti og skaðsemi falsaðra lyfja og vara. „Yfirleitt er innfluttur falsaðar varningur frá Kína og ef grunur vaknar um fölsun eru sendingarnar sendar í efnagreiningu,“ segir Borghildur Erlingsdóttir, forstjóri Einkaleyfastofunnar.

„Í flestum tilfellum eru þetta stinningarlyf sem eru annaðhvort seld á svörtum markaði eða fólk pantar sér á netinu til einkanota.“

Talið er að stór hluti þeirra lyfja sem seld eru í gegnum netið séu fölsuð en þau geta verið stórhættuleg. Til að blekkja kaupandaann hvað varðar útlit og áhrif er í sumum tilfellum notuð efni eins og götumálning, lakk, amfetamín og morfín. Fyrir utan stinningarlyf er algengt að grenningarlyf, fúkkalyf og lyf gegn kólesteróli séu fölsuð.

Viðskipti með falsaðan varning er sú ólöglega starfsemi sem hefur vaxið hvað mest í heiminum á síðustu árum.

„Hér á Íslandi eru það helst húsgögnin. Þá er verið að flytja inn



FÖLSUN OG FRUMEINTAK Einkaleyfastofan verður með algengar falsaðar vörur til sýnis á nýsköpunartorgi HR í dag. Þar má sjá snyrtivörur, lyf, úr og ýmsan klæðnað. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ALGENGAR FALSAÐAR VÖRUR Á ÍSLANDI

Lyf, viagra og megrunartöflur
Rolex-úr
Svanurinn (stóll)
Snyrtivörur, t.d. maskarar

Ýmis klæðnaður, t.d. íþróttatreyjur
Ilmvötn
Húsgögn

eftirlíkingar af húsgögnum sem er brot gegn skráðu vörumerki, skráðri hönnun eða höfundarrétti. Til að mynda var eftirlíking af hinum vinsæla Triptrap-stól flutt inn til landsins á sínum tíma,“ segir Borghildur.

Hún bætir við að margir spyrji sig af hverju það sé ekki í lagi að kaupa falsaðar vörur á helmingi lægra verði.

„Þetta er ólögmætur varningur og yfirleitt fer ágóðinn til að fjár-

magna glæpastarfsemi, í flestum tilfellum fíkniefnastarfsemi. Þannig að með því að kaupa falsaða vöru ertu óbeint að styðja við slíkt,“ segir Borghildur Erlingsdóttir.

Einkaleyfastofan er með bás á Nýsköpunartorgi HR í dag til að vekja athygli nýsköpunarfyrirtækja á mikilvægi hugverkaréttinda og einkaleyfaumsókna auk þess að hafa til sýnis algengar falsanir á hinum ýmsum vörum.

erlabjorg@frettabladid.is

Andstæðingum Evrópusambandsins gekk vel í Bretlandi en illa í Hollandi:

Wilders varð fyrir vonbrigðum

BRETLAND Nigel Farage, leiðtogi Breska sjálfstæðisflokksins, fagnaði í gær góðum árangri flokksins í sveitarstjórnarkosningum á fimmtudag.

Breski Íhaldsflokkurinn tapaði hins vegar í kosningunum en Verkamannaflokkurinn, sem er í stjórnarandstöðu, bætti við sig fylgi.

Ljóst virðist að Farage, sem er harður andstæðingur Evrópusambandsins, hafi einnig fengið mikið fylgi í kosningum til Evrópuþingsins, sem einnig voru haldnar í Bretlandi á fimmtudag.

Í Hollandi gekk andstæðingum ESB hins vegar ekki jafn vel. Samkvæmt útgönguspám fékk frelsisflokkurinn ekki nema 12,2 prósent, en fékk 17 prósent í Evrópuþingskosningum þar í landi fyrir fimm árum.

„Sannleikurinn er sá að útgönguspárnar eru vonbrigði,“ sagði Geert Wilders, leiðtogi Frelsisflokksins.

Kosningar til Evrópuþingsins halda áfram í aðildarríkjum ESB í dag og á morgun. Efasemdarflokkurinn hafði verið spáð óvenju miklu fylgi, víða allt að fjórðungi eða jafnvel þriðjungi atkvæða.



FAGNAR Leiðtogi Breska sjálfstæðisflokksins brá sér á pöbblinn í gær og fékk sér einn í tilefni sigursins. FRÉTTABLAÐIÐ/VAP

Prostor markisur og aukahlutir

Par sem ferðalagið byrjar

Korputorg
112 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opið mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16

TILBOÐ HELGARINNAR!

BROIL KING GASGRILL

**20%
afsláttur**

**AÐEINS UM
HELGINA!**

Broil King®
Kanadísk hágcæðagrill



20% afsláttur
84.700 kr
~~105.900~~

SIGNET 20
3 ryðfrír brennarar:
Dual Tube 11,4 kW/h
Rafstýrður kveikjari
Grillgrind úr pottjárni
Postulínshúðuð
vermigrind
Grillflötur: 38 x 67 cm
Hitamælir í loki

Broil King
Great Barbecues Every Time



20% afsláttur
62.900 kr
~~78.800~~

Broil King
Great Barbecues Every Time
Gasgrill Broil King Monarch 320
3 ryðfrír brennarar: Dual Tube 8,8 kW/h
Grillflötur: 37,5 x 57,25 cm.
Hitamælir í loki
3000603



20% afsláttur
119.900 kr
~~149.900~~

Broil King
Great Barbecues Every Time
Gasgrill Broil Baron 590
5 ryðfrír brennarar: Dual Tube 13,2 kW/h. 2,7
kW/h Hliðarhella. Grillflötur: 44 x 81,28 cm.
Hitamælir í loki
3000601

Háprýstidæla C105 6-5
105 bar, kapall og slanga 5 m, 440 ltr/klst.
5254249

Rafmagnssláttuvél
13.995 kr
~~IKRA 1200W~~



Háprýstidæla
10.995 kr
~~14.995~~



STJÚPUSPRENGJA

**Stjúpur 10 stk
blandaðir litir**

999 kr

verð áður 1.290



Margarita
799 kr
verð áður 1.590
12 cm pottur

Sýpris
999 kr
1.990

RÆKTUM Í MATINN
Skútuvogi í dag kl. 13-18
Kynning á handbók
Blómavals um ræktun
matjurta.

Matjurtaplönturnar komnar
Kryddjurtir ný sending

Ávaxtatré
4.990 kr
Epla, peru, plómu,
kirsuberja

Gómsætt úr garðinum
1.990 kr



ÖLL REIÐHJÓL

**20%
afsláttur**

**AÐEINS UM
HELGINA!**

AUTHOR TROPHY
26", 18 gíra
Shimano Revoshift
3899987



AUTHOR
evrópak gæði

20% afsláttur
26.320 kr
~~32.900~~


blómaval



HÚSAMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

17.05.2013 → 23.05.2013



Lögum um fiskeldi breytt: Auknar kröfur um rannsóknir

SJÁVARÚTVEGUR Umsóknarferli vegna starfs- og rekstrarleyfa fiskeldisfyrirtækja hefur verið einfaldað og auknar kröfur gerðar til rannsókna á umhverfi fiskeldis. Þessar breytingar voru gerðar á fiskeldislögum í síðustu viku.

Fyrirtæki í sjókvíaelði munu greiða árgjald í umhverfissjóð sem kostar meðal annars rannsóknir vegna burðarþolsmats „Rannsóknir á burðarþoli fjarða eru nú afar brýnt verkefni vegna vaxtar í fiskeldi og hefur skortur á rannsóknum haft hamlandi áhrif á greinina,“ segir Guðbergur Rúnarsson hjá Landssambandi fiskeldisstöðva.

Tollkvóti á nautakjöti opinn: Hækkun heima breytir engu um tollkostnað

TOLLAMÁL Tollkvóti vegna innflutnings á nautakjöti hefur verið opinn síðan í lok febrúar á þessu ári.

Þetta kemur fram í frétt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis vegna umræðu um málið. Það hefur þau áhrif að verðhækkun á innlendu nautakjöti hefur engin áhrif á innflutningsverðið.

Innflytjendur geta flutt inn nautakjöt gegn greiðslu á ákveðnum tolli, sem er 45 prósent af þeim magntolli sem leggjast myndi á kjötið ef tollkvótinn væri ekki opinn. Auk þess legðist þá á 30 prósent verðtollur.

ÁRÉTTING

Vinstri græn í Reykjavík vilja taka fram að flokkurinn hafi aldrei talað fyrir einkavæðingu í skólakerfinu, og því sé ekki rétt sem fram kom í fréttaskýringu í Fréttablaðinu í gær að allir flokkar telji eðlilegt að boðið sé upp á einkarekna skóla.

Segja ummæli oddvita um múslima vart svaraverð

Oddvitar framboða í Reykjavík fordæma ummæli oddvita Framsóknarflokksins um múslima og moskubyggingu. Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir telur ekki rétt að leyfa byggingu mosku á meðan hér sé Þjóðkirkja.

KOSNINGAMÁL Oddvitar fyrir borgarstjórnarkosningar í Reykjavík eru sammála um að ummæli Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, oddvita Framsóknarflokksins, séu vart svaraverð.

Sveinbjörg sagði í gær að hún teldi að afturkalla ætti úthlutun lóðar til byggingar mosku í Sogamýri í Reykjavík. Hún sagði að á meðan Þjóðkirkja væri á Íslandi væri ekki rétt að byggja hér moskur.

Hreiðar Eiríksson, fimmti maður á lista Framsóknarflokksins í Reykjavík, hefur dregið stuðning sinn við framboðið til baka vegna ummæla Sveinbjargar. Enginn oddvitanna sem rætt var við segir koma til greina að draga lóðarúthlutun Reykjavíkurborgar til moskubyggingar til baka.

„Þetta er örvæntingarfull leið til þess að afla atkvæða á síðustu dögum kosningabaráttunnar. En maður stýrir ekki borg með því að mismuna fólki eftir trúarskoðunum,“ segir Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík.

Sóley Tómasdóttir, oddviti Vinstri grænna, segir umæli Sveinbjargar furðuleg. „Þetta er undarleg afstaða á 21. öldinni í samfélagi þar sem trúfrelsi og mannréttindi eiga að vera virt.“

Halldór Auðar Svansson, kapteinn Pírata í Reykjavík, segir mikilvægt að gæta jafnréttis meðal trúfélaga, múslima jafnt sem annarra. S. Björn Blöndal segir ummælin dæma sig sjálf. Bæði Björn og Halldór, kapteinn Pírata, telja að ekki ætti að skylda sveitarfélög til að úthluta trúfélögum lóðum þeim að kostnaðarlausu. Trúfélög ættu að sjá um slíkt sjálf.

Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins, tók í sama streng og aðrir oddvitar og sagði mikilvægt að trúfrelsi væri virt.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, vildi ekki tjá sig um ummæli Sveinbjargar. Hvorki náðist í Sigurð Inga Jóhannesson, varaformann Framsóknarflokksins, né Eygló Harðardóttur jafnréttismálaráðherra vegna málsins. ingvar@frettabladid.is



SVÍNSHÖFUD Borgarstarfsmenn þurftu að hreinsa upp svínshöfuð sem dreift var á fyrirhugaða byggingarlóð í Sogamýri í Reykjavík síðastliðinn vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

→ Ummælin ekki líkleg til vinsælda

Sverrir Agnarsson, formaður Félags múslima á Íslandi, sagði að þessi umræða kæmi honum ekki á óvart. „Það eru um fjögur þúsund manns í hópi á Facebook gegn byggingu mosku í Reykjavík.“ Hann bætti þó við að hann teldi þessi ummæli ekki líkleg til vinsælda. „Þegar svínshöfðum var dreift á fyrirhugaða byggingarlóð mosku fundum við fyrir mikilli samúð.“ Sverrir bendir einnig á að sé þetta stefna Framsóknarflokksins hljóti hann að þurfa að endurskoða aðild sína að Samtökum frjálslyndra flokka í Evrópu.



→ Rangfærslur Sveinbjargar

Í viðtali við Vísir.is í gær fór Sveinbjörg rangt með fjölda atriða. Sveinbjörg hélt því fram að hún væri eini frambjóðandinn á lista í Reykjavík sem búið hefði í erlendis. Hið rétta er að frambjóðendur úr flestum ef ekki öllum flokkum hafa búið erlendis. Sveinbjörg sagði einnig að engar kirkjur væru í Abu Dhabi. Fjöldi kirkna er í Abu Dhabi. Kirkjur eru í öllum löndum múslima nema Sáði-Arabíu. Sveinbjörg sagðist einnig ekki vera á móti byggingu bænahúsa múslima í Reykjavík, einungis mosku. Múslimar gera engan greinarmun á bænahúsi og mosku. Samkvæmt orðabók er moska bænahús múslima.



15%
afsláttur af Nicorette Fruitmint
Allar pakningastærðir og allir styrkleikar


105 mg
2 mg

nicorette
fruitmint

Gildir til 30. maí 2014

Lyf & heilsa

Veðurspá



VÆTA MEÐ KÖFLUM um vestanvert landið en yfirleitt bjart á austurhluta landsins. Áfram milt í veðri og gæti hitinn náð 16 stigum á Norðausturlandi í dag.

Elísabet Margeisdóttir
veðurfréttamaður

Nýtt kortatímabil

KRINGLUKAST

FIMMTUDAG TIL MÁNUDAGS

OPIÐ 10-18 Í DAG



NÝJAR VÖRUR

20-50%

AFSLÁTTUR

Kringlan

kringlan.is

facebook.com/kringlan.is

Opið laugardag 10-18 | sunnudag 13-18

AF ÖLLU HJARTA

NOTAÐIR BÍLAR



Verð: 7.850.000,- kr.



Mercedes Benz GLK 220 CDI | 170 hö Diesel

Nýskráður: Október 2012 | Ekinn: 23.000 km.

Leðurinnrétting, 17" álfelgur, skyggðar rúður, krómpakki að utan, álbogar á toppi, dráttarkrókur, fjarlægðarskynjarar að framan og að aftan. Þetta er umboðsbíll í ábyrgð.



Verð: 8.950.000,- kr.



Mercedes Benz ML 63 AMG Bensín

Nýskráður: Júní 2007 | Ekinn: 63.000 km.

Leðurinnrétting, 20" AMG álfelgur, bakkmyndavél, 511 hestöfl, Xenon ljós, bluetooth símkerfi, Harman Kardon hljóðkerfi, aðgerðarstýri, sóllúga, lykllaust aðgengi, cruise control. Þetta er umboðsbíll - hlaðinn búnaði.



Verð: 10.900.000,- kr.



Range Rover Evoque Dynamic | 190 hö Diesel

Nýskráður: Mars 2013 | Ekinn: 17.000 km.

Leðurinnrétting, 20" álfelgur, panorama sóllúga, Meridian hljóðkerfi, Xenon og Led aðalljós, aðgerðarstýri, cruise control, bakkmyndavél, fjarlægðarskynjarar, bluetooth símkerfi, rafdrifnir speglar, regnskynjari, hiti í sætum, framrúðu og stýri. Þetta er umboðsbíll í ábyrgð.



Verð: 8.950.000,- kr.



Volkswagen Touareg | 245 hö Diesel

Nýskráður: Apríl 2011 | Ekinn: 51.000 km.

Leðurinnrétting, 18" álfelgur, Xenon ljós og led ljós- fjarlægðarskynjarar, aðgerðarstýri, bluetooth símkerfi, cruise control, rafdrifnir dráttarkrókur, lykllaust aðgengi, Dynaudio hljóðkerfi, hiti í sætum, þokuljós, þakbogar, viðarlistar á innréttingu. Þetta er umboðsbíll

Bilabúð Benna
Sérfræðingar í bilum

Bilabúð Benna • Notaðir bílar
Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík
Sími: 590 2035 • www.benni.is

Opið virka daga frá 10:00 til 18:00
Opið á laugardaga frá 12:00 til 16:00

Taílenski herinn vill stjórnkerfisbreytingar áður en boðað verði til kosninga: Yíngluck handtekin í Taílandi

TAÍLAND Yíngluck Shinawatra, fyrrverandi forsætisráðherra Taílands, var handtekin í gær ásamt fleiri ráðherrum stjórnar hennar.

Herforingjastjórnin, sem tók öll völd í landinu á fimmtudag, kallaði um það bil hundrað manns á sinn fund í gær, flest hátt setta ráðamenn fyrri stjórnar en einnig nokkra forsprakka stjórnarandstöðunnar.

Tugir þeirra voru enn í haldi þegar liðið var að kvöldi, en að minnsta kosti átta fyrrverandi ráðherrum hafði þó verið sleppt.

Prayuth Chan-ocha yfirherforingi kallaði á sinn fund ædstu embættismenn landsins og sagði þeim að áður en hægt yrði að efna til kosninga í landinu yrði að gera breytingar á stjórnarskránni.

Stjórnarandstæðingar höfðu mánuðum saman krafist afsagnar stjórnar Yínglucks, og tóku ekkert mark á þingkosningum í febrúar. Fyrst vildu þeir stjórnarskrár-breytingar sem tryggðu að ný stjórn kæmist ekki upp með sömu spillingu og stjórn Yínglucks.



YFIRHERFORINGINN Prayuth Chan-ocha fer með völdin í Taílandi núna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



KVENNAFANGELSIÐ Í KÓPAVOGI Hjördís Svan hefur sótt um að fá að afplána fangelsisdóm sinn á Íslandi og mun þá að öllum líkindum afplána hann í Kvennafangelsinu í Kópavogi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hjördís Svan afplánar í íslensku fangelsi

Hjördís mun ekki áfrýja dómi danskra dómstóla en hún var dæmd í 18 mánaða fangelsi. Lögmaður Hjördísar segir hana vilja vera nær dætrum sínum á Íslandi og berjast fyrir því að þær verði ekki sendar úr landi til föður síns í Danmörku.

DÓMSMÁL Lögmaður Hjördísar Svan Aðalheiðardóttur í Danmörku, Thomas Berg, segir samning milli Danmerkur og Íslands tryggja að Hjördís geti afplánað dóm sinn á Íslandi.

Hjördís hefur því ákveðið að áfrýja ekki átján mánaða fangelsisdómi danskra dómstóla.

Thomas segir að sótt hafi verið um flýtimeðferð hjá dönskum yfirvöldum og vonar hann að flutningurinn geti farið fram eftir eina til tvær vikur.

Það getur tekið fjóra til fimm mánuði að áfrýja málinu til hæstaréttar í Danmörku og Thomas segir Hjördísi ekki hafa þann tíma.

„Hún vill komast til Íslands og berjast gegn því að dæturnar fari aftur út til föður síns. Fangelsisdómur er ekki stærsta áhyggjuefni Hjördísar, heldur öryggi barnanna hennar,“ segir Thomas.

Hann bætir við að ef Hjördís hefði áfrýjað málinu í Danmörku

hefði rannsókn mála um meint brot barnsföður gegn börnunum frestast.

„Eftir að íslensk sálfræðiskýrsla, sem var tekin af stúlkunum, var tekin til greina hér í Horsens var málið gegn föðurnum tekið upp að nýju. Þetta er sama skýrsla og íslenskir dómstólar litu fram hjá þegar stúlkurnar voru dæmdar til að fara aftur til þabba síns.“

Héraðsdómur Reykjavíkur fyrirskipaði afhendingu stúlkunnar til föður síns. Þeim dómi hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar sem mun taka málið fyrir á næstu vikum. Stúlkurnar voru dæmdar til að gangast undir sex vikna sálfræðimeðferð til að auðvelda þeim flutninginn til Danmerkur.

Stúlkurnar hafa verið hér á landi frá því í ágúst síðastliðnum og búa hjá fjölskyldu Hjördísar.

Hjördís hefur setið í gæsluvarðhaldi í Danmörku frá því í byrjun

Fangelsisdómur er ekki stærsta áhyggjuefni Hjördísar, heldur öryggi barnanna hennar.

Thomas Berg,
lögmaður Hjördísar.

febrúar, en hún var dæmd fyrir brot á umgengnisrétti yfir dætrum sínum og ólöglegt brottmál þegar hún fór með þær í leyfisleysi frá Danmörku til Íslands.

Fram hefur komið í Fréttablaðinu að aðstandendur Hjördísar hafi farið á fund innanríkisráðherra, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, og beðið um að öryggi barnanna yrði tryggt kæmu þau til landsins. Ráðherra hefur sagt að loforð hafi verið gefið um að börnin fengju réttláta málsmeðferð eins og þau eiga rétt á, en ekki hafi verið gefið loforð utan valdsviðs ráðherra. erlabjorg@frettabladid.is

Fjármunum skuldaleiðréttingar betur varið í að draga úr skuldum ríkisins:

AGS segir skref tekin í rétta átt

EFNAHAGSMÁL Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) telur að nota hefði mátt þá fjármuni sem fara í skuldaleiðréttingu ríkisstjórnarinnar í önnur áriðandi verkefni eins og að greiða niður skuldir hins opinbera.

Þetta segir Peter Dohlman, yfirmaður sendinefndar AGS. Hann kynnti nýja úttekt sjóðsins á stöðu Íslands á Kjarvalsstöðum í gær.

Þar kom fram að sendinefndin telur að skuldaleiðréttingin muni hafa jákvæð áhrif á efnahag íslenskra heimila og að íslenska hagkerfið sé á réttri leið. Ýmis skref hafi verið tekin í vetur sem hafi leitt til aukins efnahagslegs stöðuleika. Stjórnvöld þurfi hins vegar að halda áfram að takast á við afleiðingar fjármálakreppunnar og meðal annars móta skýra og skynsamlega stefnu um afnám gjaldeyrishafta, enda hafi skilningur manna á umfangi málsins breyst.

Ríkisstjórnin er að mati sjóðsins á réttri leið þegar kemur að lækkun opinberra skulda en AGS telur, eins og áður segir, frekari skuldalækkun nauðsynlega. Þá sagði Peter tillögur ríkisstjórnarinnar í húsnæðismálum skref í rétta átt.

Í yfirlýsingu sendinefndarinnar er einnig bent á að



Á KJARVALSSTÖÐUM Anna Bordon-Rose hagfræðingur og Peter Dohlman, yfirmaður sendinefndar AGS.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

verðbólga sé nú undir verðbólguarmíðum Seðlabanka Íslands en að hún eigi líklega eftir að hækka á næsta ári, meðal annars vegna nýgerðra kjarasamninga. Fyrirhugaðar breytingar á lögum um Seðlabankann muni varðveita sjálfstæði hans og ábyrgð. -hg, fbj

Stórskemmtilegur
ratleikur um allt húsið



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

KARNIVAL
TILBOÐ

★ Í VERSLUN ★

TOYOTA

LEXUS

24. - 25. maí

Í KARNIVALSTUDI

Stórskemmtilegur ratleikur um allt húsið.
Bensínkort frá Olís og aðrir veglegir vinningar í boði.

Valdir bílar á sérstöku Karnival-verði, nýir og notaðir!
Kjörís og blöðrur fyrir krakka.

Sértilboð á aukahlutum og ísetningu.

20% afsláttur af öllum bón- og efnavörum frá Meguiar's.
15% afsláttur af spennubreytum (12/220V) í alla
bíla – bráðnauðsynlegt í ferðalagið.

15% afsláttur af dráttartaugum – maður veit aldrei.
15% afsláttur af startköplum – ekki detta úr stuði.

Opið 12-17 alla Karnivalhelgina.



Toyota Kaptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Sértilboð á aukahlutum
og ísetningu

Sprengjuárás í Sýrlandi: Árás gerð á kosningafund

SÝRLAND, AP Yfir 20 létu lífið og tugir særðust í sprengjuárás á stórt tjald í borginni Daraa, þar sem stuðningsmenn Bashars al Assad forseta voru að undirbúa kosningafund.



BASHAR AL ASSAD

Forsetakosningar verða í Sýrlandi í byrjun júní, þótt ekkert lát sé á borgarastyrjöldinni þar. Í Daraa hófust mótmælin gegn Assad forseta í mars 2011.

Uppreisnin snerist smám saman upp í æ harðari átök og hafa þau kostað hátt á annað hundrad þúsund manns lífið. Þriðjungur þjóðarinnar er flúinn úr landi. -gb

Sala á sænsku ratsjárkerfi: Mútugreiðslur til pólitíkusa

SVÍPÍÓÐ Saksóknara í Aþenu í Grikklandi grunar að fyrirtækin Ericsson og Saab hafi greitt stjórnmaláttönum og embættismönnum mútur þegar gríska ríkið keypti sænsk ratsjárkerfi fyrir nokkrum árum.

Á vef sænska ríkisútvarpsins segir að óskað hafi verið eftir réttaraðstoð frá Svíþjóð þar sem nafn sænsks yfirmanns komi fram í rannsókninni. Hann á að hafa fyrirskipað yfirfærslu upp á milljónir sænskra króna til háttsetts embættismanns í gríska varnarmálaráðuneytinu. -ibs

Flýta á lagningu og hönnun Sundabrautar

Ríkisstjórnin vill flýta undirbúningi að lagningu Sundabrautar. Oddvitar stærstu flokka í Reykjavík gera ekki ráð fyrir að borgin taki þátt í fjármögnun. Oddviti Bjartrar framtíðar segir að skilgreina þurfi þörfina fyrir brúna.

SAMGÖNGUMÁL Ríkisstjórnin samþykkti í gær tillögu Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra um viðræður ríkisins við einkaðila um að hönnun og lagningu Sundabrautar yrði flýtt.



DAGUR B. EGGERTSSON

Hanna Birna Kristjánsdóttir hefur áður sagt við Fréttablaðið að Sundabraut sé góður kostur fyrir einkaframkvæmd. Ökumenn geti valið á milli þess að borga fyrir að aka um Sundabraut eða fara aðra leið.

Lagning Sundabrautar er á stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins. Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, segir því: „Bygging Sundabrautar er góður kostur fyrir einkaframkvæmd því fólk hefði val um hvort það borgi í Sundabraut eða fari aðra leið.“

Halldór telur að lagning Sundabrautar myndi efla iðnað í útjöðrum borgarinnar ásamt því að tengja betur saman hverfi borgarinnar.

S. Björn Blöndal, oddviti Bjartrar framtíðar í Reykjavík, segir



HALLDÓR HALLDÓRSSON



S. BJÖRN BLÖNDAL

málið ekki vera forgangsmál hjá Bjartri framtíð. „Þetta er fyrst og fremst verkefni ríkisins.“

Björn bætir við að mikilvægt sé að skilgreina nákvæmlega hvert hlutverk Sundabrautar eigi að vera. „Þetta er framkvæmd sem þarf að hugsa vel.“ Björn segir þó sjálfsagt að málið verði skoðað.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóraefni Samfylkingarinnar, segist opinn fyrir lagningu Sundabrautar, brúin sé á aðalskipulagi. Dagur gerir ekki ráð fyrir að borgin leggi fé í framkvæmdirnar. „Það hefur alltaf verið gert ráð fyrir að brúin yrði byggð í einkaframkvæmd. Dagur segir þó mikilvægt að ákvarðanir verði teknar í samstarfi við íbúa og ríkið. Hann býst við að funda með innanríkisráðherra á næstu dögum þar sem farið verði yfir málið. ingvar@frettabladid.is



SUNDABRAUT Hér má sjá hvernig Sundabraut gæti mögulega lítið út verði hún lögð. MYND/SIGURÐUR VALUR

30.000

Prjátu þúsund bílar gætu keyrt um Sundabraut daglega árið 2030 samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkurborgar.

5 ÁRA
Ábyrgð
Ótakmarkaður akstur

KAUPTÚNS KARNIVAL
Vekomin í Hyundai Kauptúni
laugardag og sunnudag kl. 12-17

Fyrsti bíllinn á markaðnum
með 4G Wi-Fi tengingu

- 4G Wi-Fi tenging
- ESP stöðugleikastýring
- ABS hemlar með EDB hemlajöfnun
- 6 loftpúðar
- Upphituð sæti og leðurstýri
- Aksturstölva
- Þokuljós
- ISO-fix barnabílastólafestingar

Hyundai i10 - eldsneytisnotkun: 4,7 l/100 km í blönduðum akstri

4G Wi-Fi

Kaupauki!

Nýr iPad Mini fylgir öllum nýjum Hyundai i10 4G Wi-Fi

Síminn
Hyundai i10 er tengdur dreifikerfi Símans um land allt

Minnsti skemmtistaður í heimi
Nýr Hyundai i10 4G Wi-Fi
Verðlaunabíll frá 1.990.000 kr.

Nýr Hyundai i10 hefur unnið til 10 verðlauna á síðastliðnum fjórum mánuðum og er án efa einn skemmtilegasti smábíllinn á markaðnum. Með fullkominni 4G Wi-Fi tengingu geta farþegar auðveldlega breytt i10 í minnsta skemmtistað í heimi og sent beint frá skemmtilegum bíltúr með góðum vinum. Gerðu eitthvað skemmtilegt!

Nýi bíllinn er Hyundai

GE bílar Reykjanesbæ www.bilahusid.is 420 0400	Bílasalan Bílás Akranesi www.bilas.is 431 2622	Bílasala Akureyrar Akureyri www.bilak.is 461 2533	Bílaverkstæði Austurlands Egilsstöðum www.bva.is 470 5070	IB ehf. Selfossi www.ib.is 480 8080
--	--	---	---	---

HYUNDAI NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.
Hyundai – Kauptúni 1 – Beint á móti IKEA – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

Umhverfsvottuð hestöfl

Aníta er hestakona. Gammur er hestur. Á Gammi kemst Aníta í tengsl við náttúruna. Gammur kann að meta það. Stundum langar þau að komast fjær hestúsinu. Þá þarf bíl og ólíkt Gammi þarf bíllinn olíu. Þess vegna eru Aníta og Gammur ánægð með ISO-vottaðar stöðvar N1 sem bjóða upp á jákvæðari orku – VLO-blandaða díselolíu sem minnkar útblástur og eykur endingu vélarinnar.

Það er stórt skref í átt að umhverfsvænni þjónustu.



ÍST ISO 14001

Hjá N1 eru níu þjónustustöðvar og eitt hjólbarðaverkstæði ISO-umhverfsvottaðar starfsstöðvar – og það eru fleiri á leiðinni.

CH₄

Þjónustustöð N1 á Bíldshöfða býður öikumönnum umhverfsvænt íslenskt metan.



Vetnisblönduð lífræn olía dregur úr útblæstri koltvísýrings. Hún er í boði á flestum af 98 útsölustöðum N1.

1000 km

Í ágúst ætlar Aníta að ríða 1.000 km yfir sléttur Mongólíu og safna fé fyrir Barnaspítalasjóð Hringins og Cool Earth verkefnið. N1 óskar henni góðrar ferðar.

Hluti af umhverfinu





Inntökupróf í Lagadeild HÍ

Inntökupróf í Lagadeild Háskóla Íslands fyrir grunnnám í lögfræði haustið 2014 verður haldið í Reykjavík föstudaginn 13. júní 2014.

Umsóknarfrestur er til og með 5. júní og sótt er um rafrænt á heimasíðu HÍ www.hi.is. Allir þeir sem skrá sig til náms við Lagadeild HÍ verða sjálfkrafa skráðir í inntökuprófið að uppfylltum inntökuskilyrðum.

Umsækjendur skulu hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Lokapróf frá frumgreinadeild Keilis (háskólabrú) telst sambærilegt stúdentsprófi. Umsækjendur skulu skila inn staðfestu afriti af stúdentsprófsskirteini eða rafrænu stúdentsprófsskirteini úr Innu til Nemendaskrár HÍ, Háskólatorgi, Sæmundargötu 4, 101 Reykjavík eigi síðar en **5. júní**.

Nánari upplýsingar um inntökuprófið verða sendar próftakendum eftir að skráningu er lokið.

Inntökuprófið er eitt próf sem tekur 3 ½ tíma. Niðurstaðan úr inntökuprófinu gildir 80% og meðaleinkunn á stúdentsprófi gildir 20%. Þeir 150 nemendur sem bestum árangri ná, fá rétt til náms í Lagadeild HÍ á haustmisseri 2014.

Þeir sem ekki öðlast rétt til náms í Lagadeild, eiga þess kost að skrá sig í nám við aðrar deildir HÍ til 1. ágúst.

Umsækjendur eru hvattir til að kynnar sér nánari upplýsingar um prófið og dæmi um prófspurningar sem finna má á heimasíðu Lagadeildar, www.lagadeild.hi.is.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
LAGAÐEILD

www.hi.is



RÚSTIR Í ÚKRAÍNU Íbúi í þorpinu Semjonovka, skammt frá borginni Slovjansk, gengur fram hjá húsi sem eyðilagðist í sprengjuárás. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pútín lofar að virða kosningarnar

Átök í austanverðri Úkraínu kostuðu tugi manna lífið í gær. Forsetakosningar verða haldnar á morgun og þykir auðkýfingurinn Petro Porosjenkó sigurstranglegastur.

ÚKRAÍNA Vladímír Pútín Rússlandsforseti hét því í gær að virða úrslit forsetakosninganna í Úkraínu, sem haldnar verða á morgun. Hann sagðist vilja frið í Úkraínu og hvatti enn á ný stjórnina í Kænugarði til þess að ræða við uppreisnarmenn í austanverðu landinu.

Hann viðurkendi jafnframt að refsiaðgerðir Vesturlanda vegna afstöðu Rússa gagnvart Úkraínu væru farnar að bita. Rússneskt efnahagslíf hefði beðið skaða af. Hann sagðist vonast til þess að ná að bæta tengsl Rússlands við Vesturlönd, bæði Bandaríkin og aðildarríki Evrópusambandsins, en þau tengsl hafa verið harla stírt undanfarið.

Á hinn bóginn sakaði hann Vesturlönd alfarið um að eiga sökina á „ringulreiðinni og borgarastyrjöldinni“ í Úkraínu. Rússland ætti þar enga sök. Rótin að ólgunni lægi í því að leiðtogar Vesturlanda hefðu stutt uppreisnarmenn sem gerðu stjórnarbyltingu gegn Viktor Janúkovítsj forseta. „Þeir studdu stjórnarbyltinguna og steyptu landinu út í glundróða, og nú reyna þeir að koma sökinni á okkur og láta okkur hreinsa til eftir sig,“ sagði Pútín á ráðstefnu fjárfesta í Pétursborg í gær.

20 Yfir tuttugu sækjast eftir forsetaembættinu í Úkraínu.

Rúmlega tuttugu frambjóðendur sækjast eftir forsetaembættinu í Úkraínu, en sigurstranglegastur þykir auðkýfingurinn Petro Porosjenkó, sem er á bandi Vesturlanda frekar en Rússlands. Næstmest fylgi virðist ætla að fara til Júliu Tímosjenkó, fyrrverandi forsætisráðherra, sem sat í fangelsi þangað til henni var sleppt úr haldi í vetur.

Fái enginn frambjóðenda hreinan meirihluta verður efnt til annarrar umferðar forsetakosninganna innan fárra vikna. Ljóst þykir samt að sigurvegari kosninganna komi úr röðum þeirra sem ekki vilja styrkja tengslin við Rússland.

Hörð átök brutust út í gær skammt frá þorpinu Rúbísjne í austanverðu landinu og kostuðu meira en tuttugu manns lífið. Varnarmálaráðuneyti Úkraínu segir að þar hafi allt að fimm hundruð uppreisnarmenn ráðist á liðsmenn stjórnarhersins. Ráðuneytið segir að allir hinir látnu séu úr röðum uppreisnarmanna. gudsteinn@frettabladid.is

Vissir þú að...

bannafer að mismuna börnum eftir því hvort foreldrar þeirra gera.



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Rúmfatalagerinn

er með frábær garðhúsgögn af mörgum gerðum og í margs konar litum. Þú finnur alveg örugglega stílinn og gæðin sem henta þér, því í úrvali okkar má finna allt frá góðum plathúsgögnum til úrval harðviðar- og tekkhúsgagna. Við erum stolt af því að öll harðviðarhúsgögn okkar eru gerð úr FSC-vottuðum viði. Það er trygging þín fyrir því að þú styðjir sjálfbæra skógrækt. FSC vottun merkir að skógurinn sem tréð er úr er skoðaður af óháðum aðilum og metinn samkvæmt þeim umhverfislegu, félagslegu og hagrænu reglum og viðmiðum sem Forest Stewardship Council setur ábyrgri skógrækt. FSC eru alþjóðleg samtök sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og þar vinna umhverfissamtök, framfarasinnaðir eigendur skóga og fyrirtæki saman að því að bæta eftirlit með skógum heimsins.



**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGID • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

Gleðilegan Golf dag!



Við kynnum nýjustu Golf bílana í HEKLU í dag milli kl. 12 og 16.
Komdu og gerðu þér glaðan dag með okkur.

Sérútbúnir bílar hlaðnir aukabúnaði verða til sýnis ásamt Golf GTI og Golf R – hraðskreiðasta Golf sem framleiddur hefur verið. Rjúkandi kaffi frá Kaffitári, kex, gos, safi og blöðrur verða í boði og yngri kynslóðin getur tekið snúning í veltibílnum vinsæla. Láttu það eftir þér að renna við, þiggja hressingu og koma í reynsluakstur á **Volkswagen Golf**.



Das Auto.

HAGNAÐUR AF REKSTRI A-HLUTA 2013

3.007 milljónir

SKULDIR SAMTALS 2013

62.204 milljónir

SKULDIR SEM HLUT-FALL AF TEKJUMÁRIÐ 2009 | ÁRIÐ 2013
330% | 220%

Þriðja skuldugasta sveitarfélagið

Pótt markvisst hafi verið unnið í því að greiða niður skuldir Orkuveitu Reykjavíkur er Reykjavíkurborg enn þriðja skuldugasta sveitarfélag landsins. Sjálfstæðisflokkurinn hefur það á stefnuskrá sinni að lækka skatta og gjöld, en aðrir flokkar telja ekki svigrúm til að lækka álögur.

Brjann Jónasson

brjann@frettabladid.is



Sjá má ákveðinn samhlóm í stefnu flestra stóru framboðanna í Reykjavík í stefnumálum þeirra tengdum fjárhagsstöðu borgarinnar. Aðeins Sjálfstæðisflokkurinn hefur það beinlínis á stefnuskrá sinni að lækka álögur á borgarbúa, en forsvarmenn annarra framboða telja ekki svigrúm til þess að svo stöddu.

Reykjavíkurborg er þriðja skuldugasta sveitarfélag landsins þrátt fyrir að góður árangur hafi náðst í því að koma böndum á skuldir Orkuveitu Reykjavíkur á kjörtímabilinu. Heildarskuldir borgarinnar hafa minnkað um 30 prósent að raungildi frá árinu 2009.

Helsta skýringin á lækkandi skuldum borgarinnar eru aðgerðir sem lagt var í til að bjarga Orkuveitunni, segir Sigurður Jóhannesson, hagfræðingur hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Þá hefur styrking á raungengi krónunnar einnig hjálpað til við að lækka skuldirnar miðað við innlent verðlag, enda skuldir Orkuveitunnar að mestu í erlendri mynt.

Í lok árs 2009 voru heildarskuldir borgarinnar um 330 prósent af tekjum. Hlutfallið hefur lækkað jafnt og þétt og var komið niður í 220 prósent í lok síðasta árs, segir Sigurður. Hann bendir á að þrátt fyrir þessa miklu lækku sé borgin enn langt frá því lögfasta markmiði að skuldir verði ekki meira en 150 prósent af tekjum. Orkufyrirtæki séu raunar undanskilin, en það væri í samræmi við anda laganna að halda þeim undir 150 prósentum að þeim meðöldum.

Þegar rekstur Orkuveitunnar og

annarra fyrirtækja borgarinnar er tekinn út fyrir sviga og aðeins er skoðaður sá hluti rekstrar borgarinnar sem fjármagna á með skattfé er staðan ekki slæm, segir Sigurður. Halli á rekstri borgarinnar, án fyrirtækja, var tæpir þrjú milljarðar árið 2011, lítilsháttar halli var árið eftir, en í fyrra var um þriggja milljarða afgangur af rekstri borgarinnar án fyrirtækja.

„Skuldahlutfall borgarinnar, án fyrirtækja, hefur haldist nokkuð stöðugt frá árinu 2010, og hefur verið um 80 prósent,“ segir Sigurður. Hann segir að hlutfallið sé víða hærra, en í öðrum sveitarfélögum hafi þróunin á kjörtímabilinu almennt verið að þetta hlutfall hafi lækkað.

Vextir eru almennt mjög lágir um þessar mundir og því kostar ekki sérstaklega mikið að skulda. Það gæti þó breyst stefni í nýtt góðæri og hækkandi vexti, og því mikilvægt fyrir borgina að nýta svigrúm til að greiða niður skuldir, segir Sigurður. Þó verði einnig að líta til þess að stundum sé hægt að réttlæta skuldsetningu með fjárfestingum sem skila munu tekjum í framtíðinni, en ákvæði laga frá 2011 um skuldir sveitarfélaga setja lánþökum þeirra þröngur skorður.

Fjárhagurinn á góðri leið

Fjárhagsstaða borgarinnar er á góðri leið, lán borgarinnar eru borguð hraðar niður en ráð var fyrir gert og fjármálastjórnin á síðasta kjörtímabili hefur verið ábyrg, segir S. Björn Blöndal, oddviti Bjartrar framtíðar í borginni.

Lítið er fjallað um fjármál borgarinnar í stefnu flokksins, en Björn segir mikilvægt að halda áfram að borga niður skuldir. Sérstaklega miklu skiptir að vel takist til að greiða niður skuldir Orku-

veitu Reykjavíkur, og vel hægt að sjá fyrir sér að einhverjar aðgreiðslur geti komið frá fyrirtækinu, segir Björn.

„Útsvarið þarf að standa undir margs konar útgjöldum, en það er okkur ekki keppikefli að halda því í botni. Við erum vel tilbúin til að skoða lækku á útsvari og gjaldskrá ef svigrúm skapast,“ segir Björn.

Hann segir að vinna verði markvisst í því að búa til það svigrúm, og ekkert bendi til þess að hægt verði að lækka útsvar eða gjaldskrár borgarinnar næstu tvö árin.

Skera niður hjá yfirstjórninni

Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, segir að staðan í fjármálum borgarinnar sé ekki nógu góð. Sérstaklega sé afgangur af rekstri mun lægri en æskilegt væri.

Sjálfstæðisflokkurinn er með það á stefnuskrá sinni að skera niður í rekstri borgarinnar, og mun hefja þann niðurskurð hjá yfirstjórninni. „Fitulagið hefur fengið að safnast fyrir á kjörtímabilinu,“ segir Halldór. Þá segir hann að hagræða megi með því að auka útbót og gera stofnanir sjálfstæðari.

Hann segir frambjóðendur flokksins vilja vinna að því að auka tekjur borgarinnar með metnaðarfullri stefnu í atvinnulífinu til að fá ný fyrirtæki til borgarinnar. Þá skipti lóðamál miklu til að auka tekjur bæði frá fyrirtækjum og nýjum Reykvik-ingum.

Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að lækka útsvar og fasteignaskatta en Halldór segir ekki ljóst hversu mikið verði hægt að lækka þessar álögur á borgarbúa. Hann segir að það muni ráðast af þeim

árangri sem hægt sé að ná við hagræðingu í rekstri borgarinnar.

„Við viljum viðhalda góðu þjónustustigi og ætlum ekki að skerða þjónustu. Við munum leggja okkur fram við að hækka ekki gjöld fyrir þjónustu borgarinnar,“ segir Halldór. Hann segir að gengið hafi verið langt í hækkunum á gjaldskrá, sérstaklega hjá Orkuveitu Reykjavíkur, og segir flokkinn ekki ætla að hækka gjaldskrár.

Reksturinn verið í járnnum

Stóru verkefni á síðasta kjörtímabili voru að ná utan um fjármál Orkuveitu Reykjavíkur og rekstur borgarinnar og hvort tveggja tókst, segir Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík.

Hann segir að sett hafi verið met í niðurgreiðslu skulda og halda verði áfram á þeirri braut á næsta kjörtímabili. „Rekstur borgarinnar hefur verið í járnnum og það hefur þurft að spara mikið allt kjörtímabilið.“

„Þegar horft er á heildarmyndina er hagkvæmast fyrir fjölskyldur að búa í Reykjavík,“ segir Dagur. Hann segir ekki svigrúm til að lækka útsvarið. Frekar sé hægt að lækka gjaldskrár með auknum systkinaafsláttum, enda hafi það sýnt sig að fjölskyldur með fleiri en eitt barn eigi erfiðast með að ná endum saman.

Vilja opna bókhaldið upp á gátt

Ekki er svigrúm fyrir aukin útgjöld hjá borginni að svo stöddu, en útlit er fyrir að staðan verði orðin bærileg eftir nokkur ár, gangi áætlanir eftir, segir Halldór Auðar Svansson, oddviti Pírata í Reykjavík.

Stefna Pírata sem snýr að fjármálum borgarinnar snýst aðallega

um að opna bókhald borgarinnar og fyrirtækja hennar. Eitt af því sem ætti að gerast í framhaldinu er aukið aðhald og þar af leiðandi ætti að draga úr útgjöldum, segir Halldór.

Þjónustugjöldin við þölmörk

„Staðan í borginni er ágæt, og það er ljóst að sparnaðaraðgerðir hafa skilað einhverju,“ segir Sveinbjörg B. Sveinbjörnsdóttir, oddviti Framsóknar og flugvallarvina.

Flokkurinn hefur ekki mótað sér stefnu í þessum málaflökki en Sveinbjörg segir þó ljóst að það sé ekki svigrúm til að lækka útsvar eða þjónustugjöld borgarinnar. Þar sé þó heldur ekki möguleiki á að hækka gjöldin, enda séu þjónustugjöldin komin að þölmörkum.

Menntun og velferð í forgang

„Við stefnum á ábyrgan rekstur borgarinnar,“ segir Sóley Tómasdóttir, oddviti Vinstri grænna í Reykjavík. Hún segir flokkinn leggja mikið upp úr því að auka aðkomu borgarbúa að fjárlaga-gerðinni.

Vinstri græn vilja forgangsraða þannig að menntamál og velferðarmál séu sett í forgang. Þá vill flokkurinn auka gagnsæi í fjármálum borgarinnar og bæta aðgengi borgarbúa að upplýsingum. „Borgarsjóður er fyrst og fremst sameiginlegur sjóður borgarbúa og við viljum að hann nýtist með sem sanngjörnum hætti í þjónustu sem allir eiga að njóta,“ segir Sóley.

Í stefnuskrá flokksins segir enn fremur að flokkurinn ætli að halda áfram að innleiða kynjaða starfs- og fjárhagsáætlunargerð og taka upp græna starfs- og fjárhagsáætlunargerð sem byggist á samskonar hugmyndafræði.



BÓNORÐIN 7

ARMORÁLL
GÆÐA VARA
Bilanaust
SHIELD

REYKJAVÍK, Bildshöfða 9,
KÓPAVOGUR, Smiðjuvegi 4a, græn gata
HAFNARFJÓRÐUR, Dalshrauni 17
REYKJANESBÆR, Krossmóa 4, SELFÖSS, Hrísmýri 7
AKUREYRI, Furuvöllum 15, EGILSSTAÐIR, Lyngás 13
www.bilanaust.is | Sími: 535 9000

Bilanaust
Gæði, reynsla og gott verð!

Píratar

Píratar vilja opna bókhald borgarinnar og fyrirtækja hennar sem ætti að leiða af sér minnkandi útgjöld.



Það er ekki svigrúm fyrir aukin útgjöld hjá borginni að svo stöddu.
Halldór Auðar Svansson.

Samfylkingin

Samfylkingin vill halda áfram að greiða niður skuldir borgarinnar á næsta kjörtímabili.



Þegar horft er á heildarmyndina er hagkvæmast fyrir fjölskyldur að búa í Reykjavík.
Dagur B. Eggertsson.

Sjálfstæðisflokkurinn

Sjálfstæðisflokkurinn vill skera niður í rekstri borgarinnar og lækka álögur á borgarbúa.



Fitulagið hefur fengið að safnast fyrir á kjörtímabilinu.
Halldór Halldórsson.

Framsókn

Ekki er svigrúm til að lækka útsvar eða þjónustugjöld, þótt gjöldin séu komin að þölmörkum.



Staðan í borginni er ágæt, og það er ljóst að sparnaðaraðgerðir hafa skilað einhverju.
Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir.

Vinstri grænir

Vinstri græn vilja forgangsraða þannig að menntamál og velferðarmál verði sett í forgang hjá borginni.



Við stefnum á ábyrgan rekstur borgarinnar.
Sóley Tómasdóttir.

Björt framtíð

Björt framtíð telur mikilvægt að halda áfram að borga niður skuldir borgarinnar og Orkuveitu Reykjavíkur.



Við erum vel tilbúin til að skoða lækku á útsvari og gjaldskrá ef svigrúm skapast.
Björn Blöndal.



Urriðaholt – ný hugsun í nýju hverfi

Urriðaholt í Garðabæ er einstakt af náttúrunnar hendi, með óviðjafnanlegu útsýni og fjölbreyttum útivistarmöguleikum.

Skipulag Urriðaholts hefur unnið til fjölda viðurkenninga sem metnaðarfullt verkefni á sviði samfélags- og umhverfismála. Ný hugsun felur í sér áherslu á aðlaðandi borgarumhverfi og fjölbreytt mannlíf í samspili við náttúruna.

- Skjólsæl íbúðabyggð sem snýr móti sól og að Urriðavatni.
- Verslanir og þjónusta í göngufæri.
- Einstakt útsýni.
- Möguleikar til útiveru með því besta sem þekktist, golf og gönguleiðir.
- Fimm víra dreifikerfi rafmagns.

- Umhverfisvernd í fyrirrúmi með áherslu á sjálfbærni Urriðavatns.
- Samgöngur eru óvíða jafn greiðar.
- Garðabær er þekktur fyrir metnaðarfullt skólastarf og þjónustu við íbúa.

Nánar á urridaholt.is



Náttúran er allt um kring í Urriðaholti og skipulagið er hvetjandi til allrar útiveru.



KARNIVAL Í KAUPÚNI

24. - 25. maí



Kynnið ykkur nýjar íbúðir og lóðir til sölu í Urriðaholti

Fasteignasöluvarnir Torg og Miðgarður verða um helgina í Kaupúni 3 milli kl. 12-17 og kynna íbúðir og einbýlishúsaloðir til sölu í Urriðaholti.

URRIÐAHOLT



Íbúðir í fjölbýli í Urriðaholti

Fyrstu fjölbýlishúsin eru risin í Urriðaholti og sala íbúða er hafin.

Nánari upplýsingar:

Fasteignasalan TORG sími 520 9595

Fasteignasalan MIÐGARÐUR sími 578 5544



MAX
RAFTAKI

HYUNDAI

habitat
TEKK
COMPANY

BONUS

KARNIVAL

24.-25.



URRIDAHOLT

MAX

HYUNDAI

HABITAT - TEKK

FISKÓ

BONUS

LEXUS

TOYOTA



Sirkus Íslands

Hátíðartilboð

Vörukynningar

Veitingar



GARÐABÆR

Í KAUPTÚNI

5. maí



Karnival í Kaupúni um helgina

laugardag og sunnudag kl. 12 – 17

Sirkus Íslands 3 sýningar báða dagana (kl. 12:30, 15:00 og 16:30).

Andlitsmálun, blöðru- og fjöllistamenn.

Skólahreystivöllur – þar fá ungir sem aldnir að spreyta sig.

Leikhópurinn Lotta - Hrói höttur – sýning báða dagana kl. 13:30.

Fornbílaklúbburinn og Kvartmíluklúbburinn sýna glæsibifreiðar.

Nýr draumastaður - Urriðaholt – kynning á íbúðasvæðinu Urriðaholti.

Fjölbreyttar veitingar í boði hjá fyrirtækjum í Kaupúni.

Freistandi sértíloð og húllumhæ, uppákomur, leikir og vörukynningar
hjá verslunum og fyrirtækjum í Kaupúni.

**Komum öll í karnivalstuði
í Kaupún um helgina!**

Skólahreysti

Fornbílar

Kvartmílubílar

Leikhópurinn Lotta

Rýmum fyrir nýjum vörum Reykjavík & Akureyri

LOKADAGUR



Lín Design Laugavegi 176 & Glerártorgi Akureyri Sími 5332220



SKÆRIN TÝNDUST Skærin týndust við athöfnina í gær og því var borðinn einfaldlega tekinn í burtu. Frá vinstri: Illugi Gunnarsson, Gerður Sigurðardóttir, Ólafur Ragnar Grímsson og Elliði Vignisson. MYNDIÓSKAR FRÍÐRIKSSON

Bæjarstjórinn ánægður með nýtt gosminjasafn: Eldheimar opnaðir

SVEITARSTJÓRNARMÁL „Ég er gríðarlega ánægður með hversu vel hefur tekist til,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum.

Gosminjasafnið Eldheimar var opnað í Eyjum í gær við hátíðlega athöfn. Mörg hundruð manns voru á meðal gesta, þar á meðal Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands og Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra auk Gerðu Sigurðardóttur, fyrrverandi íbúa á Gerðisbraut 10, sem safnið var byggt yfir.

Elliði segir að um sérstakan tíma sé að ræða fyrir Eyjamenn. „Þetta er í raun í fyrsta skiptið sem samfélagið getur sagt þessa sögu svo henni sé sómi sýndur. Eftir því sem tíminn líður verður stærra og stærra það hlutfall Eyjamanna sem ekki upplifði eldgosid á eigin skinni.

Það er einmitt tilgangurinn með Eldheimum. Þetta er samstarfsverkefni ríkisins og sveitarfélagsins og hugmyndin er að segja þessa einstöku sögu sem tengist eldgosinu í Vestmannaeyjum.“

Að sögn Elliða eru það hliðaráhrif Eldheima að margir ferðamenn eiga eftir að sjá safnið. „Þetta er kannski svipað og Þjóðhátíðin. Hún er eign Vestmannaeyinga og okkar hátíð en við bjóðum að sjálfsögðu öllum að taka þátt á okkar forsendum. Það er svipað með Eldheimum. Þeir eru byggðir fyrir heimamenn til minningar um þau stórkostlegu afrek sem hér voru unnin en um leið er að sjálfsögðu öllum boðin full þátttaka í því að kynna sér sögu okkar og menningu og þennan einstaka viðburð.“ - fb

Glæsilegur Kia Rio

– rúmgóður og einstaklega sparneytinn

www.kia.com



Eigum bíla til afgreiðslu strax!



The Power to Surprise

Eyðir aðeins frá **3,6** lítrum á hundraðið

Nútímatækni og hönnun hefur ekki einungis skilað mögnum gæðabil, heldur er hann **einn sparneytnasti fjöldaframleiddi dísilbíll í heimi**. Magn **CO₂ í útblæstri er einnig mjög lítið** svo hann fær **fritt í staði í Reykjavík** í 90 mínútur í senn. Að sjálfsögðu er **7 ára ábyrgð** á nýjum Kia Rio, svo hún **gildir til ársins 2021**.

Komdu og reynsluaktu, við tökum vel á móti þér.

Verð frá **2.590.777 kr.** Rio 1,1 dísil

f Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

Opna verslun í byrjun júní: Hagnaður var á rekstri Pennans

VIÐSKIPTI Penninn skilaði 123 milljóna króna hagnaði á rekstrarárinu 2013-2014, að því er fram kemur í tilkynningu. Er þetta í fyrsta sinn í nokkur ár sem fyrirtækið er rekið með hagnaði.

Eignir Pennans í lok rekstrarársins, 28. febrúar síðastliðinn, námu 1.805 milljónum króna Skuldir námu 1.369 milljónum og eigið fé var 436 milljónir. Til stendur að opna nýja verslun Pennans á Laugavegi 77 í byrjun júní.

- rkr

Spara með brennslu úrgangsolíu í verksmiðju en Umhverfisstofnun segir það óheilmæmt fyrir íbúana: Ísfélaginu veitt áminning fyrir úrgangsolíu

UMHVERFISMÁL Umhverfisstofnun veitti Ísfélagi Vestmannaeyja áminningu fyrir að nota úrgangsolíu í fiskimjölverksmiðju útgerðarfyrirtækisins á Þórshöfn á Langanesi.

Áminningin var veitt í janúar eftir að Umhverfisstofnun barst ekki staðfesting á að brennslu úrgangsolíu væri hætt.

Við stofnunin til hagsmuna almennings af heilmæmu umhverfi. Þetta kemur fram í úrskurði Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála en þangað kærði Ísfélagið áminninguna frá Umhverfisstofnun.

Ísfélagið vildi að tillit væri tekið til þess að

endurunna olían, sem málið snýst um, væri 20 prósentum ódýrari en svartolía og að fyrirtækið sparaði 29 milljónir króna á ári með notkun hennar, sem yrði í náinni framtíð í samræmi við íslensk lög.

Umhverfisstofnun minnti á að ekki hefði verið gripið til annarra þvingunarúrreða gagnvart Ísfélaginu en áminningar.

Þá hafi stofnunin stöðvað brennslu á olíuúrgangi hjá öllum öðrum rekstraraðilum fiskimjölverksmiðja á landinu.

Úrskurðarnefndin hafnað kröfu Ísfélagsins og því stendur áminningin sem veitt var félaginu.

- gar



VERKSMIÐJAN Á ÞÓRSHÖFN Ísfélagið vill halda áfram að spara með úrgangsolíu sem Umhverfisstofnun segir ólöglega.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Spurningar vakna á LSH:

Gætu byrjað að nota tékklista

HEILBRIGÐISMÁL Rætt hefur verið að hefja notkun „tékklista“, líkt og notaðir eru í flugi áður en vélar taka á loft, á gjörgæsludeild Landspítalans.

Steinn Jónsson, formaður Læknafélags Reykjavíkur, segir fólki hafa orðið tíðrætt um hugmyndina eftir að fram kom manndrúpsákæra ríkissóknara á hendur hjúkrunarfræðingi Landspítalans. Kæran vekti alvarlegar spurningar um verklag á spítalanum.

Að mati Steins er nauðsynlegt að skerpa á öllum reglum innan spítalanna er líta að sambærilegum atvikum. Málið sé mikið umhugsunarefni fyrir allt heilbrigðisstarfsfólk.

- sáþ



STEINN JÓNSSON



HÁTÍÐLEG ATHÖFN Átta konur og sex karlar útskrifuðust við hátíðlega athöfn á fimmtudag.

MYND/UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Fjórtnán manns luku prófi:

Útskrift frá Jafnréttisskóla

ALPJÓÐAMÁL Fjórtnán nemendur frá Jafnréttisskóla Háskóla Sam-einuðu þjóðanna á Íslandi útskrifuðust á fimmtudag við hátíðlega athöfn. Átta konur og sex karlar eru í hópnum og er þetta í annað sinn sem skólinn útskrifar nemendur eftir að hann varð hluti af Háskóla SP fyrir ári, að því er kemur fram í tilkynningu.

Nemendurnir sem útskrifuðust eru frá Malaví, Mósambík, Úganda og Palestínu, sem eru þau lönd sem Ísland leggur höfuðáherslu á í alþjóðlegri þróunarsamvinnu.

Á Íslandi starfa fjórir skólar undir hatti Háskóla SP: Jarðhitaskólinn, Sjávarútvegsskólinn, Landgræðsluskólinn og Jafnréttisskólinn.

- fb

LÖGREGLUMÁL

28 prósent óku of hratt

Að sögn Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu voru í vikulokinn mynduð umferðarlagabrot 23 ökumanna í Rofabæ í Reykjavík. „Fylgst var með ökutækjum sem var ekið Rofabæ í vesturátt, á móts við Árbæjarskóla. Á einni klukkustund, fyrir hádegi, fóru 82 ökutæki þessa akstursleið og því ók meira en fjórðungur ökumanna, eða 28 prósent, of hratt eða yfir afskiptahraða,“ segir á vef lögreglunnar. Meðalhraði þeirra sem of hratt óku var 44 kílómetrar á klukkustund, en á svæðinu er 30 kílómetra hámarkshraði.

BÍÐUR ÞÚ MEÐ TILBÚIÐ SKILAUMSLAG?



HAFÐU SAMBAND OG VIÐ SÆKJUM

Hringdu eða sendu póst á þjónustumiðstöð rannsóknaverkefna og björgunarsveitirnar koma og sækja umslagið til þín.

☎ 520 2800

✉ rannsokn@rannsokn.is

EDA SENDU OKKUR UMSLAGIÐ

Skilaumslagið má setja ófrímerkt í póst.

ÚTKALL Í ÞÁGU VÍSINDA

Ný stefna um rannsóknir og nýsköpun:

Fjárfest í framtíð

Ríkisstjórnin hefur mótað nýja og skynsamlega stefnu um vísindarannsóknir og nýsköpun, sem var samþykkt á fundi Vísinda- og tækniráðs í fyrradag. Stjórnin hefur legið undir á mæli fyrir að skera niður fé til vísindarannsókna á fjárlögum þessa árs, en nú er snúið af þeirri braut, fjárfest í framtíðinni og vonandi komið í veg fyrir að þekking hverfi úr landi vegna þess að ungir og efnilegir vísindamenn fá ekki rannsóknir sínar fjármagnaðar.

Á næsta ári og því þarnaæsta á að hækka framlög ríkisins í samkeppnissjóði, þar sem vísindamenn keppa um styrki, um samtals 2,8 milljarða króna. Þá eiga framlög til rannsókna og nýsköpunar að nema samtals um þremur prósentum af landsframlögum, en í dag er hlutfallið um 2,7 prósent. Þetta á jafnframt að leiða til þess að hlutfall samkeppnissjár af framlögum til rannsókna hækki úr 18 prósentum í ár í 27 prósent að tveimur árum liðnum.

Þetta eru góð markmið, en samt er ekki nógu langt gengið. Í hinum norrænu ríkjum er hlutfall samkeppnissjóða af fjármögnun rannsókna á bilinu 30 til 40 prósent og í Bandaríkjunum um 85 prósent. Sömuleiðis eru sumir núverandi samkeppnissjóðir því marki brenndir að þar er peningunum úthlutað út frá hagsmunum atvinnugreina, byggðarlaga eða stofnana, fremur en gæðum rannsókna. Það verður að sjá til þess að það breytist í leiðinni.

Í nýju stefnunni eru raunar ákvæði um að taka eigi upp fjárveitingar til rannsóknarstofnana byggðar á árangursmati og að haga eigi fjárhagslegu umhverfi háskóla og stofnana þannig að „ljóst sé að fjárveitingar tengist árangri og gæðum“. Með því er í rauninni viðurkennt að hinar pólitísku úthlutanir rannsóknarfjár undanfarna áratugi hafa iðulega hvorki tekið tillit til árangurs né gæða.

Stefnt er að því að efla fjármögnun háskólastigsins, þannig að hún verði svipuð og hjá hinum norrænu ríkjum, þar sem háskólar eru að mestu leyti fjármagnaðir af opinberu fé. Ekkert stendur hins vegar í stefnunni um hvort ætlunin er að auka einkafjármögnun háskólakerfisins, með því að nemendur í núverandi ríkisháskólum greiði skólagjöld.

Ríkið ætlar að gera sitt ekki einvörðungu með beinum framlögum til rannsókna, heldur líka með því að búa til ýmiss konar skattaávilnanir og fjárhagslega hvata fyrir fyrirtæki sem vilja fjármagna rannsóknir og styrkja vísindamenn. Enn fremur á að auka skattalegan hvata til að fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum.

Það er dálítið bratt hjá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra að fullyrða að þegar stefnunni hafi verið hrint í framkvæmd verði Ísland „komið í fremsta flokk meðal allra landa heims hvað varðar áherslu á vísindi, rannsóknir og nýsköpun“. Samkeppnin í þessum bransa er hörð og stefnan þarf að vera í stöðugri endurskoðun.

Ríkisstjórnin þarf um leið að huga að undirstöðunni fyrir rekstur nýsköpunarfyrirtækja – þegar þau eru komin á legg þurfa þau að búa við stöðugleika og opið fjárfestingarumhverfi, þannig að þau fari ekki annað með þekkinguna sem hefur meðal annars verið fjármögnuð með opinberum fjárfraumlögum. Slíkt umhverfi er ekki í boði í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Orlofsnefnd Húsmæðra í Hafnarfirði

Auglýsir kynningar og skráningarfund í orlofsferðir á árinu 2014 Fundurinn verður haldinn í Vonarhöfn þriðjudaginn 27.maí kl. 18.00

Ferð um SUÐURLAND. 13. – 15. júní
Flogið til MUNCHEN og ekið til PRAG. 6. – 13. nóv.

Rétt til þess að sækja um orlofsferð hefur sérhver kona sem veitir eða hefur veitt heimili forstöðu án launagreiðslu fyrir það starf.

Eftirtaldir konur veita nánari upplýsingar um ferðirnar:

Svanhildur Guðmundsdóttir s. 698 0472 Jóhanna F. Dalkvist s. 840 3933

Kristín Gunnbjörns s. 692 3129 Sigríður Skarphéðinsd. s. 555 2721

Orlofsnefndin



AF KÖGUNARHÓLI PORSTEINS PÁLSSONAR

Áfram umsóknarríki

Áform utanríkisráðherra um að slíta aðildarviðræðunum við Evrópusambandið fóru út um þúfur. Ísland er því áfram umsóknarríki. Trúlega getur enginn státað af því að hafa látið sér til hugar koma, þegar tillagan var lögð fram, að þau yrðu lok málsins á þessu þingi. Þetta er meiri kúvending í pólitískri atburðarás en svo.

Ríkisstjórnin hefur að vísu ekki kúvent skoðunum sínum á málinu. Það var einfaldlega þungur straumur almenningsálitsins sem sneri henni við áður en hún náði til lands. Þótt skaftfellskir vatna-



menn hafi jafnan talið óráð að snúa við í miðju straumvatni var hitt pólitískur ómöguleiki eins og á stóð. Þrátt fyrir allt hefur ríkisstjórnin ekki tapað málinu og þeir sem styðja aðildarviðræður geta heldur ekki hrósað sigri. Utanríkisráðherra hefur lýst því yfir að hann hyggist leggja í strauminn á ný án þess þó að vita, eins og sakir standa, hvernig hann ætlar í hann. Það er

til ígrundunar í sumar. Helstu andstæðingar frekara Evrópusamstarfs telja að þessar málalyktir séu mikið áfall fyrir ríkisstjórnina og hún standi veikari á eftir. Margt er til í því þó að utanríkisráðherrann sitji öðrum fremur eftir með sárt ennið.

Þeir sem ýttu utanríkisráðherra út í ófært vaðið í byrjun góu telja nú að hann eigi að leggja í það aftur fyrir sumarsólstöður. Með öðrum orðum: Þeir vilja að hann beiti þingmeirihlutunum gegn almenningsálitinu og taki þann tíma sem til þess þarf. Ekki er víst að það sé vel ráðið nú fremur en í fyrra sinnið.

Formsatriði eða efnisatriði

Utánríkisráðherra ber sig vel og segir að það sé formsatriði eitt að hafa ekki náð til lands hinum megin. Að því leyti er sú kokhreysti ekki alveg út í hött að engar viðræður fara nú fram og munu að sögn ráðherra aldrei fara fram meðan annar hvor eða báðir núverandi stjórnarflokkar eiga aðild að ríkisstjórn.

Eftir sem áður eru formsatriði oft og tíðum þeirrar náttúru að þau geta haft efnislegt gildi. Þetta sjá þeir ráðunautar utanríkisráðherra sem gagnrýna hann nú af mestum ákafa fyrir að hafa látið undan straumbunganum. Það hefur einfaldlega mikið pólitískt gildi að Ísland skuli

áfram vera umsóknarland. Á tvennt er að líta í því sambandi:

Í fyrsta lagi veikir þetta þá utanríkisstefnu sem forseti Íslands hefur talað yfir og tekin var óbreytt upp í sáttmála núverandi ríkisstjórnar. Slit aðildarviðræðna var mikilvæg forsenda þeirrar stefnubreytingar. Reyndar má segja að hún hafi fallið áður en á hana reyndi. Rússland og Kína áttu að verða ný samstarfsríki. Það er ekki lengur trúverðugt. Forsetinn hefur líka þagnað. Sú þögn virkar eins og tómahljóð úr tunnu.

Utánríkisráðherra minnst ekki orðið á þann kjarna stjórnsáttmálsins að öll ný skref í alþjóðsam-

vinnu eigi að stíga með nýmarkaðsríkjum utan Evrópusambandsins. Nú talar hann bara um mikilvægi Evrópusamstarfs sem hann er þó á móti að dýpka. Rússland þurfti að sýna vígtennurnar til að ráðherrann sæi að sér. En um leið hafa mikilvægar röksemdir gegn aðildarviðræðunum molnað.

Í öðru lagi þýðir þessi niðurstaða, meðan hún stendur, að engum dyrum hefur verið lokað. Í því eru fölgirnir miklir pólitískir og efnahagslegir hagsmunir fyrir þjóðina. Þó að það sé keypt dýru verði að eyða þessu kjörtímabili eins og því síðasta í biðleiki er þetta þó betra en að loka leiðum.

Til umhugsunar undir sumarfeldi

Nokkrir kostir eru í stöðunni en enginn þeirra tekur málið út af borðinu fyrir næstu kosningar eins og ætlunin var með tillögunni sem dagaði uppi. Það er önnur pólitísk staða en ráðherrann reiknaði með í byrjun.

Verði tillagan endurflutt óbreytt og samþykkt munu næstu þingkosningar fyrst og fremst snúast um aðildarviðræðurnar. Fram að þeim yrði ríkisstjórnin í viðvarandi vörn fyrir að hafa útilokað þjóðina frá svo stórrí ákvörðun.

Annar kostur er að láta málið liggja. Það myndi gefa ríkisstjórninni meiri frið fram að átakamánudunum fyrir kosningarnar.

Síðan er sá kostur að efna til þjóðaratkvæðis. Þá vaknar fyrst sú spurning hvort það á að vera leiðbeinandi eða bindandi. Eins og mál hafa skipast mælir flest með því að þjóðin fái raunverulegt úrslitavald í málinu. Hætt er við að seint verði samkomulag um hvernig spyrja eigi í leiðbeinandi þjóðaratkvæði og niðurstaðan

verði því alltaf háð mati og túlkunum. Það er umhugsunarefni hvort efna á til þjóðaratkvæðis sem eykur á óvissu.

Tímasetningin skiptir líka máli. Eftir því sem atkvæðagreiðslan er nær þingkosningum bindur hún aðeins ríkisstjórn næsta kjörtímabils. Verði hún fyrr stytst aftur á móti sá tími sem ríkisstjórnin þarf að verjast í vök. Utanríkisráðherra hefur því um margt að hugsa meðan hann liggur undir feldi í sumar.



Húsnæðislán

Fastir vextir til 5 ára á óverðtryggðum húsnæðislánnum



Á islandsbanki.is getur þú gert bráðabirgða-greiðslumat og séð með einföldum hætti hversu mikil greiðslubyrðin má vera á mánuði.

Nýtt óverðtryggt húsnæðislán er álitlegur valkostur á lánamarkaði Íslandsbanki býður nú hagstæð óverðtryggð lán fyrir húsnæðis kaupendur með föstum vöxtum til 5 ára. Engar verðbætur leggjast við höfuðstól lánsins og fyrir vikið hefst eignamyndun þín strax.

Kynntu þér húsnæðislán á islandsbanki.is eða hjá húsnæðislánaráðgjafa í næsta útibúi Íslandsbanka.

Fastir vextir gilda fyrstu 60 mánuðina frá útborgunardegi lánsins. Að þeim tíma liðnum ber að greiða breytilega vexti óverðtryggðra húsnæðislána (húsnæðislánvexti) eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma og birtir í vaxtatöflu Íslandsbanka hf. Breytilegir vextir taka á hverjum tíma m.a. mið af stýrivöxtum Seðlabanka Íslands og fjármögnunar- og rekstrarkostnaði bankans, þ.m.t. skattaálagum. Lántakandi þarf að greiða kostnað við greiðslumat, lántökugjald, skjalagerðargjald, þinglýsingargjald og, ef við á, kostnað við veðbanda- og lánayfirilit. Á www.islandsbanki.is getur þú reiknað árlega hlutfallstölu og heildarkostnað.

Traust fjármála- stjórn, grunnur fram tíðar

Frá því að nýr meirihluti tók við um mitt kjörtímabil má segja að skipt hafi verið um gír í Kópavogi. Í raun má segja að í tíð síðasta meirihluta hafi Kópavogur verið í handbremsu. Það er að mörgu leyti skiljanlegt því það er flókið að vera með fjögurra flokka meirihluta þar sem ólík sjónarmið og andstæðir kraftar eru sífellt að takast á. Með tilkomu nýs meirihluta var strax hafist handa við að koma hreyfingu á hlutina. Það tókst og voru greinileg merki um viðhorfsbreytingu í bænum á fyrstu dögum meirihlutans. Við tók tímabil þar sem bærinn og atvinnulífið tóku höndum saman. Þess má víða sjá merki í bænum þar sem endurveisn byggingamarkaðarins hófst í Kópavogi. Nú þegar hefur verið flutt inn í fjölmörg hús og íbúðir sem byrjað var á fyrir einungis tveimur árum.

STJÓRN MÁL



Ármann Kr. Ólafsson
bæjarstjóri
í Kópavogi

→ Verum þess minnug að traust fjármála-
stjórn með lækkun
skulda bæjarsjóðs og
lækkun gjalda er ekki
sjálfgefin.

Helsta áherslumál okkar á næsta kjörtímabili er að gera skólana okkar enn þá betri. Við munum halda áfram á þeirri braut sem við höfum markað og skilað góðum árangri. Við munum horfa til allra skóla og skólastiga. Við munum auka fjölbreytni í dægradvölinni og beita okkur fyrir því að heimanámið verði hluti af daglegu starfi dægradvalar. Við munum leggja áherslu á að skólarnir okkar séu í fremstu röð og nýti sér kosti upplýsingatækninnar. Kópavogur er íþróttabær Íslands og á síðustu árum hafa verið byggðir upp sterkir innviðir. Nú horfum við enn frekar inn á við og tvöföldum íþróttastyrki barna og tryggjum að Kópavogur verði áfram í fremstu röð.

Á kjörtímabilinu sem nú er að ljúka hefur okkur tekist að snúa vörn í sókn. Við horfum björtum augum til framtíðar. Verum þess minnug að traust fjármálastjórn með lækkun skulda bæjarsjóðs og lækkun gjalda er ekki sjálfgefin. Við verðum að vinna markvisst að framgangi Kópavogs og það verður best gert með markvissum vinnubrögðum. Gylliboð stjórnmalaflokka mega ekki verða til þess að við beygjum af þeirri leið sem mörkuð hefur verið síðustu tvö árin.

Svarti spegillinn

Yfir gjaldkerastúkunum í Íslandsbanka í Lækjargötu er stórt auglýsingaplakat. Á myndinni er ung stúlka í júdógalla í íþróttasal. En hún er ekki í júdó heldur í símanum, hún starir á skjáinn og er að gera eitthvað – hún er ekki hér, hún er annars staðar. Samtíminn í hnotskurn.

SAMFÉLAG



Stefán Máni
rithöfundur

Auglýsingin er ekki viðvörðun frá Lýðheilsustofnun heldur hvatning frá bankanum sem samþykkir þessa staðalmynd, hann vill að séum ekki hér heldur í símanum, að nota appið þeirra. Við lifum í ríku samfélagi þar sem næstum allir á aldrinum 10 til 50 ára ganga um með 100.000 króna leikfang í hendinni, litla tölvu sem er líka sími og lítur út eins og svartur spegill. Þetta er magnað tæki sem er sítegt við stafrænan alheim af öllu og engu, góðu og slæmu – við dýrkum tækið og dáum og verðum alltaf að eiga

nýjustu útgáfuna því að við viljum ekki dragast aftur úr, verða púkó, missa af einhverju sem við erum samt ekki alveg viss um hvað er.

Við hittumst á kaffihúsi en tölum varla við vini okkar, við störum í svarta spegilinn – kíkjum í það minnsta reglulega á hann, og alveg örugglega miklu oft en við höldum eða viljum við-urkenna. Við laumumst til að kíkja á hann á fundum, í bílnum, í bíó, alls staðar og hvar sem er. Til að gá að hverju, vitum við það? Börnin okkar fylgjast með okkur stóra í spegilinn. Við veitum þeim minni athygli, þau verða pirruð, þau gera okkur pirruð og á endanum réttum við þeim símann svo að við fáum smá frið. Þau eru afskipt og verða síðan ofvirk af mikilli örvun.

Við erum líka að verða ofvirk, höldum ekki athyglinni nema í

fáeinir sekúndur, missum þráðinn og okkur fer að leiðast – allt verður að vera stutt og sniðugt, í lit og með hljóði. Við tökum myndir til að sanna að við höfum gert þetta, verið þar, en það sem við gerðum var bara að taka mynd og við vorum ekki þar heldur í símanum. Við mötum Netið af upplýsingum um okkur, við höldum að við séum í leik en það er verið að leika með okkur. Við flökkum milli samfélagsmiðla, lækum, sérum, gerum eitthvað sniðugt, njósnum og skoðum kettlingamyndbönd – við fjarlægjumst annað fólk, við verðum smám saman andfélagsleg því að samskiptahæfnin dofna, við erum einangruð inni í svarta speglinum, kunnum ekki lengur kurteisi, sýnum ekki tillitssemi og verðum alltaf sjálfhverfari og sjálfhverfari þangað til að við hverfum inn í sjálf okkur. Erum við í alvör- unni viðstödd eigið líf? Eigum við okkur líf? Eða erum við horfin inn í svarta spegilinn?

Meiri jöfnuð og minna mas

Það geta flestir sammælt um að Reykjavík er frábær borg. Einnig geta flestir sammælt um að það er gott að búa í velferðar- samfélagi þar sem hugsað er um náungann. Þeir sem verða fyrir atvinnumissi fá atvinnuleysisbætur og fólk sem ekki á rétt á atvinnuleysisbótum getur fengið fjárhagsaðstoð frá sveitarfélaginu. Þessi fjárhagsaðstoð er þó ekki í takti við raunveruleikann. Okkur í Dögun finnst að fjárhagsaðstoðin mætti vera hærrí. Þeir sem hafa enga atvinnu eða þurfa af öðrum ástæðum að þiggja fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg eiga mjög erfitt með að láta enda ná saman.

VELFERÐ



Eva Guðrún
Gunnbjörnsdóttir
menningarmiðlari,
í 12. sæti á lista
Dögunar í Reykjavík

Margir geta það hreinlega ekki.

Það er sér í lagi afar erfitt fyrir einstæða foreldra að lifa af fjárhagsaðstoð. Húsaleiga í borginni er há og margir sem eru í eigin húsnæði þurfa að greiða háar fjárhæðir mánaðarlega af húsnæðislánum. Skuldugir fasteignaeigendur sem vilja selja húsnæði sitt og fara á leigumarkað að hætta sér ekki til þess eins og staðan er í dag. Barnafólk berst í bökum og í Reykjavík þurfa for- eldrar t.d. að borga fyrir skólamáltíðir barna sinna, sem ekki var áður. Það má segja að reikningar hrannist upp hjá þeim sem hafa úr litlu að móða. Dögun í Reykjavík lítur ekki undan þeirri staðreynd að aukin fátækt er raunveruleiki

fjöldi fólks í borginni. Það er skýrt markmið Dögunar í Reykjavík að koma betur til móts við lágtekju- fólk.

Tekjutengja á frístundakort

Það þarf að bregðast við bráðavanda á húsnæðismarkaði. Dögun í Reykjavík vill að Félagsbústöðum hf. verði falið að byggja 300-400 bráðabirgðabúðir í borginni strax eftir kosningar. Dögun vill einnig að fjárhagsaðstoð til foreldra dugi fyrir framfærslu heimilisins með tilliti til fjölda barna. Einnig vill Dögun í Reykjavík að frístundakortið verði tekjutengt þannig að börn frá efnaminustu heimilunum fái mestan styrk. Stefna Dögunar í Reykjavík er velferðar- og fjölskyldustefna. Meiri jöfnuð og minna mas, X-T.

Við kunnum vel að meta endurtekningar...



➤ Sendibílar ársins 2013 og 2014

Einn sigur er glæsilegur árangur, tveir sigrar eru enn betri! Ford er fyrsti framleiðandinn til að vinna titilinn Sendibíll ársins - International Van of the Year tvö ár í röð. Kíktu í kaffi og spjall. Í sameiningu finnum við hagstæða fyrirtækjalausn fyrir þig.

FORD TRANSIT CONNECT

FRÁ **2.382.470** KR. ÁN VSK

FORD TRANSIT CUSTOM

FRÁ **3.498.008** KR. ÁN VSK

KOMDU OG PRÓFAÐU SENDIBÍLA ÁRSINS



ford.is



Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverzlun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Ford Transit Connect, EcoBoost bensín 100 hö. beinskíptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,6 l/100 km. CO₂ losun 129 g/km. Verð með bensínvél frá 2.990.000 m/vsk.
Ford Transit Connect, 1,6TDCi dísil 75 hö. beinskíptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,4 l/100 km. CO₂ losun 115 g/km. Verð með dísilvél frá 3.250.000 m/vsk.
Ford Transit Connect með 1,6TDCi dísilvél og Start-Stop spartækni uppfyllir þau skilyrði sem þarf til að fá frítt í stæði í miðbæ Reykjavíkur í 90 mínútur í senn.
Ford Transit Custom, 2,2TDCi dísil 100 hö. beinskíptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,9 l/100 km. CO₂ losun 183 g/km. Verð frá 4.390.000 m/vsk.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



auðveldar smásendingar



EINFÖLD
REIKNIVÉL
Á eBOX.IS

SMÆRRI SENDINGAR Í FÆRRI SKREFUM

Á stórum skipum rúmast margar smáar sendingar. eBOX hefur sannað sig sem þægileg og einföld lausn þegar flytja á minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Nú nær þjónustan einnig til Frakklands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim við fyrsta tækifæri. Auðvelt og fljótlegt.

KARNIVAL Í KAUPTÚNI
24.-25. maí

46" FHD LED sjónvarp
TILBOÐ
139.989
FULLT VERÐ 189.989

Karnival í Kaupþúni um helgina
laugardag og sunnudag kl. 12 - 17

Sirkus Íslands 3 sýningar báða daga (kl. 12:30, 15:00 og 16:30).
Andlitsmálun, blóðru- og fjöllisamenn.
Skólalæstivöllur - þar fá ungrir sem aldrei að spreyta sig.
Leikþápurinn Lotta - Hrói Höttur - sýning báða daga kl. 13:30

PHILIPS

Philips 46PFL4208T
46" Full HD LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn. 200Hz Perfect Motion Rate. Smart TV. Simplyshare. Innbyggt Wi-Fi. Ljósmyndari. 3x HDMI, 2 x USB. Skype möguleiki. App fyrir Android/Apple síma og spjaldtölvur.

RYKSUGU TURN
GISKADU Á FJÖLDA
KASSA Í TURNINUM
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ
50" SJÓNVARP!



15,6" Intel fartölva
TILBOÐ
59.989
FULLT VERÐ 79.989

ASUS

8" Nextbook spjaldtölva
TILBOÐ
14.989
FULLT VERÐ 19.989

nextbook

nextbook

Nextbook NX008HD8G
8" spjaldtölva með
1.5GHz Dual Core Cortex
A9 örgjörva. 1GB DDR3
vinnsluminni. 8GB Flash
minni - MicroSD minnisrauf
fyrir allt að 32GB. 8" LCD
capacitive snertiskjár með
1024x768 upplausn. Android
4.1 Jelly Bean. Allt að 7,5 klst.
raflöðuending.

Asus X551MA-RCLN03

15,6" fartölva með Intel Celeron Dual Core örgjörva og Intel HD Graphics skjá korti. 4GB vinnsluminni og 500GB harður diskur. Kemur uppsett með Windows 8.

1400 snúninga þvottavél
TILBOÐ
59.989
FULLT VERÐ 89.989

þurrkari með 6th Sense
TILBOÐ
79.989
FULLT VERÐ 94.989

Whirlpool AW0D6024

1400 snúninga, 6kg þvottavél, 50L tromla, rafeindastýrður kerfisveljari, hitastillir, 15 þvottakerfi ásamt 30 mín hraðkerfi, þvottæfni A, vinduhæfni B, orkunýting A++, orkunotkun: 170 kWh/ári og hljóð við þvott/vindu: 59/77dB.

400w blandari
TILBOÐ
4.989
FULLT VERÐ 7.989

Exido 12180025

400W blandari með 1.5l glerkönnu. Tilvalinn fyrir súpur / sósur / smoothies 2 hraðar og puls. Ryðfrír stálhniar. Öryggisrofi.

Whirlpool AZB7570

7 kg tvíátta barkalaus þurrkari með 6th Sense rakaskynjara. 9 þurrkstillingar. Vatnstankur uppi. Má tengja við niðurfall. Kaldur blástur og krumpuvörn. Stærð (BxHxD): 60x85x62sm.



THOMSON
40" FHD LED sjónvarp
TILBOÐ

69.989

FULLT VERÐ 109.989

40"

Thomson 40FW3324
 40" LED Full HD sjónvarp með 1920x1080p
 upplausn. 100Hz. Pure Image 3 engine.
 Háskerpu HDTV DVB-T2/C stafrænn móttakari.
 HDMI, VGA, Digital Coax, CI+, VGA, hjóð og
 heyrnartóstengi. USB upptaka. Hótelstilling.

Soundbar heimabið
TILBOÐ

24.989

FULLT VERÐ 34.989

Bluetooth
PHILIPS



Philips HTL2160T
 Heimabið með 60w RMS 80cm
 Soundbar hátalara. Dolby Digital
 og Virtual Surround Sound. MP3
 Link, AUX in, coaxial/optical in og
 USB. Þráðlaus Bluetooth tenging.
 Bassahátalari fylgir. Hægt að
 festa á vegg.

Ísgerðarvél
TILBOÐ

6.989

FULLT VERÐ 12.989



Yonanas 282700
 Yonanas ísgerðarvél
 sem notar allar gerðir
 af frosnum ávöxtum.
 Fljótlegt, hollt og gott.



DVD spilari
TILBOÐ

6.989

FULLT VERÐ 8.989

Philips DVP2800
 Einfaldur DVD Spilari með Fjarstýringu,
 RCA, Composite og Digital Coaxial out.



quad core farsími
TILBOÐ

36.989

FULLT VERÐ 44.989

HTC DESIRE500BLACK
 Quad core farsími með 4,3" WVGA skjá. 1GB RAM og 4GB minni. Qualcomm
 Snapdragon 200, 1.2GHz örgjörfi. Myndavél með flassi og vídeoupptöku. 3G,
 útvarp, WiFi, Bluetooth, GPS, TV Out, DLNA, 3,5 Jack, NFC, USB og virkar
 sem 3G lykkill. BEATS Audio fyrir betri hljómgæði. Android með HTC Sense.



Þráðlaus DECT sími
TILBOÐ

3.989

FULLT VERÐ 4.989

Panasonic KXTG1711
 Þráðlaus DECT sími með LCD
 baklýstum skjá, 50 nafna
 símaskrá, númerabirtir fyrir
 50 númer og endurval í 10.



Opið mán. - fös. kl. 11-19
 Laugardaga kl. 11-18
 Sunnudaga kl. 12-18

SÍMI 412 2200

BEINT Á MÓTI IKEA

HELGIN



Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans

Grasekill í fimmtugsafmæli

„Ég er grasekill um helgina þar sem konan mín og dóttir eru í sumarbústað með tengdamóður minni og mágkonu. Í kvöld ætla ég í fimmtugsafmæli hjá móðursystur minni í Keflavík og á sunnudag mun ég vinna þar til fjölskyldan skilar sér heim. Sunnudagarnir fara vanalega í það.“



**Ýr Prastardóttir
fatahönnuður**

Matarboð með vinum

„Ég verð líklega að jafna mig í dag eftir að hafa verið að spila plötur á Lebowski með Önnu Rakel í gærkvöldi. Svo fer ég í matarboð í kvöld með samstarfskonum mínum í Another Creation.“



**Jón Helgi Hólmgeirsson
vöruhönnuður**

Prívíddarprentaraskoðun

„Í dag verð ég löðrandi sveittur í Spark gallerí í tengslum við Listahátíð. Þar mun ég ásamt mjög svo fríðu föruneyti skoða eiginleika prívíddarprentara. Já, þú mátt koma.“



**Guðrún Erla Geirsdóttir
myndlistarkona**

Menningin aðalmálið

„Menningin verður aðalmál á dagskrá þessa helgi. Ég ætla að mæta á opnanir þriggja listsýninga í dag og Innra eyrað í Austurbæjarskóla á morgun.“

FUGLASKOÐUN

Fuglavernd og Norræna húsið bjóða í sameiningu upp á fuglaskoðun í friðlandinu í Vatnsmýrinni á laugardögum kl. 16:00 í vor og sumar.

Fyrsta fuglaskoðunin er laugardaginn 24. maí og tekur gangan um það bil klukkutíma.

Róleg og þægileg ganga sem hentar öllum aldri - klæða sig eftir veðri og taka sjónaukann með.



DAGSETNINGAR:

Laugardagur	24. maí	kl. 16:00
Laugardagur	31. maí	kl. 16:00
Laugardagur	7. júní	kl. 16:00
Laugardagur	14. júní	kl. 16:00
Laugardagur	21. júní	kl. 16:00
Laugardagur	28. júní	kl. 16:00



NORRÆNA HÚSIÐ

Norræna húsið, Sturlugötu 5, 101 Reykjavík, S: 551 7030

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT



FLOTT TEYMI

Anna Porvaldsdóttir frumflytur verk sitt með ICE í Hörpu á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stýra ljósunum með andardrættinum

Anna Porvaldsdóttir heimsfrumflytur tónverkið *In the Light of Air* á morgun ásamt nútímatónlistarhópnum International Contemporary Ensemble. Verkið er í fjórum þáttum og sjónræn upplifun fyrir áhorfandann.

Álfrún Pálsdóttir
alfrun@frettabladid.is

Þetta er nokkuð stórt verkefni sem hefur verið í bígerð í tvö og hálf ár," segir tónskáldið Anna Þorvaldsdóttir sem

heimsfrumflytur verk sitt *In the Light of Air* í Hörpu annað kvöld. Það er hinn virti bandaríski nútímatónlistarhópur International Contemporary Ensemble, ICE, frá New York sem flytur verkið ásamt Önnu en hópurinn sérpantaði verkið. Verkið er umfangsmikið, fjörutíu mínútna langt og í fjórum þáttum sem bera nöfnin *Luminance*, *Serenity*, *Existence* og *Remembrance*.

„Þau vildu langt verk sem rúmaði heila tónleika. Ég vildi semja það fyrir fáa hljóðfæraleikara þar sem planið er að flakka um heiminn með verkið. Það er ótrúlega gaman að geta

frumflutt það hér á Listahátíð en svo förum við til Washington og New York," segir Anna sem stýrir rafhljóðum og er með innsetningar úr Klakaböndum Svönu Jósepsdóttur á tónleikunum. „Þetta er miklu meira en bara tónleikar en með okkur eru tæknimenn og ljósaönnuður sem lætur ljósin stýrast af andardrætti hljóðfæraleikaranna sem gefur áhorfendum sjónræna upplifun.“

Verk Önnu eru flutt reglulega í Evrópu og í Bandaríkjunum og hafa hlotið margvíslegar viðurkenningar og verðlaun. Hún hlaut Norrænu tónlistarverðlaunin árið 2012 fyrir hljómsveitarverkið *Dreymi*.

Anna hlakkar mjög til að flytja verkið á Íslandi en gefur sér lítinn tíma sjálf til að flakka á milli viðburða á Listahátíð. „Ég ætla að reyna að sjá eins mikið og ég get en er að æfa alla helgina og svo förum við út fljótlega eftir helgi til að flytja verkið í Washington.“

→ Sérhæfir sig í nútímatónlist

ICE sérhæfir sig í flutningi nútímatónlistar, allt frá einleiksverkum að stórum samspilsverkum. Hlutverk hópsins er í senn að vera leiðandi afl í flutningi nútímatónlistar, að leita skapandi leiða til að breikka og stækka áhorfendahóp nútímatónlistar, sem og að sinna kynningar- og kennslustarfi á sviði nýrrar tónlistar.

Nuiko Wadden harpa
Cory Smythe píanó
Nathan Davis slagverk
Kyle Armbrust víola
Michael Nicolas selló
Nick Houfek, meðhönnuður og umsjón með ljósinsetningu
Levy Lorenzo, forritun ljósinsetningar

Hvað? In the Light of Air eftir Önnu Þorvalds í flutningi ICE.

Hvar? Norðurljós, Harpa
Hvenær? Sunnudag, kl. 20

Hefur engan áhuga á pólitík

Niels Thibaud Girerd snýr aftur á skjáinn. Í þetta sinn er umfjöllunarefnið sveitarstjórnarkosningar og þátturinn nefnist *Ostrur* og ævintýri.

„Útgangspunkturinn er að ég er að finna mig sem Íslending og í raun að velja því fyrir mér í hvaða sveitarfélagi mig langar að setjast að," segir franskri fjölmiðlamaðurinn Niels Thibaud Girerd sem hitar upp fyrir sveitarstjórnarkosningarnar með því að taka yfir þáttinn *Ísland* í dag á Stöð 2 alla kosningavikuna.

Niels, eða Nilli eins og hann er betur þekktur, hefur lítið látið á sér kræla í sjónvarpinu undanfarið en segist nú snúa aftur með stæl og á alvarlegri nótum en áður. „Þó að þetta sé kosningaupphitun verða innslögin með léttu yfirbragði en ég flakka á milli fimm stærstu sveitarfélaga landsins og tek púlsinn á íbúum.“

Fyrsti þáttur fer í loftið á mánu-

daginn og þá sækir Niels Reykjanesbæ heim. „Ég hitti bæjarstjórnann Árna Sigfússon, Leoncie og Einar Orra fótboltakappa sem öll reyna að fá mig til að setjast þar að. Í lokabættinum sem verður kvöldið fyrir kosningadaginn sjálfan verð ég síðan með Jóni Gnarr borgarstjóra í minni fyrstu beinu útsendingu.“

Niels hefur, að eigin sögn nýlök- ið söngnámi, við virtan söngskóla í París. Hann er spennur fyrir að fara aftur á skjáinn en er nokkuð stressaður þar sem hann hefur engan áhuga á pólitík. „Ég vona að eftir gerð þessara þátta verði ég aðeins fróðari um þetta litla land og hvar besta loftslagið og „cuisine- ið“ er að finna.“



SKEMMTIÞÆTTIR Nilli hittir Jón Gnarr í lokabættinum en fráfarandi borgarstjóri er uppáhaldsstjórnarmámaður hans.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Airfree Lotus

Falleg og stílhrein hönnun. Einstakt loftreinsitæki sem opnar sig eins og lótusblóm. Fyllir stofuna með þægilegri birtu og skapar réttu stemmninguna við hvert tækifæri. Öflug Chromotherapy LED lýsing með dimmer. Breytileg lýsing í 10 litum.

Airfree loftreinsitæki

- Eyðir frjókornum og öðrum ofnæmisvökum
- Vinnur gegn myglusveppi og ólykt
- Eyðir bakteríum og vírusum
- Hljóðlaust og sjálfhreinsandi

Verð frá 24.750 kr.

BONECO Ultrasonic rakatæki

Lítið og öflugt rakatæki fyrir allt að 50 m² rými. Kaldur úði. Sérlega hljóðlátt. Vörn gegn bakteríumyndun í vatnstanki. Dregur úr þurrki í augum og öndunarfærum.

Verð 19.750 kr.



Betra loft

Betri líðan



Viðurkenndar stuðningshlífar

- Virkur stuðningur
 - Vandaður vefnaður
 - Góð öndun
 - Einstök hönnun
 - Fjölbreytt úrval
- Fagleg ráðgjöf sjúkráþjálfara.



Æfingavörur

Þjóðum gott úrval af Sissel æfinga- og heilsuvörum.

- Æfinga- og yogadýnur
- Boltar
- Jafnvægisbretti
- Nuddrúllur
- Hita- og kælibakstar



Compression íþróttasokkar

Góður stuðningur við ökkla og kálfa. Einstök mýkt við tær og hæla sem ver fyrir núningi og blóðrum. Aðlagast vel að fætinum, örva blóðflæði og bæta líðskyn. Tilvalið fyrir hlaupara og göngugarpa.

Verð frá 6.450 kr.





„Fyrsta barnið er strákur sem kom til mín að betla og var alveg út úr heiminum af límsniffi. Ég sagði við hann eins og ég hef sagt við svo mörg börn sem ég býð pláss: „Ég skal bara vera mamma þín.““

LANGAR AÐ BJARGA ÖLLUM Fjölmörg börn og foreldrar leita til Þórunnar í von um hjálp. Það að þurfa að hafna slíkum beiðnum er það erfiðasta við starfið að hennar mati. Hún vinnur þó sleitulaust við að stækka skólann og heimavistina til þess að geta tekið á móti fleiri börnum. MYND/GUNNI SAL

Bjargar börnum af götum Naíróbí

Þórunn Helgadóttir ákvað að breyta gjörsamlega um lífsstíl fyrir átta árum og flytja til Kenía til að byggja upp íslenskt hjálparstarf fyrir götubörn. Í dag rekur hún tvo skóla auk heimavistar fyrir tæplega þúsund börn og er með um nítíu starfsmenn í vinnu. Hún fann ástina og tilgang lífsins í Kenía og segir of margt óunnið til að hún geti flutt aftur heim til Íslands.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is

Hjálparstarf í Kenía

Fyrir um tíu árum var Þórunn tæplega fertug, einhleyp, barnlaus og lifði fyrir líðandi stundu. Hún var á kafi í nýaldargrúski, markmiðið í lífinu var að vinna í sjálfri sér og lífsstíllinn var dýr og spennandi. Þetta ár tók Þórunn bækling um ABC-hjálparstarf á bensinstöð og ákvað að byrja að styrkja barn með mánaðarlegum greiðslum. Það var byrjunin á gjörbreyttu lífi.

„Á þessum tíma hugsaði ég hversu lengi ég ætti að vinna í sjálfri mér án þess að láta gott af mér leiða. Ég var orðin hálf þunglynd yfir því að líf mitt snerist eingöngu um mig og mínar þarfir. Því ákvað ég að gera meira en að styrkja barn og bauð fram krafta mína við kynningarmál hjálparstarfsins.“

Tók ákvörðun á einum mánuði

Árið 2006 fór Þórunn svo til Kenía fyrir hönd ABC til að skoða aðstæður fyrir uppbyggingu nýs skóla í fátæktarhverfum Naíróbí. Eftir að hún kom heim úr ferðinni fylltist hún eirðarleysi. Hún var að undirbúa kaup á nýrri íbúð og hafði hugsað sér að jarðtengja sig hér á Íslandi en einhvers staðar fann hún sterkt að hún ætti að fara aftur út til Kenía.

„Ég fylgdi innsæinu, birtist á skrifstofu ABC og tilkynnti þeim að ég yrði að fara aftur út. Þannig að mánuði eftir að ég kom heim úr ferðinni var ég flutt út til að byggja upp starfið.“

Götubörn með fíknivanda

Þórunn hafði aldrei unnið með götubörnum áður. Börnin voru mörg hver með fíknivanda og höfðu lent í miklum áföllum. Umhverfið, menningin og ömurleg fátæktin voru henni líka algjörlega framandi. En hún dembdí sér út í djúpu laugina.

„Ég byrjaði strax á því að taka hús á leigu. Um leið og ég var flutt í það byrjaði ég að taka inn börn. Fyrsta barnið er strákur sem kom til mín að betla og var alveg út úr heiminum af límsniffi. Ég sagði við hann eins og ég hef sagt við

svo mörg börn sem ég býð pláss: „Ég skal bara vera mamma þín.“ Hann náði svo í vini sína og svo spurðist þetta út þannig að húsið var fljótt að fyllast.“

Fann ástina í fyrstu vikunni

Í fyrstu vikunni var hún komin með fullt hús af börnum og það sem meira er, hún kynntist núverandi eiginmanni sínum, Samuel Lusiru Gona.

„Mér var boðið í brúðkaup og þar var hann. Hann sagði mér síðar að hann hefði séð mig og vitað strax að ég væri konan hans. Eftir að við kynntumst gerðust hlutirnir mjög hratt. Hann byrjaði að vinna sjálfboðastarf hjá mér og hálfu ári seinna vorum við gift. Hann er ómetanleg stöð og stytta í starfinu og ég veit ekki hvar ég væri án hans. Hann þekkir sam-

félagið og menninguna sem ryður oft braut mína.“

Baráttan er hörð

Í dag ganga rúmlega 600 hundruð börn í ABC-skólann í Naíróbí og af þeim búa tvö hundruð börn að mörgum þeirra sjálf af götunni. Nú er hún með áttatíu og sex starfsmenn sem aðstoða við kennslu, umönnun barnanna, rekstur og utanumhald en í augum barnanna er hún alltaf mamman. Mamman þarf að sjá til þess að munnar séu mettir í hverjum mánuði og hefur baráttan verið ansi hörð frá hrúni.

„Hrunið olli því að allt í einu vorum við með helmingi minni pening í höndunum og höfðum ekki nóg fyrir launum eða mat. En við brugðumst við því með því að leita



BEIÐ TIL GUDS
Börnin taka fyrir andlitið þegar þau biðja saman til guðs í samkomusal skólans. Trúin er mikilvæg í starfi ABC því hún gefur börnunum von.
MYND/FRÉTTABLAÐIÐ



MEÐAL MASAI-MANNA
Í sveitinni berst Þórunn gegn umskurði stúlkna og barnahjónaböndum. Hún hefur margoft farið heim til stúlkna og boðið foreldrunum að senda þær með henni í skólann án endurgjalds í stað þess að semja um hjónaband þeirra.
MYND/GUNNI SAL

utan Íslands og fá styrktaraðila frá Bandaríkjunum. Nú reynum við að fá tvo styrktaraðila fyrir hvert barn. Þetta er búið að vera basl en þrátt fyrir það höfum við stækkað, fjölgað plássum og réðumst í uppbyggingu nýs skóla í sveitinni.“

Berst gegn umskurði stúlkna

Öldungar í Masai-þjóðflokknum leituðu til Þórunnar og báðu um aðstoð við að stofna skóla í þorpi þeirra. Masai-ættbálkar eru mjög frumstæðir þar sem ungar stúlkur eru umskornar og seldar í hjónabönd í kringum 12 ára aldurinn. Afar fá börn þar eiga kost á menntun.

„Við áttum engan pening en maður sér öll börnin, alla þjáninguna og enga möguleika á öðru vísi lífi og það er lífsins ómögulegt að hafna þeim. Við tróðum eins og við gátum í kojur og þau sitja ansi þétt í skólastofunum. Svo höldum við bara fast í trúna og vonum að við getum stækkað og tekið á móti fleirum.“

Trúin gefur von

ABC-barnastarf byggist mikið á kristilegum gildum en áður en Þórunn hóf störf hjá ABC var hennar trú byggð á stjórnspeki og einstaklingshyggju.

„Kristin trú hafði alltaf verið mjög fjarlæg mér en svo ákvað ég bara að sjá hvort ég fyndi mig þar, sem ég svo sannarlega gerði. Það er mikilvægt fyrir mig að tilheyra einhverju stærra en bara mér sjálfri og fyrir mér liggur hamingjan þar.“

Þórunn segir trúna einnig mikilvæga börnunum því hún gefi þeim von.

„Þessi börn hafa upplifað svo mikla höfnun, verið kastað út af heimilinu og á götuna, verið fyririrlitn, skítug, lamin og misnotuð. Þau upplifa sig sem algjört rusl. Hjá okkur fá þau skilaboðin að guð hafi skapað þau og þau séu einstök og verðmæt. Það er eitthvað sem þau hafa aldrei upplifað og þannig vex sjálfsvirðing þeirra.“

Fann tilgang lífsins

Fyrir utan börnin þúsund sem treysta á Þórunni á hún lítinn dreng, Daníel Heiðar, sem verður sex ára í sumar. „Hann var yfirgefinn og við fengum hann dagsgamlan. Við fengum loksins ættleiðingarskjölin í þessari viku þannig að þetta er frágengið. Hann er lítill kraftaverkadrengur og mikill gleðigjafi.“

Þúsund börn, eiginmaður og sonur. Ætlar Þórunn aldrei að koma aftur til Íslands?

„Ætli það nokkuð. Stundum langar mig að flytja heim og fara að vinna í sjoppu, afgreiða pylsur og ís. Því stundum er ég alveg uppgefin; bankareikningurinn tómur, biðlistinn óendanlegur og maður vill bjarga öllum. En það kemur bara inn á milli og svo herðir maður upp hugann. Það er svo margt eftir hérna og við erum í miðri baráttu. Allt heimsins gull kemur ekki í stað allra barnanna sem við höfum hjálpað og ekkert gæti gert mig gláðari en árangurinn af starfi okkar. Áður en ég kom hingað snerist líf mitt um að finna sjálfa mig og tilgang lífsins. Það var í raun ekki fyrr en ég hætti leitinni og fór að gefa af sjálfri mér að ég fann þennan blessaða tilgang og sanna hamingju.“

Gott. Betra. Bosch.

Hjá Bosch er hvert smáatriði gaumgæft. Þess vegna prófar Bosch allar vörur sínar vel og vandlega. Og svo prófa þeir þær aftur. Síðan prófa aðrir þær, til dæmis Råd & Rön og hliðstæðar prófunarstofnanir í löndum víða í Evrópu.

Árangurinn? Sigursælt vörumerki!

Öll Bosch-tæki, sem hlotið hafa viðurkenningu frá virtum prófunarstofnunum, bjóðum við með **15% afslætti** í maí. Sjá nánar um hin margrómuðu Bosch-heimilistæki okkar á bosch.is.


Gæðin endurspeglast af hverju smáatriði.



Uppþvottavél
SMU 53M72SK



Þvottavél
WAY 32890SN



Spanhelluborð
PIE 645F17E

Hæsta einkunn fyrir hraða og viðurkenning fyrir gæði og góða frammistöðu hjá sænska prófunar- og rannsóknarsetrinu Testfakta, september 2013.



Ryksuga
BSGL 52237



Kæli- og frystiskápur
KGN 36AW32



Hrærivél
MUM 52120



Hraðsuðukanna
TWK 8611



Ryksuga
BGL 35MOV11

Opið virka daga frá kl. 11 - 18
og á laugardögum frá kl. 11 - 16.

BOSCH

- BÚÐIN -

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

GLÆSILEG BÍLA HJÁ STÆRSTA BÍLA

HAGSTÆÐ TILBOÐ Á NÝJUM BÍLUM

BL Sævarhöfða er stærsta bílaumboð landsins og við höldum upp á það.



ÚRVAL AUKAHLUTA

Viðskiptavinir með fjölbreytt áhugamál geta fundið aukahluti sem útvíkka notagildi Renault Captur.

FRUMSÝNING Í DAG UMBOÐI LANDSINS

FRUMSÝNING Á RENAULT CAPTUR



VERÐ FRÁ **3.590.000 KR.**

Renault Captur hefur alla þá kosti sem flestir leita að í nýjum bíl. Hann er nýttiskulegur í útliti og þægilegur í umgengni. Stílhreint og ferskt útlit einkennir þennan skemmtilega nýja Renault.

Dísilvél, sjálfskiptur eða beinskiptur, eyðsla frá 3,6 l/100 km í blönduðum akstri, 7" snertiskjár með Íslandskorti, LED dagljós, handfrjáls símabúnaður, Start/Stop ræsibúnaður, ESP stöðugleikastýring, aksturstölva, reyklitað gler, USB/AUX tengingar, þokuljós, leðurklætt stýri, tölvustýrð miðstöð með loftkælingu, regnskynjarar á rúðupurrkum, birtuskynjun á aðalljósum, Dynamic innrétting.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16



TAKTU ÞÁTT Í REYNSLUAKSTURSLEIK

Allir sem fara í reynsluakstur geta skráð sig í pott og átt möguleika á að vinna glæsilegt **50" Samsung Smart** sjónvarp.



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Lífið er ekki alltaf sanngjarnt

Einar Mikael Sverrisson söðlaði um 23 ára gamall, hætti að vera smiður og gerðist töframaður. Fólk reyndi að halda aftur af honum og sagði að töfrabrogðin hans væru ömurleg. Hann lét það sem vind um eyru þjóta og trúir því að hann hafi fæðst til að töfra. Foreldrar hans skildu þegar hann var fimm ára og hann hefur fyrirgefið þeim erfiða forræðisdeilu.

Lilja Katrín Gunnarsdóttir

liljakatrin@frettabladid.is



Það er þessi fallega tilfinning. Ég vil meina að töfrabrogð og sjónhverfingar séu tilfinningaleg upplifun sem heilinn nær ekki að tengja. Þetta er þriðja sterkasta tilfinningin í mannlíkamanum – að fá að upplifa eitthvað fallett og geta sýnt öðrum það og upplifa tilfinninguna í gegnum þá,“ segir töframaðurinn Einar Mikael Sverrisson þegar hann lýsir því hvað heillar hann við töfrabrogð. Hann var þrettán ára þegar hann sá töfrabrogð í fyrsta sinn á Flórída í Bandaríkjunum og varð strax hugfanginn. Það var þó ekki fyrr en um áratug seinna sem hann ákvað að gera töfrabrogð að ævi- starfi sínu.

Úr smíði í töfrabrogð

„Ég hafði alltaf áhuga á töfrabrogðum en ég helgaði líf mitt þeim ekki fyrr en Ísland breyttist árið 2008. Ég er með sveinspróf í smíði og var búinn að vera sjálfstætt starfandi smiður um tíma. Ég var næstum því búinn að vinna mig til dauða. Ég vann öll kvöld og allar helgar. Þetta var ekkert líf,“ segir Einar. Þegar fjármálahrunið dundi yfir landsmenn tók hann afdrifaríka ákvörðun sem hann sér ekki eftir.

„Ég hugsaði með mér að á hverjum einasta degi ætlaði ég að gera eitthvað skemmtilegt. Nú er ég búinn að vinna við töfrabrogð í fjögur ár og það eru algjör forrættindi. Ég vil meina að ég hafi fæðst til að gera þetta.“

Táraðist á töfranámskeiði

„Fyrst þegar ég var að byrja skemmti ég mikið á árshátíðum og öðrum hátíðum. Ég fékk fljótt leið á árshátíðapakkanum því þá mætti ég bara, skemmti í tuttugu mínútur, allir voru fullir og enginn mundi eftir mér daginn eftir. Árið 2009 hélt ég töfranámskeið á Skagaströnd sem breytti öllu. Þá kom til mín lítil fimm ára stúlka og spurði mig hvort ég gæti galdrað þannig að mamma hennar og pabbi væru ekki fátæk lengur. Ég tók skref til hliðar og táraðist. Þetta var mjög erfitt fyrir mig. Ég man ekki hvað ég sagði við hana en ég man að ég hugsaði að fyrst að þessi stúlka hefði þessa ofurtrú á að ég gæti hjálpað henni ætlaði ég að tileinka líf mitt því að hjálpa krökkum. Það að læra töfrabrogð gerir lífið einfaldlega skemmtilegra. Þau gera þig glaðan, styrkja sjálfstraustið og auka mannleg samskipti,“ segir Einar.

Missti aldrei trúna

Einar segir fólk hafa tekið frekar illa í það þegar hann sagði sínum nánustu að hann ætlaði að söðla um og gerast töframaður.

„Mamma og pabbi náttúrulega afneituðu mér fyrstu tvö árin,“ segir Einar hlæjandi. „Til að byrja með báðu margir mig um að endurskoða þessa ákvörðun. Það var alltaf verið að halda aftur af mér og mér sagt að það sem ég væri að gera væri illa gert og ömurlegt. Um leið og ég hætti að vera innan um fólk sem vildi draga úr mér og fór að hugsa um það sem ég vildi gera fór að ganga ofboðslega vel. Maður er bara í samkeppni við sjálfan sig. Maður á ekki að spá í því sem aðrir eru að gera þótt það sé í lagi að vera meðvitadur um það. Maður nær aldrei fullkomnum árangri í fyrsta sinn en þá heldur maður áfram að bæta sig,“ bætir Einar við.



SJÓ ÁRA PLAN Einar Mikael ætlar að láta sinn ædsta draum rætast innan sjó ára en vill ekki segja hver sá draumur er.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Í hvert skipti sem ég heyri nei þarf ég að fá já en kannski á annan hátt. Ef maður hugsar að eitthvað gangi ekki upp þá gengur það ekki upp. Ég hef aldrei misst trúna á það sem ég er að gera. Ég trú á einstaklinginn og þann kraft sem er í okkur og umhverfinu sem við sköpum.“

Verslar á nóttunni

Einar segir að fólk hafi ekki tekið hann sérstaklega alvarlega til að byrja með en nú sé hann „heimsfrægur á Íslandi“.

„Í fyrstu hugsaði fólk að ég væri eitthvað skrýttinn en atriðin sem ég var með til að byrja með voru líka svolítið skrýtin. Í dag trúir fólk öllu sem ég segi. Það er meira að segja þínulítið óþægilegt stundum hvað margir kannast við mig á Íslandi. Ég versla bara í Hagkaupi á nóttunni svo ég fái frið. Mjög margir koma upp að mér og vilja fá mynd af sér með mér og það er ekkert mál. Stundum biður fólk mig líka um að láta eitthvað hverfa en þá segist ég bara hafa gleymt töfrasprotanum mínum heima í hleðslu. Það virðist vera löggild ástæða,“ segir Einar í léttum dúr. Hann segist aldrei fara út að skemmta sér.

„Ég er alltaf að skemmta mér. Alla daga, allan daginn. Mér finnst ekkert gaman á skemmtistöðum. Ég þarf þess ekki. Ég drekk ekki áfengi og ég þarf ekki að vera fullur. Fólk talar oft við mig sem Einar Mikael töframann og vill þá ræða töfrabrogð og annað í þeim dúr. Stundum vil ég bara tala um eitthvað annað. Þá finnst mér gott að fara eitthvað erlendis því ég yil meina að ég sé heimsfrægur á Íslandi. Mér finnst gott að komast út fyrir landsteinana endrum og sinnum og bara fá að vera ég.“

Erfið forræðisdeila

Einar segist hafa verið mjög virkt barn en vill alls ekki láta líta á það sem einhvers konar sjúkdóm.

„Fólk segir oft að ég sé ofvirkur en ég lít á þetta þannig að fólk er með mismikla orku. Fólk með mikla orku hugsar öðruvísi. Ég hugs á hreyfingu. Þetta er ekki

sjúkdómur eða eitthvert ástand. Það geta einfaldlega ekki allir verið eins. En í skóla fór ekki lítið fyrir mér. Það vissu allir hver Einar var. Ég var alltaf að sprella og gera eitthvað skemmtilegt,“ segir Einar. Foreldrar hans skildu þegar hann var ungur og hann flutti oft á milli staða.

„Ég held að ég hafi flutt 38 sinnum áður en ég var átján ára í þremur mismunandi löndum. Þannig að það var oft erfitt að eignast vini. En ég er með mikla aðlögunarhæfni. Mér er alveg sama hvar ég er, mér leiðist aldrei.“

Foreldrar mínir skildu þegar ég var fimm ára og við tók erfið og leiðinleg forræðisdeila. Ég átti ekki fullkomna foreldra og þau gerðu fullt af mistökum. En ég elska þau bæði og er búinn að fyrirgefa þeim það sem þau gerðu. Ef þú ert alltaf að rifja upp fortíðina kemstu ekkert áfram í framtíðinni. Lífið er ekki alltaf sanngjarnt. En það getur verið skemmtilegt og fallett ævintýri ef maður vill taka þátt í því.“

Aðspurður um einkalífið segist Einar ekki hafa tíma fyrir sína eigin fjölskyldu núna.

„Ég er ekki í sambandi eins og stendur. Ég ætla að eignast fjölskyldu þegar ég get gefið tilvonandi kærustu minni og börnum allan minn tíma. Ég held að ég verði kominn með fjölskyldu eftir um það bil sjö ár. Það er allavega stefnan.“

Sextán kíló á tveimur mánuðum

Einar er með heilagan klukkutíma á hverjum morgni þar sem hann hlustar á sjálfshjálparbækur og undirbýr sig andlega fyrir daginn. Honum finnst afar mikilvægt að vera í andlegu jafnvægi og setur sér markmið sem hann skrifar niður fyrir hvert ár.

„Í fyrra skrifaði ég niður 24 risamarkmið. Í ár setti ég mér tíu markmið, til dæmis að létta mig. Ég tók mataræðið í gegn og er búinn að missa sextán kíló á tveimur mánuðum. Maður verður að setja sér markmið og hætta ekki fyrr en maður nær þeim,“ segir Einar. Hann hefur gefið út alls kyns varn-

Stórstjórnur á Grænlandi



Einar heimsótti Grænland fyrir stuttu með töfrakonunni Eyrúnu. Þau eyddu þar þremur dögum og héldu töfrasýningu, töfranámskeið og heimsóttu munaðarleysingjahæli þar sem þau skemmtu fyrir börnin.

„Okkur leið eins og ofurstjórnunum þarna. Við vorum umkringd alls staðar og fólk beið í röðum eftir miðum á sýninguna okkar. Það er erfitt fyrir mig að lýsa þessu. Við erum mjög þakklát og glöð með viðtökurnar,“ segir Einar.

„Þá kom til mín lítil fimm ára stúlka og spurði mig hvort ég gæti galdrað þannig að mamma hennar og pabbi væru ekki fátæk lengur. Ég tók skref til hliðar og táraðist. Þetta var mjög erfitt fyrir mig. Ég man ekki hvað ég sagði við hana en ég man að ég hugsaði að fyrst að þessi stúlka hefði þessa ofurtrú á að ég gæti hjálpað henni ætlaði ég að tileinka líf mitt því að hjálpa krökkum.“

ing tengdan töfrabrogðum og byrjar með sjónvarpsþátt á Stöð 2 í haust.

„Þættirnir heita Töfrahettjurnar – sýning aldarinnar. Eitt af því sem þátturinn snýst um er að gefa ungum töfrastrákum og töfra- stelpum tækifæri til að taka þátt í töfrasýningu aldarinnar. Ég ætla að halda áheyrnarprufur um allt land eftir rúmlega viku þar sem ég leita að þessum ungu hetjum. Það býr hetja í okkur öllum. Það er nóg fyrir okkur að gera eitthvert góðverk eða hjálpa einhverjum til að verða hetja. Það þarf ekki að vera stórt. Maður þarf ekki alltaf að setja heimsmet.“

„Þetta er minn tilgangur“

En hvert er þá ædsta markmið Einar Mikael Sverrisson?

„Ég veit hvað ég þarf að gera og það gerist innan sjó ára. En markmiðið er leyndarmál,“ segir Einar dulur. „Auðvitað vil ég skoða möguleika erlendis í framtíðinni því ég vil að allur heimurinn fái að njóta töfrabragða og sjónhverfinga. En akkúrat núna vil ég einbeita mér að Íslandi. Ég vil opna töfraheiminn fyrir öllum og deila þekkingu minni. Töfrabrogð fá þig til að hugsa skapandi. Fá þig til að hugsa aðeins út fyrir rammann. Og um leið og þú veist að það er allt hægt eru þér engin takmörk sett. Þá geturðu allt. Draumar þínir rætast en þú verður að sækja þá. Ég elska það sem ég geri og ég er búinn að sjá hvað þetta gerir fyrir börn og fjölskyldur á Íslandi. Þetta er minn tilgangur.“

VORÚTSALA

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

LOKADAGUR - LOKADAGUR

42" 3D SNJALLSJÓNVARP

FULLT VERÐ 249.990

TILBOÐ 199.990



AFSL. 50.000

60" LED SJÓNVARP

FULLT VERÐ 449.990

TILBOÐ 299.990

SHARP AFSL. 150.000

42" FULL HD LED SJÓNVARP

FULLT VERÐ 139.990

TILBOÐ 99.990



AFSL. 40.000

46" FULL HD LED SJÓNVARP

FULLT VERÐ 169.990

TILBOÐ 129.990

THOMSON AFSL. 40.000

32" SNJALLSJÓNVARP

FULLT VERÐ 89.990

TILBOÐ 74.990

PHILIPS AFSL. 15.000

55" ULTRA HD SJÓNVARP

FULLT VERÐ 499.990

TILBOÐ 349.990

THOMSON AFSL. 150.000

MYNDAVÉLAR MEÐ ALLT AÐ 55% AFSLÆTTI
Nikon - Olympus - Panasonic

HEYRNARTÓL MEÐ ALLT AÐ 44% AFSLÆTTI
Philips - JVC - TDK - JBL - AKG

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Í DAG!
EJEREYRIS TÁLARAR OG VÖGGUR MEÐ ALLT AÐ 48% AFSLÆTTI
Yamaha - harman kardon

YAMAHA KENWOOD PHILIPS Panasonic FUJIFILM LG LG
harman/kardon JBL OLYMPUS Dantax Samsung LG

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 OG LAUGARDAGA 11-16 | SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk
MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

TÆKNI

- **QR-kóði**
Rétt'upp hönd sem notar QR-kóða? Datt það í hug. Það er búið að klístra þessum asnalega kóða á allt milli himins og jarðar og hinn almenni borgari getur skannað hann inn með appi á símanum sínum og fengið frekari upplýsingar um það sem hann er að kaupa—hvort sem það er morgunkorn eða getnaðarvörur. Hvað varð um að láta upplýsingar á umbúðunum bara nægja?

- **CAPTCHA**
CAPTCHA stendur fyrir Completely Automated

Public Turin test to tell Computers and Humans Apart—sem sagt sjálfvirk próf til að skilja að tölvur og mannfólkið. Afbakaðir stafir sem fólk þarf að slá inn sem tryggir að um sé að ræða fólk en ekki tölvuheila. Þetta gæti alveg eins heitið: Það mest pirrandi við internetið.

SKEMMTANAIDNAÐUR

- **Kardashian-fjölskyldan**
Þetta byrjaði allt með saklausum raunveruleikabætti á sjónvarpsstöðinni E! árið 2007. Nú til dags er varla hægt að kíkja á fréttasíður á netinu eða fletta erlendum slúðurblöðum án þess að sjá smettin á þessu fólk. Og fyrir hvað, spyrjum við? Jú, akkúrat ekki neitt.

- **Þættir þar sem fólk keppir í söng**
Erum við í alvörunni ekki búin að finna alla hæfileikaríka söngvara sem til eru í heiminum? En með American Idol tekur steininn út. Á næsta ári fáum við að sjá fjórtándu sérú af þessari söngkeppni. Fjórtándu sérú! Að segja að þetta prógramm sé orðið þunnt er afar vægt til orða tekið. Tárarúnið sem eru baksögur keppenda með ljúfri fiðlumúsík í bakgrunni virkar einfaldlega ekki lengur. Og söngvararnir eru ekkert

sérstaklega áhugaverðir. Þetta kemur svo sem ekki á óvart þar sem Bandaríkjamenn kunna ekki listina að hætta á toppnum.

- **Góð saga er of oft sögð**
Glysmennin í Hollywood eru afar gefin fyrir að endurgera gamlar, klassískar myndir, oft og tíðum erlendar, og gera þeim vond skil. Nýjasta dæmið er endurgerð á suður-kóresku kvikmyndinni Oldboy. Ótrúleg þessi ofurtrú að halda að hægt sé að endurgera myndir sem eru nánast fullkomnar. Svo eru það blessaðar framhaldsmyndirnar. Það er merkilegt að myndir mega varla standa einar nú til dags. Um leið og mynd gengur vel má bóka að framhaldsmynd líti dagsins ljós. Og hún er yfirleitt mun lakari.

- **Glee**
Frábært! Gerum þátt sem sýnir absúrd og afbakaðan veruleika ungmenna í bandarískum miðskóla. En leyfum

þeim að syngja. Mikið. Helst þekkt lög sem fólk elskar. Getur ekki klikkað! Sagði enginn, aldrei.

- **The Big Bang Theory**
Fyrsta serían var skemmtileg, önnur serían krúttleg og þriðja ágætis afþreying. En þetta eru komnar sjö seríur. Einhverjir myndu segja að það sé fullmikið af því góða. Fyndni Sheldons eru takmörk sett.

- **Snooki**
Þessi skrautlega fígúra skaut upp á stjörnuhimininn árið 2009 í MTV-þáttunum Jersey Shore. Margir bjuggust við því að hún myndi hverfa af sjónarsviðinu eftir að þáttunum lauk. En Snooki er athyglissjúk og hefur náð að halda sér í sviðsljósinu í allri sinni hlébarðamynstruðu dýrð. Við getum þakkað MTV fyrir það.

- **Justin Bieber**
Parf eitthvað að fjölyrða um tilgangsleysi þessa manns?

- **Gangnam Style**
„Tónlistarmaðurinn“ Psy fór jafn fljótt úr lífi okkar eins og hann kom inn í það. Hann varð milljónamæringur á þessu eina lagi sínu með þessum hryllilega dansi og situr nú einhvers staðar í sínum flabeinsturni og hlær að okkur hinum fyrir að hafa fallið fyrir þessu.



ÞAÐ VERSTA VIÐ 21. ÖLDINA

Fréttablaðið fór á stúfana og kannaði hvað fer mest í taugarnar á fólki við nútímann, hvort sem það eru poppstjörnur eða tæknin.

You Tube

- **Myndbönd af börnum að gera eitthvað fyndið**
Svona í alvöru talað, hver hefur áhuga á því að heyra lítil börn syngja bjagaða útgáfu af titillagi Frozen í fimm hundradasta skiptið? Eða sjá hversu úrill börn eru þegar þau vakna? Telst þetta ekki til ofbeldis gegn veslings börnunum sem þurfa að líða fyrir húmorsleysi foreldranna þegar þau verða eldri?

- **Kisumyndbönd**
Sjá klausu um barnamyndbönd.

- **Myndbönd af fólki að meíða sig**
Sjá klausu um barnamyndbönd.

- **Hver sem er getur orðið frægur**

Það er margt gott hægt að segja um YouTube en það er gjör-samlega afleitt að síðan gefi hverjum sem vill rödd. Hver sem er getur póstað einhverri bölvæðri vitleysu eða metnaðarlausri ábreiðu á heimsfrægu-um lögum og orðið frægur í fimm

facebook

- **Hópar um allt**
„Fyrir fólk sem elskar One Tree Hill“, „Notaður skíðamarkaður—Skíðabúnaður óskast! Skíðabúnaður til sólu!“, „Erlend lög með íslenskum texta“, „Hvað ert þú ánægð/ur með í dag“, „Fimmaurabrandarafjelagið“, „Handóðir Heklarar“. Þetta eru bara nokkur dæmi um hópa á Facebook. Það virðist ekki skipta máli hversu lítilfjórlegt umræðuefnið er, það er hlaðið í hóp við hið minnsta og við hin þurfum að þola boð í hina og þessa hópa án þess að hafa gert nokkuð af okkur.

- **Hashtag**
Hashtag, eða kassmerki, er gott að vissu leyti. Til dæmis er afskaplega skemmtilegt að fylgjast með viðburðum í gegnum Twitter þar sem tístarar merkja

færslurnar viðeigandi kassmerki. En sumir bara fatta ekki kassmerki. Og miðþyrma þeim. #HérÁEKKiAðSkriFaHeilarSetningar #HérÁAðReynaAðVeraAllavegaPínulítiðFyndinn.

- **Humble brag**
Gæti þýðst sem auðmjúkt gort. Eða bara óþolandi. Fólk humble brag-ði yfir sig í no make up selfie-æðinu þar sem fólk, einkum konur, birti myndir af sér ómálað en uppstillt. Síðan var beðið í of-væni eftir fyrsta kommentinu um hve fallett það væri að innan sem utan. Mjög gott dæmi um humble brag. Allir ræktarstatusar geta

ALMENNT OG ÓPOLANDI

- **Mataræði**
Paleo, LKL, Slow Food, Atkins-kúrinn, 5:2, Zone diet, danski kúrinn og hvað þetta allt nú heitir. Þetta er fúsk, krakkar. Ekki láta glepjast. Þið verðið spikfeit svo lengi sem þið étið of mikið.

- **10.000 kallinn**
Ókei, við bara látum gera grín að okkur og segjum ekki neitt! 10.000 kall. Í alvöru? Hver í ósköpunum hefur efni á því að vera með nokkra 10.000 kalla í veskinu? Og haldiði í alvörunni að þeir sem hafa í raun efni á að vera með nokkra grjótharða 10.000 króna

seðla í veskinu vilji vera að flagga því?

- **Afsláttarsíður**
Í fyrstu voru Hópkauþ, Aha og þessar blessuðu síður afskaplega sniðugar. Íslendingar tóku trylling og keyptu sér hamborgara í hundradatali bara af því að þeir voru ódýrir. Hjarðhegðunin, maður. Nú rúlla nánast sömu tilboðin í hverri viku með tilheyrandi póstaflóði og annar hver maður á örugglega einhver heimaöndruð perluarmbönd eða hefur gist á Hótel Einhvers Staðar.

- **Nýjar umbúðir**
Tími þess að ganga að einhverju vísu er liðinn. Klassískar matvörur eru settar í nýjan búning nánast mánaðarlega og eftir stendur neytandinn örvinglaður í matvöruverslunum landsins. Tilgangur? Enginn.

- **Buff**
Gott og vel að þetta sé notadrjúgt en geta fyrirtæki vinsamlegast hætt að framleiða þessa hörmung, troðfulla af lógóum og prangað þeim upp á saklaus leikskólabörn?



LAGERSALA!

Spencer sófi
59.900,-



ANTON&BERGUR

**NÝJAR VÖRUR, ÚTLITSGALLAÐAR VÖRUR
OG SÍÐUSTU EINTÖK Á TILBOÐSVERÐI!!!**

HÚSGÖGN OG SMÁVARA ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR



LAGERSALA
Á LAGER THE PIER,
KORPUTORGI
LAUGARDAG 10-18
SUNNUDAG 12-18


the
PIER




Borð og 4 stólar á 15.000,-

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR KÓPAVOGUR



FYLGFI FLOKKANNA



ÁRIÐ 2010	Í DAG
30.357	32.308
þjuggu í Kópavogi	búa í Kópavogi
ÁRIÐ 2010	Í DAG
242%	185%
skuldaviðmið	Skuldaviðmið
SKULDIR LÆKKUÐU UM 2 MILLJARÐA Á ÁRINU	

- Framsókn
- Sjálfstæðisflokkurinn
- F-listinn
- Samfylkingin
- Dögun og umbótasinnar
- Vinstri græn og félagshyggjufólk
- Næstbesti flokkurinn
- Listi Kópavogsbúa
- Píratar
- Björt framtíð
- Fjöldi bæjarfulltrúa

AÐFERÐAFRÆÐIN Hringt var í 1.075 þar til náðist í 800 manns samkvæmt lagskiptu úrtaki miðvikudaginn 21. maí. Svarhlutfallið var 74 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr Þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir aldri. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til sveitarstjórnarkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn, eða einhvern annan flokk? Alls tóku 63,5 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.

D-listi með sama fylgi og 2010

Meirihluti Sjálfstæðisflokks, Framsóknar og Y-lista er fallinn samkvæmt könnun Fréttablaðsins. Líkt og í Hafnarfirði eru aðeins tveir möguleikar á myndun tveggja flokka meirihluta, Sjálfstæðisflokks annars vegar og Bjartrar framtíðar eða Samfylkingar hins vegar.

Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is



Kópavogur er næststærsta sveitarfélag landsins. Í byrjun árs voru íbúar Kópavogs 32.308 talsins og hefur íbúum fjölgað jafnt og þétt síðustu áratugi, þó mest á fyrsta áratug aldarinnar.

Kópavogur hefur síðustu kjörtímabil einkum verið stýrt af Sjálfstæðisflokk og Framsóknarflokki sem myndað hafa meirihluta, ef frá er talinn hluti kjörtímabilsins sem nú er að ljúka.

Nú mynda Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur og Y-listi meirihluta í bænum. Y-listi býður ekki fram í kosningunum í vor og þrjú ný framboð bjóða fram, Píratar, Dögun og Björt framtíð.

Meirihlutinn fallinn
Meirihlutinn er fallinn í Kópavogi ef marka má könnun Fréttablaðsins. Sjálfstæðisflokkurinn fær 31,3 prósent atkvæða og er stærsti flokkurinn í bæjarstjórn. Það fylgi myndi koma fjórum mönnum inn í bæjarstjórn. Sjálfstæðisflokkurinn er því á pari miðað við kosningar árið 2010.

Samfylkingin er næststærsti flokkurinn með 20,9% atkvæða og tvo menn kjörna. Afar stutt er í þriðja mann Samfylkingarinnar samkvæmt könnuninni. Þriðji maður Samfylkingar er næsti maðurinn í bæjarstjórn og afar stutt er í hann. Því þarf lítið að breytast til að Samfylkingin nái þremur mönnum.

Björt framtíð mælist með 16,3% atkvæða og tvo menn kjörna í bæjarstjórn. Björt framtíð er nýtt afl á sveitarstjórnarstiginni og virðist vera að festa sig í sessi. Framsóknarflokkurinn og VG koma næst og ná bæði inn einum manni hvor. Framsóknarflokkurinn er með 10,2% atkvæða samkvæmt könnuninni og VG 8,2%.

Píratar mælast með 7,6% fylgi og ná einnig inn manni í bæjarstjórn. Önnur framboð mælast með minna fylgi og ná ekki inn manni í bæjarstjórn samkvæmt þessu.

Málefni barnafólks
Pétur Hrafn Sigurðsson er oddviti Samfylkingarinnar. Flokkurinn leggur áherslu á húsnæðismál, skólamál og málefni barnafólks. „Í fyrsta lagi viljum við auka þjónustu við barnafólk í bænum, auka frístundastyrk bæjarins upp í 30.000. Frístundstyrkurinn hefur verið helmingi lægri í Kópavogi miðað við nágranna-sveitarfélögin og við viljum leiðrétta þetta.“

„Húsnæðismálin eru eitt af stóru málunum, við viljum efla leigumarkaðinn í Kópavogi í samvinnu við húsnæðis- og samvinnufélög og skoða hugmyndir ASÍ um dönsku leiðina.“

Lækka skatta
Ármann Kr. Ólafsson er oddviti Sjálfstæðisflokksins. Sjálfstæðisflokkurinn telur undanfarin ár hafa kallað á skynsemi og aðhald í rekstri Kópavogsbæjar. „Nú þegar er flutt inn í stóran hluta af þeim húsum sem fyrst var byrjað á. Á sama tíma höfum við verið að lækka skatta og gjöld á íbúa bæjarins og við munum halda áfram á þeirri braut. Þegar allt er talið hefur á síðustu árum verið lagður grunnur að nýrri sókn Kópavogsbæjar og þar munu fjölskyldu- og skólamálin verða sett í forgang.“

Frístundakort fyrir eldri borgara
Birkir Jón Jónsson er oddviti Framsóknarflokksins. „Við viljum koma til móts við þarfir barnafjölskyldna í Kópavogi. Þar eru skólamálin fyrirferðarmikil sem og íþrótt- og tómstundamálin. Við viljum auka þátttöku ungs fólks í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Við viljum frístundakort fyrir eldri borgara að upphæð 20.000 kr. sem gæti nýst í sund, tónlistarnám, námskeið eða tómstundir.“

Gegnsæi og sjálfsákvörðunarréttur
Ingólfur Árni Gunnarsson er oddviti Pírata. „Við píratar í Kópavogi byggjum öll stefnumál á tveimur grunnstefjum, gegnsæi og sjálfsákvörðunarrétti. Við viljum að Kópavogsbær miðli öllum upplýsingum um rekstur bæjarfélagsins til bæjarbúa á auðlesinn hátt. Við viljum einnig að íbúar fái aukið val um þá þjónustu sem bærinn veitir.“

og sjálfsákvörðunarrétti. Við viljum að Kópavogsbær miðli öllum upplýsingum um rekstur bæjarfélagsins til bæjarbúa á auðlesinn hátt. Við viljum einnig að íbúar fái aukið val um þá þjónustu sem bærinn veitir.“

Þjónandi forysta
Ólafur Gunnarsson er oddviti VG og félagshyggjufólks. „Húsnæðismál er höfuðmálið og við höfum lagt fram tillögu um eitt leigu-félag á höfuðborgarsvæðinu með samræmdum reglum fyrir alla. Við leggjum einnig mjög mikla áherslu á skólamál og að það verði skilað inn í kerfið aftur því fjármagni sem hefur verið lekið út úr kerfinu frá hruni. Við viljum fyrst og fremst vera þjónandi forysta, að við séum ekki endilega yfirvaldið heldur þjónar fólksins og það eigi að vera grunnstefið í vinnu bæjarstjórnar.“

Húsnæðis og skólamál
Theodóra S. Þorsteinsdóttir er oddviti Bjartrar framtíðar. „Björt framtíð leggur áherslu á húsnæðismál og við þurfum að svara þörfum íbúa í Kópavogi hvað varðar framboð um minni íbúðir, leiguhúsnæði og félagslegt húsnæði. Skólamálin eru stóra málið og við viljum auka samvinnu milli skóla, frístundastarfs, íþrótt- og tómstundastarfs.“

„Við viljum ný viðhorf í þjónustu, við lítum á Kópavog sem þjónustufyrirtæki,“ segir Theodóra.

Íbúalýðræði og húsnæðismál
Árni Þór Þorgeirsson er oddviti Dögunar og umbótasinna. „Húsnæðismál. Það vantar húsnæði fyrir ungt fólk, minni íbúðir og að byggja upp leigumarkaðinn. Það er erfitt ef einstaklingar eru kannski að finna sér leiguíbúðir og þær eru allt of stórar og dýrar og henta ekki ungu fólki. Einnig viljum við nota íbúalýðræðið á þann hátt að íbúar geti forgangsraðað verkefnum sjálfir.“

FRAMBOÐSLISTAR Í KÓPAVOGI

- B Framsóknarflokkurinn**
1. sæti Birkir Jón Jónsson, *fv. alþingismaður/MBA*
 2. sæti Sigurjón Jónsson *markaðsfræðingur*
 3. sæti Guðrún Jónína Guðjónsdóttir, *hjúkrunarfr./lffstílsleiðbeinandi*
 4. sæti Kristinn Dagur Gissurarson, *Viðskiptafræðingur*



- D Sjálfstæðisflokkurinn**
1. sæti Ármann Kr. Ólafsson, *Bæjarstjóri*
 2. sæti Margrét Friðriksdóttir, *Skólameistari*
 3. sæti Karen E. Halldórsdóttir, *Ms mannauðsstjórnun*
 4. sæti Hjördís Ýr Johnson, *Kynnningarstjóri*



- S Samfylkingin**
1. sæti Pétur Hrafn Sigurðsson *deildarstjóri*
 2. sæti Ása Richardsdóttir *verkefnastjóri*
 3. sæti Unnur Tryggvadóttir *Flóvenz háskólanemi*
 4. sæti Hannes Friðbjarnarson *tónlistarmaður*



- T Dögun og umbótasinnar**
1. sæti Árni Þór Þorgeirsson *frumkvöðull*
 2. sæti Jónína Björk Erlingsdóttir *MPM*
 3. sæti Ágústa Sigrún Ágústsdóttir *mannauðsstjóri*
 4. sæti Baldvin Björgvinsson *kennari*



- V Vinstri græn og félagshyggjufólk**
1. sæti Ólafur Þór Gunnarsson, *öldrunarlæknir/bæjarfulltrúi*
 2. sæti Margrét Júlía Rafnsdóttir, *umhverfisfræðingur/varabæjarfulltrúi*
 3. sæti Sigríður Gísladóttir *dýralæknir*
 4. sæti Arnþór Sigurðsson, *forritari/varabæjarfulltrúi*



- X Næstbesti flokkurinn**
1. sæti Hjálmar Hjálmarsson, *leikari*
 2. sæti Donata H. Bukowska *kennari*
 3. sæti Ásdís Helga Jóhannesdóttir, *BA í íslensku*
 4. sæti Nadia Borisdóttir, *ráðgjafi Mannréttindastofu*



- P Píratar**
1. sæti Ingólfur Árni Gunnarsson *háskólanemi*
 2. sæti Einar Páll Gunnarsson *nemi*
 3. sæti Gunnar Þór Snorrason *nemi*
 4. sæti Bjartur Thorlacius *stúdent*



- Æ Björt framtíð**
1. sæti Theodóra S. Þorsteinsdóttir *lögfræðingur*
 2. sæti Sverrir Óskarsson *félagsráðgjafi*
 3. sæti Hreiðar Oddsson, *grunnskólakennari/verslunarstjóri*
 4. sæti Ragnhildur Reynisdóttir, *sölu- og markaðstjóri*



GAKKTU Í LIT

GÖNGUSKÓDAGAR



20%

AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
GÖNGUSKÓM

ÚTILÍF

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

utilif.is



HEILSURÚM Á FINN

KOMDU Í DORMA.

Við aðstoðum þig við að finna draumarúmið þitt!

NATURE'S COMFORT

heilsurúm



- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Aldrei að snúa
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Steypar kantstyrkingar
- Sterkur botn
- Burstaðar stállappir

- Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu

TILBOÐ
LAK OG DÝNUHLÍF
FYLGIR
Verðmæti
17.800

VERÐDÆMI
160X200 CM
DORMAVERÐ
149.900
Dýna, botn og lappir

NATURE'S REST

heilsurúm



- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Aldrei að snúa
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Frábærar kantstyrkingar
- Sterkur botn
- Burstaðar stállappir

TILBOÐ
AFSLÁTTUR
20.000
KRÓNUR
90X200 CM

TILBOÐ
90X200 CM
DORMAVERÐ
48.900
Dýna, botn og lappir

BETRA DORMAVERÐI

Vandaðir og þægilegir sófar á
DORMAVERÐI

FLORIDA tungusófi



Stærð: 250 x 200 x 90 cm H: 70 cm.
Slitsterkt ljósgrátt áklæði, hægri tunga.

DORMA
- býður góða nótt
**SUMAR
TILBOÐ**
149.900
FULLT VERÐ 179.900



CLASSIC
sófar og hæginda-
stólar margir litir
NÝTT ÁKLÆÐI

DORMAVERÐ

Krónur 149.900

Krónur 99.900



RUBEN svefnsófi með tungu



Stærð: 240 x 160 x 90 cm H: 85 cm.
Slitsterkt grátt áklæði. Rúmfatageymsla í tungu. Svefnsvæði: 140x195 cm.

DORMA
- býður góða nótt
**SUMAR
TILBOÐ**
119.900
FULLT VERÐ 139.900

FINLEY svefnsófi með tungu



Stærð: 244 x 165 x 90 cm H: 85 cm.
Slitsterkt grátt áklæði. Rúmfatageymsla í tungu. Svefnsvæði: 140x195 cm.

DORMA
- býður góða nótt
**SUMAR
TILBOÐ**
149.990
FULLT VERÐ 179.990

HÆGINDASTÓLAR MEÐ SKEMLI
AFTON **EASY**

Stillanlegt bak.
Vandað mjúkt leður.
Stöðugir fætur.



SUMARTILBOÐ
79.900
FULLT VERÐ 99.900



SUMARTILBOÐ
69.900
FULLT VERÐ 89.900

LYFTISTÓLL
rafmagnslyftistóll
á frábæru verði



DORMA
- býður góða nótt
**SUMAR
TILBOÐ**
89.900
FULLT VERÐ 99.900

OPNUNARTÍMI HOLTAGÖRÐUM: Virka daga 10⁰⁰-18⁰⁰ Laugardaga 11⁰⁰-16⁰⁰



Í **BORÐSALNUM** „Hér er verið að skipuleggja heilsuvikuna sem verður í júní,“ upplýsir Þórunn Ósk. Á bak við hópinn er ávísuninni frá Fréttablaðinu stillt upp. Þórunn Ósk lofar að milljóninni verði vel varið.



HÚSIÐ Klúbburinn Geysir er í góðu húsnæði við Skipholt sem Kiwanis safnaði fyrir á sínum tíma.



BAKARINN Þórður Ísaksson er að hræra í hvítlaugsbrauð til að hafa í hádeginu.

Meistararar á mörgum sviðum

Klúbburinn Geysir býður þá velkomna sem hafa glímt við geðsjúkdóma og afleiðingar þeirra, aðstoðar þá við að efla sjálfstæði sitt og sjálfstraust og í framhaldinu að fóta sig á vinnumarkaði. Geysir fékk Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins 2014.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gunn@frettabladid.is



Klúbburinn Geysir er í gamla Ópahlúsinu við Skipholt. „Hér varð sá blái til,“ segir Þórunn Ósk Sölvadóttir framkvæmdastjóri glaðlega og maður fær ósjálfrátt vatn í munninn. Húsið er á þremur hæðum og í því eru margar vistarverur sem Þórunn Ósk sýnir okkur Fréttablaðsfólki, eina af annarri. En við byrjum á að skrá okkur inn í húsið, það gera allir, hverra erinda sem þeir koma. Ólöf Þóra Steinólfsdóttir er í mótökunni. Hún kveðst í gríni vera „úr hreppnum“ en þegar nánar er grennslast kemur í ljós að hún er frá Fagradal í Dalasýslu.

Um þrjátíu manns koma í klúbbinn Geysi á dag að meðaltali, í vinnu og á námskeið, að sögn Þórunnar Óskar. „Við erum öll jafningjar hér og samstarfsfélagar,“ segir hún. „Eini munurinn á félögum og öðru starfsfólki er sá að starfsfólkið þarf að skila 40 klukkustunda vinnuviku en félagarnir mæta og fara þegar þeir vilja. Það eru engar kvæðir á þeim. Svo höfum við gleðina ætíð að leiðarljósi og á fimmtudögum gerum við alltaf eitthvað skemmtilegt eftir vinnu, annaðhvort hér eða við förum í sund, keilu eða á kaffihús.“

Fólk úr öllum stéttum

Allir virðast hafa nóg að gera þessa stundina. Á efstu hæð er skrifstofa og þar er fólk að útbúa fréttabréf, undirbúa málþing og uppfæra heimasíðuna www.kgeysir.is Þarna eru okkur réttir bæklingar um starfseminna sem allir eru unnir á staðnum. Þeir bera undirtitilinn „Virgni skapar velíðan“. Einmitt það sem Þórunn Ósk segir markmið klúbbsins snúast um. Að gefa fólki sem hefur átt við andlega erfiðleika að stríða möguleika á að hafa eitthvað fyrir

stafni og nýta sínar sterku hliðar. „Við erum með meistarar í mörgum fögum hér og nýtum okkur það,“ segir Þórunn Ósk og sýnir okkur tölvustofu.

„Viðhaldsdeildarkarlarnir sem kunna á allt í sambandi við tölvur eru bara ekki mættir þennan daginn en það sem aðrir ráða ekki við í tölvunni, það gera þeir,“ segir hún. Við skoðum annað verkstæði með smíðatólum og verkfærum eins og í besta bílskúr. Meðal þess sem þar er í viðgerð þennan daginn er ryksuga og reiðhjólagerð. „Hingað kemur fólk úr öllum stéttum og sinnir þeim störfum sem það er sterkt í. Við reynum að kaupa sem minnsta vinnu,“ segir Þórunn Ósk. „Þrífir eru til dæmis okkar verkefni. Við skiptumst bara á.“

Sturtur og þvottavélar standa félögum til boða. „Þeir sem ekki hafa aðstöðu til að þvo af sér heima geta komið hingað og þvegið. Vélar eru í stanslausri notkun sem er bara gott,“ segir Þórunn Ósk. Hún segir hugmynd hafa komið upp um að kaupa þurrkara en horfið hafi verið frá því þegar einn félagi sem oft hafði séð um þvottinn hafi spurt hvað yrði þá um hans vinnu. „Því fjölbreyttari verkefni sem fólk tekst á við hér, því betra. Með því styrkir það sjálfstraust og færni og eflir hæfni sína í samstarfi og samskiptum. Hún nafna mín hefur nú reynslu af því,“ segir hún og bendir á Þórunn Helgu sem er með okkur í skoðunarferðinni um húsið. „Já, það hefur alveg bjargað mér að koma hingað,“ áréttar Þórunn Helga. „Að passa að næra ekki kvíðann með sænginni, það er stórt atriði.“ Hún kveðst skráð sem starfsmaður Krónunnar en vera frá vinnu þessa dagana. Þórunn Ósk lýsir í framhaldinu fyrirkomulagi sem hún kallar RTR – ráðning til reynslu. „Klúbburinn á störf hjá fyrirtækjum og stofnunum úti í bæ, við þjálfum fólk og ef það veikist sjáum við um afleysingu á meðan, þannig að vinnuveitandinn á ekki að skaðast vegan hugsanlegra fjarvista. Þetta hjálpar



Á **SKRIFSTOFUNNI** Björn Ægir Björnsson, Filip Simonfy, Janina Fietz, Guðmundur Norðdahl, Benedikt Gestsson, Aðalheiður Davíðsdóttir, Þórunn Helga Garðarsdóttir, Þórunn Ósk Sölvadóttir og Guðmundur Kristjánsson.



Í **MÓTTÖKUNNI** Ólöf Þóra Steinólfsdóttir passar að allir sem koma í húsið skrái sig.

félögum að fóta sig á vinnumarkaðinum og byggja upp ferilskrá á ný eftir veikindi.“

Geysisdagur og heilsuvika

Eldhúsið er stórt og gott með heimilislegum borðsal. Þar stendur yfir heilsufundur. 14. júní verður nefnilega svonefndur Geysisdagur og

→ Vinnur samkvæmt alþjóðlegum reglum

Klúbburinn Geysir byggir á alþjóðlegri hugmyndafræði klúbbhúshreyfinga og fer eftir viðmiðunarreglum þeirra. Þar kemur fram að grundvallarmarkmið hreyfingarinnar er að hjálpa fólki sem á við geðræn veikindi að stríða til að þurfa ekki að dvelja á stofnunum á meðan það er að ná markmiðum sínum sem varða félagslíf, fjárhag og atvinnu.

Viðmiðunarreglurnar þjóna einnig hlutverki stjórnarskrár félaga og eru siðareglur starfsfólks og stjórnarmanna. Í þeim er þess krafist að klúbbhúsið sé staður virðingar og tækifæra.

vikuna á undan verður klúbburinn með heilsuviku.

Ilmur af hvítlauk berst frá brauðdeigi sem Þórður Ísaksson er að hnóða. „Hér er enginn ráðinn til að elda. Fólk gerir það af eigin hvötum, bæði félagar og starfsmenn,“ segir Þórunn Ósk. „Mér finnst svo gott að vera hér því ég

þarf ekkert að kunna allt, það eru svo margir snillingar í kringum mig. Þórður hafði til dæmis aldrei komið nálægt eldhússtörfum áður en hann kom hingað en nú býður hann reglulega upp á nýbökud brauð og kökur. Það er alger lúxus. Verst að hann stingur stundum af til Kanarí!“

“ Klúbburinn á störf hjá fyrirtækjum og stofnunum úti í bæ, við þjálfum fólk og ef það veikist sjáum við um afleysingu á meðan, þannig að vinnuveitandinn á ekki að skaðast vegan hugsanlegra fjarvista.

nicorette®

auðveldar þér að hætta að reykja



Taktu prófið og leggðu saman stigin

1. Hve langur tími liður frá því þú vaknar og þar til þú reykir fyrstu sigarettuna?

- Minna en 5 mín. (3) 6-30 mín. (2)
 31-60 mín. (1) Meira en 60 mín. (0)

STIG

2. Átt þú erfitt með að reykja ekki þar sem reykingar eru bannaðar?

- Já (1) Nei (0)

STIG

3. Hvaða sigarettu finnst þér verst að vera án?

- Fyrstu sigarettunnar að morgni (1)
 Einhverrar annarrar (0)

STIG

4. Hve margar sigarettur reykir þú daglega?

- 1-10 (0) 11-20 (1)
 21-30 (2) 31 eða fleiri (3)

STIG

5. Reykir þú meira fyrri hluta dags en seinni hluta?

- Já (1) Nei (0)

STIG

6. Reykir þú þegar þú ert veik/veikur eða rúmliggjandi?

- Já (1) Nei (0)

STIG

Viðmiðunartafla
1 pípa = 3 sigarettur
1 vindill = 4-5 sigarettur
1 smávindill = 3 sigarettur

Samanlagður fjöldi stiga



Mjúkt nikótínlyfjatyggigúmmi með mintu- og ávaxtabragði

Val á Nicorette lyfjaformi

STIG			
1-2	3-5	6-7	8-10
Tyggigúmmi 2 mg	Tyggigúmmi 2 mg	Plástur 25 mg + Tyggigúmmi 2 mg	Plástur 25 mg + Tyggigúmmi 2 mg
Innsogslýf	Innsogslýf	Plástur 25 mg + Innsogslýf	Plástur 25 mg + Innsogslýf
Tungurótartafla/ Munnsgostafla 1 stk.	Tungurótartafla/ Munnsgostafla 1 stk.	Tungurótartafla 2 stk.	Tungurótartafla 2 stk.
QuickMist 1-2 úðar	QuickMist 1-2 úðar	QuickMist 1-2 úðar	QuickMist 1-2 úðar
	Plástur 15 mg	Tyggigúmmi 4 mg	Tyggigúmmi 4 mg
			Nefúðalyf

nicorette®
Fæst án lyfseðils í næsta apóteki



Nikótínlyfjatyggigúmmi



Nefúðalyf



Dagplástur



Innsogslýf



Tungurótartöflur



Munnholsúði

Nicorette nikótínlyf (innihalda nikótín) eru notuð við tobaksfíkn. Þau draga úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum og auðvelda reykingamönnum að draga úr eða venja sig af tobaki. **Skammtar** eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtar eru: lyfjatyggigúmmi 24 stk., innsogslýf 12 tappar, nefúði 80 úðar, forðaplástur 1 stk., tungurótartöflur 40 stk., munnsgostaflur 15 stk., munnholsúði 64 úðar. Ekki er ráðlagt að nota Nicorette lengur en í eitt ár og nefúða og munnholsúða ekki lengur en í 9 mánuði og munnsgostaflur ekki lengur en í 6 mánuði og munnholsúðinn og munnsgostaflurnar eru ekki ætlaðar yngri en 18 ára. Munnsgostaflurnar má aðeins nota handa 12-17 ára skv. ráðleggingum læknis. **Frábendingar:** Ófnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnaða. Þeir sem hafa aldrei reykt. **Varnabarátt:** Reykingarólk með nýlegt hjartaátrétt, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan hábrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skal einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal varúðar við notkun Nicorette hjá einstaklingum sem hafa nýlega farið í kransæðahjúfveituaðgerð og aðrar æðaaðgerðir, hafa fengið ofnæmisþjög eða ofsakláða eða eru með: alvarlegan hábrýsting, stöðuga hjartaöng, hjartabilun, æðasjúkdóm í heila, teppusjúkdóm í slagæðum útlima, sykursýki, ómeðhöndlað skjaldrakjörk, krömfíklaexl, skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi, virkt skeifugarnar- eða magasár, bölgur og skulu þeir sem eru með fruktosaþol ekki nota það. Nefúði eða sjúkdóma í koki eða berkju (innsogslýf). Yfirfærð ávanabinding getur komið fyrir. Lyfjatyggigúmmi inniheldur bútýlhýdroxytólúen, sem getur valdið ertingu í slimhúð, xylitol, sem getur haft hægðalosandi áhrif og Classic inniheldur sorbitól og skulu þeir sem eru með fruktosaþol ekki nota það. Nefúði inniheldur metýlparahýdroxybensóat og própylparahýdroxybensóat, sem geta valdið ofnæmi og mjög sjaldan óndunarerfiðleikum. Ekki er mælt með nefúða handa einstaklingi með næman óndunarveg. Forðaplásturinn getur valdið ertingu í húð og snertifnæmi. Forðast skal sneringu við augu og nef. Nicorette Microtab Lemon inniheldur aspartam sem breytist í fenýlalanín og getur haft skaðleg áhrif á einstaklinga með fenýlketónmígu. Gæta skal að munnholsúði fari ekki í augu. Hann inniheldur lítið magn af etanóli (alkóhól). **Aðgát í návist barna:** Nikótínkammtar sem fullorðnir geta þolað geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænr litlum börnum. Geymið/fargið þar sem börn hvorki ná til né sjá. **Meðganga og brjóstgjöf:** Eingöngu skal nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst yfir fylgju og hefur áhrif á hjartsláttartíðni og óndun fóstursins/nýburans. Nikótín berst í brjóstamjólki í magni sem getur haft áhrif á brjóstmylking. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfshafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000. IS/NIC/2014-12-F-3



HARMLEIKUR Í HAMRABORG Ung kona fannst látin í íbúði í fjölbýlishúsi í Kópavogi árið 2004 og eiginmaðurinn játaði á staðnum. Um var að ræða fjölskyldufólk sem lifði hefðbundnu lífi.

Ástríðuglæpur í stundarbrjálæði

Á Íslandi ganga um 1.600 pör í hjónaband á ári hverju. Árið 2001 var ungt íslenskt par í þessum fjölmenna hópi. Allt lífið var fram undan og sambandið gekk eins og í sögu fyrst um sinn. Þau komu sér vel fyrir í lítilli íbúð og eignuðust tvö börn. Premur og hálfu ári eftir gleðistundina upp við altarið hafði sigið á ógæfuhliðina í hjónabandinu sem endaði með ástríðuglæp.

Suzukitónlistarskólinn
í Reykjavík

Innritun í Suzukitónlistarskólann í Reykjavík

Innritun fyrir skólaárið 2014-2015 er hafin.

Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík býður
uppá suzukikennslu fyrir nemendur á
aldrinum 4ja til 7 ára.

Kennt er á fiölu, víólu, píanó, selló og gítar.

Skrifstofa skólans er opin milli kl. 9.00-13.00
mánudaga-föstudaga.

Nánari upplýsingar í síma 551-5777 eða á
postur@suzukitonlist.is



Áðfaranótt fyrsta dag nóvembermánaðar árið 2004 var lögreglan kvódd að fjölbýlishúsi í Kópavogi. Ung kona var látin og eiginmaðurinn játaði á staðnum að hafa banað konunni. Um var að ræða fjölskyldufólk sem lifði hefðbundnu lífi og var ekki í óreglu. Morðið var ástríðuglæpur, framið í stundarbrjálæði.

„Oft er um að ræða ástríðuglæp milli maka eða fyrrverandi maka þar sem annar aðilinn kemst að því að hann hafi með einhverjum hætti svikinn, t.d. haldið fram hjá. Yfirleitt er um að ræða skyndilegar aðstæður sem koma gerandanum að óvörum. Fórnarlömbin hafa líka oft verið brotleg í sambandinu með einhverjum hætti.“ Þetta segir Anna Kristín Newton réttarsálfræðingur.

Ástríðuglæpir skera sig úr

Ástríðuglæpir skera í sig mörgum tilfellum úr þegar bakgrunnur afbrotamannsins er skoðaður eins og var í tilfelli eiginmannsins í Hamraborg en hann hafði aldrei komið við sögu lögreglu og þótti fyrirmyndarborgari.

„Oft er um að ræða einstaklinga sem öllu jöfnu hafa ekki verið að brjóta af sér með neinum hætti. Það er ólíkt því sem við sjáum hjá hinni hefðbundnu afbrotamannskju sem er oft í margs konar brotum. Hún er í neyslu, brýst inn í bíla og stelur í búðum. Einstaklingar sem fremja ástríðuglæpi eins og við köllum þá eru oft bara venjulegt fólk.“

Ellefu ára dómur

Eiginmaðurinn í Hamraborg var í Héraðsdómi Reykjaness dæmdur til nfu ára fangelsisvistar en Hæsti-



ANNA KRISTÍN NEWTON RÉTTARSÁLFRÆÐINGUR.

rétur þvingdi dóminn um tvö ár. Foreldrum ungu konunnar fannst dómurinn yfir eiginmanninum í fyrstu vera léttvægur.

„Okkur fannst það á sínum tíma vera lélegur dómur. Við hefðum viljað hafa hann mikið þungri. Við missum stúlkuna og okkur fannst hann sleppa billega frá þessu. Hann hafði rétt á að sjá börnin hálfsmánadarlega. Þá þurftum við alltaf að fara upp á Litla-Hraun í alls kyns veðrum og stundum leist okkur ekkert á blikuna. Með tímanum vorum við farin að vona að þetta yrði styttra. Þá yrði þetta ekki eins erfitt fyrir þau.“

Ekkert einsdæmi

Dómurinn sem eiginmaðurinn í Hamraborg fékk er alls ekkert einsdæmi þegar kemur að íslenskum ástríðuglæpum. Í sambærilegu máli árið 1961 banaði maður eigin-

“Oft er um að ræða einstaklinga sem öllu jöfnu hafa ekki verið að brjóta af sér með neinum hætti.”

Anna Kristín Newton
réttarsálfræðingur

konu sinni eftir að hún hrópaði nafn annars manns í rúmi þeirra og var sá dæmdur í sex ára fangavist. Þetta mál var einmitt haft til hliðsjónar í vörn mannsins. Árið 1992 var ung kona einnig dæmd í sex ára fangelsi fyrir að stinga unnusta sinn í stundarbrjálæði. Í öllum þessum málum þóttu sérstakar refsilækkunarástæður eiga við vegna aðstæðna.

Fjallað verður ítarlega um málið og fleiri hliðum velt upp í lokabætti Íslenskra ástríðuglæpa á sunnudag klukkan 20.50 á Stöð 2.

HONDA

The Power of Dreams

STUTTA SPILIÐ & LANGA FERÐIN

HORFÐU Á HEILDARMYNDINA



HONDA CR-V KOSTAR FRÁ KR. 5.190.000

Hvort sem þú vilt sparneytni, rými og þægindi í golfið eða fjórhjóladrif og öruggt veggrip fyrir krefjandi vegi þá er Honda CR-V fyrir þig. Bættu við hagstæðu verði og 5-stjörnu öryggi og þú sérð heildarmynd hagkvæma borgarjéppans sem hefur rakað að sér verðlaunum í öllum heimsálfum. Heildarmyndin endurspeglast í háu endursöluverði og verðlaunum sem áreiðanlegasti bílaframleiðandi heims áttunda árið í röð. Keyrðu Honda CR-V, betri 4x4 þegar á allt er litið.

honda.is/cr-v



Vatnagörðum 24-26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800, Bílver, Akranesi, sími 431 1985
Höldur, Akureyri, sími 461 6020, Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535





19 DAGAR Í FYRSTA LEIK

E-RIDILL

Franck Ribéry
31 árs vængmaður franska landsliðsins
Einn af bestu leikmönnum heims á síðasta ári

FRAKKAR gerðu sig að fíflum í S-Afríku og þurfa að endurheimta sjálfsvirðinguna. Liðið var heppið með riðil sem það ætti að vinna. Hópurinn er sterkur og með unga menn á borð við Pogba og Varane, þá virðist framtíðin björt.

EKVADOR stóð sig með þryði í Þýskalandi fyrir fjórum árum og er með betra lið en margir halda. Þjálfarinn Reinaldo Rueda hefur sett stefnuna á að fara upp úr riðlinum en Ekvador fer varla lengra en í 16-liða úrslit.

SVISS teflir fram ungu og öflugum liði sem hefur aðeins tapað einum af síðustu 14 leikjum. Svissneska liðið er vel skipulagt af hinum reynda og sigursæla Ottmar Hitzfeld sem hættir í þjálfun eftir HM og vill því kveðja með stæl.

HONDÚRAS vann ekki leik og skoraði ekki mark á HM 2010 og það er fátt sem bendir til þess að einhver breyting verði þar á í sumar.

F-RIDILL

Edin Džeko
28 ára framherji Bosníumanna
Lykilmaður í framlinu Englandsmestara Man. City

ARGENTÍNA hefur beittari sóknarvopn en flest lið á HM, en markvarðarstaðan er spurningarkerki. Alejandro Sabella virðist hafa tekið það sem forverum hans tókst ekki; að koma jafnvægi á liðið og ná því besta út úr Lionel Messi.

NÍGERÍA er ríkjandi Afríkumeistari og er líklegasti fulltrúi heimsálfunnar til að fara langt í sumar. Stephen Keshi hefur búið til sterka liðsheild og nígeríska liðið er hættulegt í skyndisóknum.

BOSNÍA þreytir frumraun sína á HM og það verður spennandi að sjá hvernig nýliðunum tekst til. Möguleikinn að fara upp úr riðlinum er sannarlega til staðar, en leikurinn gegn Nígeríu verður lykilleikur.

ÍRANAR urðu eftir í nokkuð sterkum riðli í undankeppninni í Asíu og eru sýnd veiði en ekki gefin. Liðið er vel skipulagt.

Diego Maradona
Miðjumaður frá Argentínu
4 HM-keppnir 1982-1994
2 HM-VERÐLAUN
GULL 1986 SILFUR 1990

BESTA HM-KEPPNIN
25 ára á HM 1986
5 mörk, 5 stoðsendingar
TÖLFRÆÐIN HANS Á HM
21 leikir, 8 mörk
12 sigrar, 4 jafntefli, 5 töp



Lionel Messi

Í SAMANBURÐI VIÐ GÓDSAGNIR HM-SÖGUNNAR

Lionel Messi heldur upp á 27 ára afmælið sitt á meðan HM í Brasilíu stendur yfir en eins frábær og Messi hefur verið í mörg ár með Barcelona á hann enn eftir að sanna sig á stærsta sviðinu – í sjálfri heimsmeistarakeppninni.

Stund Messíasar runnin upp?

Lionel Messi hefur unnið allt sem hægt er að vinna með Barcelona, en að margra mati kemur hann aldrei til greina sem sá besti í sögunni fyrr en hann vinnur heimsmeistaratitilinn með argentínska landsliðinu.

Ingvi Þór Sæmundsson
sport@frettabladid.is

Það var snemma ljóst að Diego Maradona byggði yfir hæfileikum sem fáum eru gefnir. Leiðin á toppinn var hins vegar ekki greið. Frumraun Maradona á HM (1982 á Spáni) endaði illa, en eftir illa meðferð af hendi varnarmanna andstæðinganna í gegnum allt mótið missti hann stjórn á sér í lokaleiknum gegn Brasilíu og fékk rautt spjald fyrir groft brot á varamanninum Joao Batista da Silva.

Fjórum árum síðar í Mexíkó var hins vegar ekkert sem gat stöðvað Maradona. Hann fór fyrir góðu, en ekki frábæru, argentínsku liði og skoraði fimm mörk og lagði upp önnur fimm á leið þess að heimsmeistaratitlinum. Fyrir vikið öðlaðist hann eilíft líf í hugum fótboltaáhugamanna. Fólk bíður enn eftir því að Lionel Messi leiki sama leikinn.

Hið stóra en
Messi verður 27 ára í júní. Hann hefur unnið allt sem hægt er að vinna með Barcelona oftar en einu sinni, þar af Meistaradeild Evrópu í þriggja. Hann hefur orðið heimsmeistari ungmenna og Ólympíumeistari. Það þyrfti manneskju í

fullu starfi til að halda utan um allar viðurkenningar sem hann hefur fengið og öll met sem hann hefur slegið. Hann skorar mörk í tonnatali, storkar náttúrulögmálunum í hverri viku og lætur hið ómögulega líta hversdagslega út. En hann hefur aldrei unnið HM. Það er alltaf þetta en.

Sama hvað Messi gerir, sama hversu mörg mörk hann skorar, sama hversu margra titla hann vinnur, sama hversu mörg met hann setur, þá verður alltaf til staðar hópur fólks sem er ekki tilbúið að samþykka hann sem þann besta fyrr en hann verður heimsmeistari. Þótt félagslíðafótbolti hafi tekið fram úr landsliðafótboltanum á síðustu áratugum og Meistaradeild Evrópu sé án efa erfiðasta mót sem fyrirfinnst, þá er HM enn hinn heilagi gral fótbólts.

Meistarinn og arftakinn
„Það er mikið hrós að vera borinn saman við Maradona, en ég get ekki enn samþykkt þann samanburð,“ sagði Messi nýverið í samtali við Goal. „Hann gerði svo mikið fyrir argentínska landsliðið – og að mínu mati getur enginn leikmaður talist með þeim allra bestu fyrr en hann hefur unnið HM.“
Margir hafa verið kallaðir „hinn nýi Maradona“ – Diego Latorre, Ariel Ortega, Juan Román Riquelme, Javier Sav-

iola, Pablo Aimar o.fl. – en Messi er sá sem kemst næst því að vera arftaki meistarans. Samanburður á þessum tveimur snillingum er óhjákvæmilegur, en jafnframt nokkrum annmörkum háður. Það er erfitt að bera leikmenn frá ólíkum tímabilum saman, enda hefur leikurinn sjálfur tekið breytingum í árunna rás, og það er sömuleiðis erfitt að setja mælistiku á mikilleika fótboltamanna. Á að fara eftir fjölda titla? Fjölda marka? Áhrifum á samherja? Áhrifum á sam-tímam?

Svo skipta aðstæður líka máli. Þótt það ætti seinna eftir að slitna upp úr venskap þeirra, þá var Carlos Bilardo hinn fullkomni þjálfari fyrir Maradona á sínum tíma. Bilardo fann réttu leikaðferðina sem gerði hans besta leikmanni kleift að blómstra, án þess þó að það kæmi niður á jafnvægi liðsins.

Sumarið er tíminn
Til að gera langa sögu stutta hefur Messi ekki verið jafn heppinn með þjálfara, fyrr en nú. Alfio Basile, Maradona og Sergio Batista fundu ekki réttu blönduna og þótt það afsaki ekki misjafna frammistöðu hjá Messi á HM 2010 og í Suður-Ameríkukeppninni 2011 – honum mistókst að skora á báðum mótunum þar sem Argentínumenn féllu út í átta liða úrslitum – þá hefur það vafalítið haft sitt að segja.

Svo það sé orðað þetta, þá er Diego Maradona margt til lista lagt í lífinu, en að þjálfra fótbolta er ekki eitt af því.

Alejandro Sabella, sem tók við argentínska landsliðinu sumaríð 2011, virðist hins vegar hafa fundið réttu blönduna. Hann leggur áherslu á sóknarleik og lætur Argentínu spila leikaðferðina 4-3-3, þar sem þeir Sergio Agüero og Gonzalo Higuaín leika við hlið Messis í framlinunni. Sabella gerði þann síðastnefnda strax að fyrirliða landsliðsins og Messi hefur svarað kallinu með 20 mörkum í síðustu 23 leikjum með landsliðinu. Argentína fór örugglega í gegnum Suður-Ameríkuriðilinn og liðið hefur aðeins tapað fjórum af 32 leikjum undir stjórn Sabellas.

Markmiðið er einfalt
Það telur hins vegar lítið þegar út í alvöruna er komið. Nú er kominn tími fyrir Messi að láta til sín taka á því stóra sviði sem HM er.
„Við komum fullir sjálfstraust inn í mótið,“ sagði Messi á dögunum við ESPN. „Við eigum góða möguleika á að gera stóra hluti. Við erum rólegir, en jafnframt fullir tilhlokkunar að reyna að ná markmiðum okkar.“ Markmiðið er einfalt: að vinna HM í fyrsta sinn frá því Diego Maradona leiddi Argentínu til heimsmeistaratitils í Mexíkó fyrir 28 árum.


• Pele
Framherji frá Brasilíu
4 HM-keppnir 1958-1970
3 HM-VERÐLAUN
GULL 1958, 1962, 1970
BESTA HM-KEPPNIN
29 ára á HM 1970
4 mörk, 5 stoðsendingar
TÖLFRÆÐIN HANS Á HM
14 leikir, 12 mörk
12 sigrar, 1 jafntefli 1 tap

• Ronaldo
Framherji frá Brasilíu
4 HM-keppnir 1994-2006
2 HM-VERÐLAUN
GULL 1994*, 2002
SILFUR 1998
*Var í hóp en spilaði ekki
BESTA HM-KEPPNIN
25 ára á HM 2002, 8 mörk
TÖLFRÆÐIN HANS Á HM
19 leikir, 15 mörk
15 sigrar, 1 jafntefli 3 töp

• Zinedine Zidane
Miðjumaður frá Frakklandi
3 HM-keppnir 1998-2006
2 HM-VERÐLAUN
GULL 1998 SILFUR 2006
BESTA HM-KEPPNIN
26 ára á HM 1998
2 mörk í úrslitaleiknum
TÖLFRÆÐIN HANS Á HM
12 leikir, 5 mörk
7 sigrar, 4 jafntefli, 1 tap

• Franz Beckenbauer
Varnarmaður frá Þýskalandi
3 HM-keppnir 1966-1974
3 HM-VERÐLAUN
GULL 1974
SILFUR 1966
BRONS 1970
BESTA HM-KEPPNIN
28 ára á HM 1974
TÖLFRÆÐIN HANS Á HM
18 leikir, 5 mörk
14 sigrar, 1 jafntefli 3 töp

• Garrincha
Kantmaður frá Brasilíu
3 HM-keppnir 1958-1966
2 HM-VERÐLAUN
GULL 1958, 1962
4 mörk



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



GENGIÐ AÐ ELLIÐAÁM

Náttúruganga verður frá Gerðubergssafni í dag kl. 14. Gangan er leidd af náttúrufræðingum og hefur sérstakt þema. Gengið verður niður að Elliðaám. Boðið hefur verið upp á göngur um helgar í næsta nágrenni bókasafna sem öll eiga það sameiginlegt að vera í nálægð við fjölskrúðuga náttúru.

HÆTTU Í MEGRUN VERTU FIT



FIT kjúklinga-salat
1.790 KR



FIT kjúklinga-spjöt
1.790 KR

FIT réttir eru hannaðir með Alexandru Bif, ljálfara ljá "Betri Árangur" sem hjálpað hefur fjölda kvenna að komast í sitt besta form. Þær eru lögð áhersla á hrættan mat, próteinríkan og fitusnæðan.



Suðurlandsbraut 4 533 1033 www.culiacan.is



Við skutlum Júlíu heim

Birtingur treystir okkur fyrir öruggri dreifingu á Júlíu

Póstdreifing

Póstdreifing | Vatnagördum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is



FINNUR MIKINN MUN
Erna finnur mikinn mun á sér eftir að hafa dvalið á Heilsuhótelinu. Hún hefur farið þangað árlega undanfarin ár.
MYND/VÍKURÉTTIR

EINS OG NÝ KONA

HEILSUHÓTEL ÍSLANDS KYNNIR Erna Árnadóttir lætur vel af dvöl sinni á Heilsuhótelinu Íslands enda hefur hún farið þangað fimm sinnum.

Erna Árnadóttir hefur farið árlega á Heilsuhótel Íslands síðastliðin fimm ár og er alltaf jafn ánægð með dvölinna þar. „Það er alltaf jafn notalegt að koma á Heilsuhótelinu. Starfsfólkið er frábært og yndislegt og ég hitti alltaf skemmtilegt fólk þar. Ég verð bara eins og ný úr kassanum á eftir.“

Hefðbundin meðferð á Heilsuhótelinu tekur tvær vikur. Dagskráin er einföld og byggist á ákveðnu mataræði, þar sem aðaluppistaðan er grænmeti og ávextir, súpur og safar, heilbrigð hreyfing, sogæða- og bólgueyðandi nudd, gufuböð, hvíld og slökun. „Ég hef nýtt mér þjónustuna sem er í boði á hótelinu. Á síðasta námskeiði var til dæmis boðið upp á jóगतíma klukkan sjö á morgnana, sem mér fannst alveg frábært. Það er toppurinn á tilverunni að geta byrjað daginn á þennan hátt. Einnig var ég dugleg að nýta mér innrauða klefann, sem mér finnst einstaklega gott að fara í. Hitinn í honum vinnur vel á öllum bólgum í líkamanum og ég bókstaflega fann þær hverfa úr mjöðmunum á mér en ég er með slit í mjöðmum. Fyrirlestrararnir eru líka frábærir og ég hef lært mikið af því að hlusta á þá. Í fyrsta skiptið sem ég fór tók ég ekki allt inn, það er svo mikið af upplýsingum sem eru gefnar þarna en smátt og smátt hef ég orðið meðvitaðri um hvað ég læt ofan í mig,“ segir Erna og brosir.

Hún segist hafa breytt um lífsstíl að ákveðnu leyti eftir að hafa dvalið á Heilsuhótelinu. „Ég er

hætt að nota hvítt hveiti og hvítan sykurl. Ég hef líka oftast hætt við að fá mér eitthvað sem er ekki gott fyrir mig eftir að ég fékk aukna vitneskju um mataræðið og finn að mér líður betur eftir að hafa bætt það. Það er svo auðvitað aukabónus að hafa lést um nokkur kíló við dvölinna á Hótelinu.“

Erna segist skilja af hverju allir séu að fara á Heilsuhótelinu. „Mér líður alltaf svo vel eftir að hafa farið þangað og mæli með því fyrir alla. Svo hittist það þannig á að það er alltaf skemmtilegt fólk þar á þeim tíma sem ég hef verið þar, ég held að það sé bara skemmtilegt fólk sem velur að fara þangað,“ segir hún og hlær.

heilsuhótel
Íslands

Næstu námskeið við
Heilsuhótel Íslands

Heilsunámskeið, tvær vikur
6.-20. júní, vinsæll tími

Munið að panta tímanlega 😊

www.heilsuhotel.is

Sími: 512 8040

FERÐAMÁLA
SKÓLINN

STARFSTENGT FERÐAFRÆÐINÁM

Ævintýrlegur starfsvettvangur

Langar þig að starfa í ört vaxandi atvinnugrein
– eða ertu starfandi í ferðaþjónustu?

Kynntu þér spennandi nám sem býður upp á mörg tækifæri og möguleika

Innritun lýkur 28. maí

WWW.MK.IS

Ferðamála skólinn sími: 594 4020

MENNTASKÓLINN Í KÖPAVOGI
HÓTEL OG NATVÉLASKÓLINN · FERÐAMÁLASKÓLINN · SEIÞYÓGUSKÓLINN



HELGARSPJALLIÐ | JÓHANNA GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR

DISKÓDÍS SEM ER SÓLGIN Í ÍS

HELGIN Það verður dúndrandi diskóstuð á Spot í kvöld þegar diskódívan Jóhanna Guðrún fer fyrir spánnýrri Diskólest og rifjar upp Hollywood-árin.

Hvað ætlar þú að gera sérstakt um þessa helgi? Ég fer alltaf í langan göngutúr með hundana mína. Mér finnst svo endurnærandi að komast út, hreyfa mig og hreinsa hugann í leiðinni. Ég fer reyndar mikið út að ganga dagsdaglega en það er alltaf tekin extra löng ganga um helgar.

Hvað ætlarðu að gera sérstakt um þessa helgi? Ég verð að spila á útgáfutónleikum Baggalúts í kvöld og skelli mér svo beint á Spot til að syngja með Diskólestinni. Það verður megastuð og við í hljómsveitinni erum rosalega spennit fyrir þessu giggi.

Hvar finnst þér best að vera um helgar? Mér finnst best að vera uppi á sviði að syngja.

Vakirðu lengur um helgar? Ég vaki fram eftir ef ég er að spila á balli. Annars er ég oftast sofnuð um miðnætti. Ég er A-manneskja að eðlisfari.

Ertu árrisul eða sefurðu út? Mér finnst gott að vakna snemma og laga gott kaffi. Svo sest ég inn í stofu og hef það notalegt.



Hver er draumamorgunverðurinn? Það eru amerískar pönnukökur með sírópi og melónum.

Hvernig er dæmigert laugardagskvöld í þínu lífi? Þegar maður er starfandi tónlistarmaður er engin helgi eins. Ég er oftast að syngja einhvers staðar og verkefni eru jafn mismunandi og þau eru mörg. Það gerir þessa vinnu mjög skemmtilega.



Ertu með nammidag og hvert er uppáhaldssælgætið þitt? Ég er ekki með nammidag og reyni frekar að fá mér lítið í einu og oftar. Ég er algjör ísfíkill og borða vandræðalega oft ís. Sælgæti er mér ekki jafn mikilvægt.

Hvað maularðu í sjónvarpssófanum á laugardagskvöldi? Nú, auðvitað ís!

Heldurðu hvíldardaginn heilagan? Ég reyni, en það gengur misvel. Það liggja alltaf fyrir verkefni sem hafa hlaðist upp yfir vikuna og þarf að sinna og mér þykja sunnudagar góðir í að ganga frá lausum endum.

Ferðu til kirkju eða hlustar á útvarpsmessuna á sunnudagsmorgnum? Nei.

Hvað verður með sunnudagskaffinu og með hverjum drekkur þú



DISKÓDÍS Jóhanna Guðrún rifjar upp stemninguna frá því á diskóárunum í Hollywood og Broadway í kvöld og spreytir sig á flottustu diskólögum í heimi. MYND/SVEINBI

Það? Ég er mikill kaffisnobar og elska að hella upp á gott kaffi. Við Davíð drekkum sunnudagskaffið saman og okkur finnst nóg að fá okkur einn sterkan cappuccino. Meðlæti er óþarfi en ef við fáum gesti skelli ég í vöffur.

Til hvers eru helgarfrí, að þínu mati? Til að gera eitthvað skemmtilegt með fjölskyldu og vinum sem ekki gefst tími til í vinnuvíkunni. Einnig finnst mér nauðsynlegt að hlaða batteri þegar maður á helgarfrí.

Hvers vegna steigstu um borð í Diskólestina? Af því að diskó er langbesta tónlistin til að dansa og

skemmta sér við. Við ætlum að sanna það á Spot í kvöld.

Hvert er þitt uppáhaldsdiskólag? Ég held mikið upp á lagið September með Earth, Wind and Fire.

Ertu diskódís að upplagi? Heldur betur. Ég hef alltaf elskað diskó. Diskótímabilið gaf af sér rosalega flotta söngvara og söngkonur, eins og Donnu Summer, Diónu Ross, Stevie Wonder og Patti Labelle, svo fátt sé upptalið.

Hvert stefnir Diskólestin í sumar? Við gefum allt í botn á Spot í kvöld og sjáum svo hvað setur. Áhugasamir geta fylgst með okkur á Facebook. **thordis@365.is**

GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

Parftu að pissa oft á nóttunni?

20% afsláttur

PRO-STAMINUS

Fæst í apótekum, heilsuþúðum og heilsuhillum stórmarkaða

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Kolbeinn Kolbeinsson, kolli@365.is, s. 512-5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Sýningin Þín samsetta sjón verður opnuð í Hafnarhúsinu í dag. Þar gefur að líta tæplega fimmtíu verk úr safneign Listasafns Reykjavíkur eftir marga af þekktustu myndlistarmönnum samtímans á Íslandi.

Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is

Þetta eru tæplega fimmtíu verk eftir jafnmarga listamenn frá tímabilinu 1970 til 2010,“ segir Klara Þórhallsdóttir, fræðslustjóri Listasafns Reykjavíkur, um sýninguna Þín samsetta sjón sem opnuð verður í Hafnarhúsinu í dag. Verkin eru öll úr safneign Listasafnsins og margir af þekktustu starfandi listamönnum landsins eiga verk á sýningunni. Þar má nefna Ólaf Elíasson, en titill sýningarinnar er sóttur í verk eftir hann, Ragnar Kjartansson, Gjörningaklúbbinn, Gabrieli Friðriksdóttur og Hrein Friðfinnsson. „Hafþór Yngvason, sem er sýningarstjóri, vildi að þetta væru verk sem komu fram eftir SÚM-kynslóðina,“ segir Klara. „Og það vildi svo til að elsta verkið, sem er eftir Sigurð Guðmundsson, er frá 1970. Það má segja að þetta sé rjóminn af safneigninni frá þessu tímabili, það er ekkert beint þema.“

Verkin á sýningunni eru fjölbreytt, miðlarnir margir og viðfangsefni ólík. Hér má sjá staðbundnar innsetningar, minimalíska skúlptúra, hugmyndalist í ýmsum miðlum, gjörningatengda vídeólist og verk byggð á rannsóknnum. Viðfangsefni eru allt frá sjálfhverfri fhugun um eðli listarinnar til þjóðfélagsádeilu og afbyggingar viðtekinn hugmynda um „norðrið“ og íslenskan menningararf. „Þetta er mjög stór sýning og langt síðan sett hefur verið upp sýning þar sem allir þessir íslensku listamenn mætast,“ segir Klara. „Þeir eru mjög ólíkir en eiga það sameiginlegt að spretta upp úr svipuðum hugmyndagranni þannig að það er frumtíðlegt að sjá hvernig þessi verk tala saman.“

Í heild teljast um sautján þúsund verk til safneignar Listasafns Reykjavíkur, hvar eru þau milli þess sem settar eru upp sýningar



ÞÍN SAMSETTA SJÓN „Það er forvitnilegt að sjá hvernig þessi verk tala saman,“ segir Klara Þórhallsdóttir, fræðslustjóri Listasafns Reykjavíkur.

á þeim? „Þau eru í geymslum eða í láni á öðrum sýningum, en það er eitt af hlutverkum safnsins að lána verk, sjá til þess að þau komi heil til baka og varðveita þau,“ segir Klara. „Þótt sum þessara verka hafi verið sýnd á undanförunum árum þá er merkilegt að sjá þau í þessari heild. Við erum náttúrulega alltaf að leitast við að skrifa söguna og skoða samhengi hlutanna eða hvort það sé eitthvert samhengi yfirhöfuð. Það má vissulega sjá ákveðna samkennd milli verkanna og þótt oft sé erfitt að setja puttann á það hvað

það nákvæmlega er sem tengir öll þessi verk er hér komin sýning sem virkilega reynir á það að maður skoði samhengið í myndlistarsögunni. Ég þykist allavega sjá ákveðna orðræðu sem hefur skapast hér á Íslandi þessa hálfu öld og þessi verk eru sprottin upp úr. SÚM-kynslóðin breytti viðhorfi fólks til myndlistar á sjöunda áratugnum og þessi sýning sýnir vel hvernig þróunin hefur verið síðan þá.“

Opnunin hefst klukkan 16 í dag og sýningin stendur til 7. september. Sýningarstjóri er Hafþór Yngvason.

„Við erum náttúrulega alltaf að leitast við að skrifa söguna og skoða samhengi hlutanna eða hvort það sé eitthvert samhengi yfirhöfuð.“

Skjaldborg er fordómalaus hátíð með fjölbreyttri dagskrá

Prettán nýjar íslenskar heimildarmyndir verða frumsýndar á Skjaldborgarhátíðinni á Patreksfirði um hvítasunnuna. Auk þess verður sýnt úr fimm verkum í vinnslu og þrjár myndir eftir heiðursgest hátíðarinnar, Victor Kossakavosky.

Dagskrá Skjaldborgar, hátíðar íslenskra heimildarmynda, var birt í gær. Hátíðin verður haldin í áttunda sinn um hvítasunnuhelgina, 6. til 9. júní, og mun að vanda fara fram í Skjaldborgarbíói á Patreksfirði. „Þetta er orðin ansi rótgróin hátíð sem hefur þá sérstöðu að frumsýna íslenskar heimildarmyndir,“ segir Hafsteinn Gunnar Sigurðsson, einn skipuleggjenda Skjaldborgarhátíðarinnar. „Við munum frumsýna þrettán myndir í ár, hverja annarri áhugaverðari, og auk þess erum við með lið sem heitir verk í vinnslu þar sem kvikmyndagerðarfólk kynnir myndir sem eru á vinnslustigi, sem er oft mjög fróðlegt bæði fyrir kvikmyndagerðarfólk sjálf og áhorfendur. Í ár verður sýnt úr fimm myndum á vinnslustigi. Rúsinan í pylsuendanum er svo heiðursgesturinn okkar, alþjóðlega heimildarmyndagerðarstjarnan Victor Kossakavosky, en þrjár af myndum hans verða sýndar á hátíðinni.“

Á meðal kvikmyndagerðarfólks sem á myndir á hátíðinni í ár eru Ari Alexander Ergis Magnússon, Árni Sveins, Hulda Rós og Helga



HAFSTEINN GUNNAR

„Þetta er orðin ansi rótgróin hátíð sem hefur þá sérstöðu að frumsýna íslenskar heimildarmyndir.“
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rakel, Helgi Felixson og fleiri. Viðfangsefni eru að sama skapi fjölbreytt, eða allt frá taflenskum sjávarsígaunum til Þórðar frá Dagverðará. Hafsteinn segir dagskrána vera ansi þetta og að myndirnar verði sýndar hver á fætur annarri án afláts. „Við byrjum á föstudagskvöldi og sýnum myndir frá 10 á morgnana til 10 á kvöldin bæði laugardag og sunnudag. Svo endar hátíðin á mjög svo hressu

dansiballi í félagsheimilinu þar sem áhorfendaverðlaun Skjaldborgar, Einarinn, eru veitt. Þetta er mjög lýðræðislegt og það eru eingöngu áhorfendur sem velja bestu myndina, engin dómnefnd, enda er þessi hátíð fordómalaus og dagskráin fjölbreytt eftir því.“

Hægt er að kynna sér dagskrána í heild og lesa umfjöllun um einstakar myndir á heimasíðunni skjaldborg.com/heimildarmyndir. - fsb

18. stórsveitamaráðuneytið

Stórsveit Reykjavíkur stendur fyrir árlegu stórsveitamaráðuneyti á veitingastaðnum Munnhörpunni í tónlistarhúsinu Hörpu á morgun frá klukkan 13 til 16. Að vanda býður Stórsveitin til sín yngri og eldri stórsveitum landsins og leikur hver hljómsveit í u.þ.b. 30 mínútur.

Að þessu sinni koma eftirfarandi stórsveitir fram: Stórsveit Reykjavíkur, Stórsveit Skólahljómsveita Reykjavíkurborgar, Stórsveit Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar, Stórsveit Tónlistarskóla FÍH, Stórsveit Tónlistarskóla Garðabæjar og Stórsveit Öðlinga.

Stórsveitamaráðuneytið er nú haldið í 18. sinn en þessi skemmtilega uppákoma er þáttur í uppeldisviðleitni Stórsveitar Reykjavíkur. Dagskrá verður fjölbreytt og skemmtileg og gera má ráð fyrir að flytjendur verði um 120. Sveitirnar eru á ólíkum getustigum og aldri; allt frá börnum til eldri borgara.

Aðgangur er ókeypis og öllum heimill á meðan húsrúm leyfir, en áhorfendur eru frjálst að koma og fara á meðan maráðuneyti stendur yfir.



Tilttekt



Við tökum til
og bjóðum valdar vörur
á stórlækkuðu verði.

FRITZ HANSEN, ROSENDAHL, STELTON,
ERIK JORGENSEN, MARIMEKKO,
JOSEPH JOSEPH, CARL HANSEN,
ARTIFORT OG ALLIR HINIR

Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkflugvöllur / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is



15-70% AFSLÁTTUR

**Í DAG LAUGARDAG
OG Á MORGUN
SUNNUDAG
24. - 25. MAÍ**



HÖNNUÐURINN Mörg af þekktustu vörumerkjum landsins eru eftir Gísli.

MYND/HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

Hönnun Gísla B í Ketilhúsinu

„Þetta er sumarsýning Ketilhússins og það er mikill fengur að henni,“ segir Ármann Agnarsson sýningarstjóri um yfirlitssýningu Gísla B. Björnssonar, sem opnuð verður í Ketilhúsinu á Akureyri klukkan 15 í dag. Hún nefnist Fimm áratugir í grafískri hönnun. Þar er horft yfir feril Gísla og sýnd gömul myndbrot af auglýsingastofu hans en hann er einn atkvæðamesti grafíker íslenskrar hönnunarsögu. Mörg af þekktustu vörumerkjum landsins eru hans smíð. Má þar nefna merki Sjónvarpsins, Norræna félagsins og Hjartaverndar.

Á morgun, sunnudag, klukkan 14 heldur Gísli fyrirlestur í Ketilhúsinu undir yfirskriftinni Góð merki og ekki. Aðgangur er ókeypis bæði að sýningunni og fyrirlestrinum.

Sýningin kemur frá Hönnunarsafni Íslands.

Miklar dansæfingar hafa staðið yfir hjá kórnum

Kammerkór Suðurlands heldur tónleika í Hörpu í dag. Þrjár Shakespeare-sonnettur eftir Sir John Tavener munu hljóma og er um frumflutning á Íslandi að ræða. Einnig verða flutt verk eftir ung tónskáld, Páll á Húsafelli leikur óð til Kjarvals á rabarbaraflautu og Patricia Rozario syngur með barokksveit.

„Við erum með verk eftir ung tónskáld sem eru framtíðarfólkið okkar,“ byrjar Hilmar Örn Agnarsson kórstjóri þegar hann er beðinn að lýsa í stórum dráttum tónleikum Kammerkórs Suðurlands í Hörpu. Hann nefnir fyrst Pál Guðmundsson á Húsafelli sem samdi lagið Ég heilsa þér Kjarval við ljóð eftir afa sinn og nafna. „Páll leikur á flautu sem hann bjó til úr sjö ára gömlum rabarbara og er með hreinum tón eins og úr samblandi af panflautu og trompet,“ segir Hilmar Örn og heldur áfram. „Magga Stína á eitt nýju laganna. Hún hefur verið á æfingum með okkur að elta sándið. Strákurinn minn, Georg Kári, sem er í framhaldsnámi í Bandaríkjunum, er með lag sem heitir Nótt. Vala Gestsdóttir er með yndislegt verk við stórkostlegan texta eftir ömmu sína, móður Þórunnar og Lilju Valdimars. Jack White fékk Sjón til að semja texta við sitt verk sem fjallar um vatn í öllum myndum og miklar dansæfingar hafa staðið yfir hjá kórnum því hann er á hreyfingu meðan hann flytur það.“

Þá er komið að tónlist Sir Johns Tavener og Hilmar Örn nefnir strax Patriciu Rozario sópransöngkonu sem hann segir á heimsmaelikvarða. „Patricia frumflutti flest verk Taveners. Ég bauð henni á

tónleikana okkar í London í fyrra og það er eins og hún hafi alla tíð þekkt okkur. Hún syngur um hina eilífu sólarupprás og ég fékk barokkhljómsveit til að spila með henni. Svo höldum við áfram með Tavener, meðal annars Shakespeare-sonnettur hans. Það er frumflutningur á Íslandi og stór viðburður. Sonnettarnar voru það síðasta sem Tavener samdi og í textanum stendur: Ekki syrgja mig þegar ég er farinn. Hann dó einmitt þremur dögum áður en við sungum í London.“

Hilmar Örn telur upp fleiri listamenn sem koma fram með kórnum: Adrian Peacock djúpbassasöngvara, Björgu Þórhallsdóttur sópran, Elísabetu Einarsdóttur sópran og Hrólfr Sæmundsson barítón. Einnig Tuiv Hirv sópran, sem syngur einsönginn í Shakespeare-sonnettunum. „Ég var að komast að því að Tuiv og Patricia eru miklir vinir.“ segir hann. „Svona eru tengingar í allar áttir.“

Er kórstjórinn ekkert stressaður fyrir svona stórtónleika? „Ég er ótrúlega rólegur. Þetta er svo gott fólk sem er með mér og ég finn fyrir mikilli eftirvæntingu.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 16 í dag í Norðurljósasal Hörpu. Þeir eru á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík og verða endurteknir 28. maí í Skálholti.



Í HÖRPU Hilmar Örn kórstjóri og Patricia Rozario sópransöngkona búa sig undir tónleikana full eftirvæntingar.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



Við munum tvöfalda íþróttá- og tómstundastyrkinn

- Breyta reglum þannig að nýta megi allan styrkinn á einum stað, þar með talið í tónlistarnám
- Nýta íþróttahúsin betur í tengslum við dægradvöl og styðja við aukna fjölbreytni hennar
- Byggja nýtt íþróttahús við Vatnsendaskóla
- Hafa frítt í sund fyrir eldri borgara og börn 10 ára og yngri

Áfram Kópavogur!

KARLSVAKA



**Stórtónleikar
í Eldborg Hörpu
12. september 2014
kl. 21.00**

Fjölmörg af stærstu nöfnum íslenskrar
tónlistar sameinast í minningu um
orgelmeistarann Karl J. Sighvatsson

**BJÖRGVIN HALLDÓRSSON
FLOWERS
MANNAKORN
HJALTALÍN
APPARAT ORGAN KVARTETT
MAGNÚS KJARTANSSON
MEGAS
MUGISON
ÓLAFUR ARNALDS
GUNNAR ÞÓRÐARSON
KK
DAVÍÐ ÞÓR JÓNSSON**

Efnisskrá inniber meðal annars:

Hallgrímur kvað? - eftir Karl J. Sighvatsson
o.fl. í nýrri útsetningu Viktors Orra Árnasonar
fyrir kammersveit og rafmagnaða hrynsveit

Pílagrímakórinn eftir Wagner, Blómið eftir
Karl J. Sighvatsson, Atómstöðin eftir
Karl J. Sighvatsson

Miðasala á midi.is og harpa.is

Allur ágóði af tónleikunum rennur til
Minningarsjóðs Karls J. Sighvatssonar
sem styrkir ungt tónlistarfólk til náms.

Styrktaraðilar
Karlsvöku:



KRÓNAN



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL



TILBOÐ

995
kr. kg.

OS Heimilisostur



229
kr. 1 kg.

Bónus Kornbrauð 1 kg. 13 samlokur/ 18 kr. stk.



398
kr. boxið

Bónus Silkiskorin lúxusskinka 120g
98% KJÖT- EKKERT VIÐBÆTT VATN



298
kr. 425g

E Finnsson Hamburgarasósa 425g
E Finnsson Samlokusósa 425g



159
kr 4 stk.

120 gramma
hamborgari
í brauði aðeins
200 KR

1598
kr 10 stk. 120g

KJARNAFÆÐI Frosnir 100% nautgripa-hamborgarar 120g
BÓNUS X-Large hamborgarabrauð



439
kr. boxið

Nautaveislu Nautahamborgarar 2 x 140g
Upprunaland Spánn



285
kr. 992g

Hunts tómatósósa 992g



698
kr. boxið

Nautaveislu Hamburgarar 4 x 80g. m.brauði.
Upprunaland Spánn



2598
krónur kg.

Nautaveislu; Nautapiparsteik
Upprunaland Spánn



359
kr. 485g, 10 stk

149
kr 5 stk.



298
kr. 360g



198
kr. 220g



298
kr. 360g

KF Bratwurstpysur 4 stk. KF Mexicopysur 220g KF Pólskar kjötpysur 4 stk.



259
kr. 2 stk.

Nýbakaðir Bónus kleinhringir



Aðeins
63.kr.stk

498
kr. 8 stk.

Cobana ístoppar 8 stk. x 120ml



129
kr 2 ltr.


AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00

BONUS EKKERT BRUÐL

VISA

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

ÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL



<p>139 kr. stk</p> <p>Íslenskar agúrkur 350g</p>	<p>259 kr 250g</p> <p>Íslenskir sveppir 250g</p>	<p>398 kr 125g</p> <p>Bónus Lambhagablanda 125g</p>	<p>398 kr 50g</p> <p>Ferskar Kryddjurtir 50g</p>
<p>159 kr. stk</p> <p>Amerískur ferskur mais u.þ.b. 300g</p>	<p>298 kr 250g</p> <p>Íslenskir kirsjuberjatómatar 250g</p>		

Það er **ódyrara** að krydda sjálfur Það er **ódyrara** að krydda sjálfur Það er **ódyrara** að krydda sjálfur

498
kr 500ml

Original BBQ oil

359
kr 510g

USA BBQ SÓSA SWEET BABY

2013
SLÁTRAD

1498
krónur kg.

Kaupfél. Skagf. Lambalæri í sneiðum **FROSID**

2013
SLÁTRAD

3598
krónur kg.

Kaupfélag Skagfirðinga Frosið lambafillet

2013
SLÁTRAD

1198
krónur kg.

Kaupfél. Skagfirðinga Frosið heilt lambalæri **FROSID**

1079
kr. kg.

Bónus Ferskar grísakótiletur

498
kr 135g

Santa María kryddkvörn Svartur pipar 70g

498
kr 70g

Rock salt 135g

SS

759
kr. kg

Sláturfélag Suðurlands: Frosinn grillsagaður lambaframpartur

1198
kr. kg.

Bónus BBQ grill grísakótiletur

2013
SLÁTRAD

859
krónur kg.

Kaupfélag Skagfirðinga Frosinn heill lambabógur

79
kr. 330ml

119
kr 100g

Steiktur laukur 100g

BONUS EKKERT BRUÐL



AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00

LAUGARDAGUR

HVAD?
HVENÆR?
HVAR?

Gjörningar

21.00 Parabólugjörningurinn Ísbrjóturinn verður frumfluttur af Parabólum í porti KEX Hostels. Parabólur skipa slagverksleikararnir Sigtryggur Baldursson og Steingrímur Guðmundsson og raf-tónlistarmaðurinn Kippi Kaninus. Mun þetta vera í fyrsta sinn síðan 2010 sem hópurinn kemur opinberlega saman til gjörningagerðar. Port KEX Hostels varð fyrir valinu á frumflutningi þessa gjörnings þar sem endurvarpsaðstæður eru fyrirtaks og staðsetningin tilvalin til

að magna upp göróttan seið með risatrommum og rafmagni. Aðgangseyrir er enginn.

Tónleikar

22.00 Hljómsveitin Kimono kemur fram á Dillon rokkbar. Sveitin Knife Fights sér um upphitun. Aðgangseyrir er 500 krónur en tónleikarnir eru í boði Thule bjórs.

22.00 Dúndurfréttir halda tónleika á Græna hattinum. Fyrri hluta tónleikanna tileinka þeir bestu verkum Pink Floyd en eftir hlé taka þeir fyrir öll hin stóru böndin, eins og Led Zeppelin, Uriah Heep, Deep Purple, Kansas ofl. Miðaverð er 3.000 krónur.

22.00 Tónlistarmennirnir KK og Magn-

ús Eiríksson koma fram á Café Rosenberg á miðri Listahátíð. Á tónleikunum spila þeir lög úr lagasafni hvor annars auk sameiginlegra lagasmíða, en þeir hafa gefið út þrjár plötur með eigin efni. Aðgangseyrir er 2.000 krónur.

23.00 Bandaríski tónlistarmaðurinn Roland Hartwell leikur og syngur á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

23.00 Skemmtistaðurinn Dolly heiðrar tónlistarmanninn Frankie Knuckles. DJ Kári þeytir skífum og De La Rosa syngur gamla hús-slagara eftir Knuckles.

Fræðsla

10.00 HÆG BREYTILEG ÁTT býður til opinna samræðu um íbúðir og

íbúðahverfi framtíðarinnar í Iðnó og Gasstöðinni við Hlemin. Kynntar verða hugmyndir og tillögur að íbúðum og hverfum, sem allar eru á vinnslustigi og eru að spyrja til þess hvernig við viljum lifa og búa og hver íbúð framtíðarinnar sé. Í kjölfarið verða pallborðsumræður um verkefni og möguleikana á raungervingu þeirra.

11.00 Ferðafélagið Norðurslóð stendur fyrir fuglaskoðunarferð við Raufarhöfn. Mæting við heimskautsgerðið kl. 11.00. Leiðsögumaður verður Aðalsteinn Örn Snæbjörnsson líffræðingur. Þátttakendur eru beðnir um að hafa með sér sjónauka.

14.00 Stefan Edman heldur fyrirlestur í Norræna húsinu.

14.00 Náttúruganga um Elliðaárdalinn þar sem náttúran og líffræði Elliðaánna verður skoðað. Gangan ber yfirskriftina Dagur farfiskanna. Lagt verður upp frá Gerðubergssafni og gengið niður að Elliðaám. Boðið upp á hressingu í safninu að göngu lokinni. Allir eru velkomnir í gönguna sem tekur um klukkutíma og er þátttaka ókeypis. Gerðubergssafn er við Gerðuberg 3-5 í Breiðholti.

Sýningar

14.00 Opnuð yfirlitssýning á verkum Sigurjóns Ólafssonar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar þar sem verða valin verk frá námsárum hans í Kaupmannahöfn 1928-35.

20.00 Frumflutningur á Wide Slumber. Tónleikhúsverkið er innblásið af ljóðabókinni Wide slumber for lepidopterists eftir A. Rawlings, þar sem mismunandi stigum svefnis er líkt saman við lífs-hring fiðrilda og prósi hins vakandi manns umbreytt í ljóð þess sem sefur. Frumflutningurinn fer fram í Tjarnarbíói og kostar miðinn á bilinu 3.900 og 4.900 krónur.

Hátíðir

17.00

Hátíð bjórsins er nú haldin í þriðja sinn. Þá munu koma saman mörg af betri brugghúsum landsins og nú í fyrsta skiptið, heildsalar landsins og kynna nýja jafnt sem vel þekktu bjóra. Verður hátíðin haldin í húsnæði Officerafélagsins, Ásbrú, Reykjanesbæ. Eftir bjórkynninguna, þá verður veglegur amerískur grillmatseðill í boði. Úrval af hágæða björum verður svo til sölu langt fram á kvöld ásamt lífandi músík. Miða er hægt að nálgast á heimasíðu mid.is og kostar miðinn 5.500 krónur.

Uppákomur

09.00 Fyrsta umferðin í Íslandsmótinu í ralli. Eknar verða leiðirnar um Djúpatvatn og Hvaleyrarvatn. Flestar áhafnirnar í keppninni eru á 4x4 túrbóbilum svo fyrirfram má ætla að hraðinn verði í meira lagi. Keppnin hefst á Djúpatvatnsleiðinni klukkan níu að morgni, athugið að leiðinni verður lokað klukkan 8.15. Fyrsti bíll á fyrri leiðinni um Hvaleyrarvatn verður ræstur klukkan 12.40.

11.00 Nýsköpunartorgið í Háskólanum í Reykjavík. Um er að ræða fagræðstefnu um starfsumhverfi og uppbyggingarferli nýsköpunarfyrirtækja og sýningu þar sem fyrirtæki og stofnanir kynna árangur í nýsköpun. Öllum sem áhuga hafa á nýsköpun og tækni er boðið á Nýsköpunartorgið. Frítt er inn á viðburðinn.

13.00 Fyrsta umferð Íslandsmótsins í drift í Kapelluhrauninu. Það er Driftdeild AÍH sem heldur keppnina og verður hún háð á Akstursbraut AÍH í Kapelluhrauni í Hafnarfirði. Frítt er inn á viðburðinn.



Langar þig að talsetja?



Sumarnámskeið fyrir börn og unglinga

Hefur þig alltaf langað að sýna hvað í þér býr? Nú er tækifærið því við erum að fara af stað með námskeið í talsetningu teiknimynda.

Námskeiðin verða haldin 10.-13. júní og 16.-20. júní

- Börn 9-11 ára kl. 9-12 (4 daga námskeið - 12 klst.)
- Börn 12-15 ára kl. 13-16 (4 daga námskeið - 12 klst.)

Kennd eru undirstöðuatriði í

- Leiktúlkun
- Framsögn og raddbeitingu
- Upplestri
- Talsetningu á myndefni

Allir fá DVD með sinni talsetningu að námskeiði loknu



Verð aðeins 39.900 kr.

Nánari upplýsingar á www.talsetning.is

Skráning er hafin og er hægt að senda tölvupóst á bokanir@syrland.is eða hringja í síma 563-2910.

Námskeiðin verða haldin í Stúdíó Sýrlandi.



Vatnagördum 4 | Sími: 563 2910 | bokanir@syrland.is | www.talsetning.is



SUNNUDAGUR

HVAD?
HVENÆR?
HVAR?

Tónleikar

14.00 Ásbjörg Jónsdóttir heldur útskriftartónleika sína í Kaldalóni í Hörpu en hún útskrifast með BA-gráðu í tónsmíðum frá Listaháskóla Íslands í vor.

15.00 Danska tríóið Krebs/Schmidt/Anderson mun leika á KEX Hosteli á ókypis síðdegistónleikum. Með tríóinu leikur píanóleikarinn Agnar Már Magnússon. Þetta eru fyrstu sunnudagsíðdegistónleikar KEX Hostels og hálfgerð tilraun. Ef vel tekst til og djassáhugamenn koma á tónleikana þá er ætlunin að gera fleiri tilraunir síðar í sumar.

17.00 Vortónleikar kvennasöng-hópsins Boudoir í Fella- og Hólakirkju. Kvennasönghópurinn Boudoir var stofnaður nú sl. haust af faglærðum söngkonum og konum sem einnig eru starfandi sem einsöngvarar, þ.e. eingöngu konum eins og nafnið bendir til, en Boudoir þýðir reyndar kvennadýngja, sem er gamalt franskt orð yfir búningsherbergi eða sal sem eingöngu var ætlað konum. Flutt verður afar fjölbreytt efnisskrá allt frá eldra og klassískara og rómantísku yfir í nútíma dægurlög. Aðgangseyrir er 2.000 krónur.

17.00 Íslenskar perlar í Hörpu. Sönglög, þjóðlög og ballöður. Á tónleikunum fá áheyrendur að kynnast sígildri íslenski tónlist. Litrænn stjórnandi tónleikanna er óperusöngvarinn Bjarni Thor Kristinsson og kostar miðinn 3.900 krónur.

Sýningar

12.00 Listvinafélag Hallgrímskirkju kynnir sýningu Anne Thorseth myndlistarmanns í fordyri kirkjunnar. Sýningin verður opnuð klukkan 12.00 eftir messu. Verk Anne Thorseth sýna að hún vinnur með málverkið og teikninguna af ástríðu. Verkin eru íhugul og leita í birtuna með upphafspunkt í lífinu sjálfu; hún sækir innblástur í aldagömul þemu um tilvist mannskepnunnar og örlög. Litir verkanna tjá andlegt ástand og víxlverkun litanna við rými, form og tíma. Þessi sjónræna tjáning fléttar saman flókið samspil tilverunnar og listarinnar.

14.00 Æsa Sigurjónsdóttir, listfræðingur og sýningarstjóri, verður með leiðsögn um sýninguna SPOR í SANDI í Listasafni Íslands, Fríkirkjuveg 7. Arfleifð Sigurjóns Ólafssonar markar djúp spor í sögu norrænnar höggmyndalistar. Á sýningunni gefur að líta ólíkar hliðar listamannsins í 90 mikilvægustu verkum hans. Allir velkomnir.

Uppákomur

13.00 Á sunnudaginn kemur verður önnur umferð Íslandsmótsins í torfæru haldin í Jósepsdal. Það er Akstursíþróttafélag Suðurnesja sem heldur keppnina, en helmingur ágóðans af keppninni mun renna beint

til Styrktarfélagss krabbameinssjúkra barna. Keppnin hefst í Jósepsdal, beint á móti Litlu kaffistofunni. Frítt er fyrir börn, 12 ára og yngri, en fullorðnir greiða 1.500 kr. í aðgangseyri. Gott er að koma tímanlega á staðinn. Aðalstyrktaraðili torfærunnar er Poulsen ásamt Bílum og hjólum.

Leikrit

20.00 KÚBUS kynnir tónleikhúsið Gekk ég aleinn. Tónlist eftir Karl Ottó Runólfsson, útsetningar eftir Hjört Ingva Jóhannsson í sviðsetningu Friðgeirs Einarssonar. Verkið er sýnt í lðno og kostar miðinn 2.500 krónur.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Grænmetisætur oft misskildar

Aðalfundur Samtaka grænmetisæta á Íslandi er í Lifandi markaði klukkan 14 í dag.

„Við viljum búa til samfélag þar sem við deilum ráðum og reynslu okkar á milli og vekjum athygli annarra á því af hverju fólk velur að verða grænmetisætur og hvernig það lifir,“ segir Sæunn Ingibjörg Marínósdóttir, einn stofnenda Samtaka grænmetisæta á Íslandi, en samtökin fagna eins árs afmæli um þessar mundir. Af því tilefni er aðalfundur samtakanna haldinn í dag, klukkan 14, í húsnæði Lifandi markaðar í Borgartúni. „Það ríkir mikill misskilningur

um það hvernig grænmetisætur lifa. Við erum fjölbreyttur hópur sem borðar ekki kjöt af hinum ýmsu ástæðum, ekki eingöngu út frá dýraverndunarsjónarmiðum,“ útskýrir Sæunn, og bætir við að starfið í samtökunum sé bæði félagslegt og hagsmunatengt. „Það eru allir velkomnir í samtökin og á aðalfundinn, þó að þeir séu ekki grænmetisætur eða séu að stíga fyrstu skrefin í þessu,“ segir Sæunn, sem leggur áherslu á að um fjölbreyttan hóp sé að ræða.



GRÆNMETISÆTUR KOMA SAMAN Sæunn Ingibjörg Marínósdóttir og Sigvaldi Ástríðarson eru á meðal stofnenda Samtaka grænmetisæta á Íslandi, en aðalfundur samtakanna er í dag.

- ósk

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Háskólinn
á Akureyri

Hlökkum til að sjá þig Í HÁSKÓLABÆNUM AKUREYRI

Háskóli er ekki aðeins hús, ekki aðeins upplýsingar og fræðsla. Háskóli er samfélag. Skemmtilegur félagsskapur. Alvöru nám.

Heilbrigðisvísindasvið

Hjúkrunarfræði**
Iðjuþjálfunarfræði*
Framhaldsnám í heilbrigðisvísindum
- MS í heilbrigðisvísindum
- Diplómanám í heilbrigðisvísindum (45 ECTS ein.)

Viðskipta- og raunvísindasvið

Líftækni*
Sjávarútvegsfræði*
Diplómanám í náttúru- og auðlindafræðum*
Viðskiptafræði*
MS í auðlindafræði
MS í viðskiptafræði

Hug- og félagsvísindasvið

Félagsvísindi*
Fjölmíðlafræði*
Kennarafræði* (leik- og grunnskólastig)
Diplómanám í leikskólafræðum*
Lögfræði
Nútímafræði*
Sálfræði*
Félagsvísindi MA
Menntunarfræði MEÐ
Menntavísindi MA

*Einnig í boði í fjarnámi
**Í boði í Hafnarfirði, á Ísafirði og Norðurlandi vestra haustið 2014*

Umsóknarfrestur til 5. júní

unak.is



Forever 21 blæs lífi í látna listamenn

Ný lína frá verslunardeðjunni Forever 21 er innblásin af listamönnunum sálugu Jean-Michel Basquiat og Keith Haring. Línan er afar sumarleg og er hægt að fá allt frá sundbolum til fallegra kjóla.



Bolur
Keith Haring



Bolur
Basquiat



Bolur
Basquiat



Sundbolur
Keith Haring



Kjóll
Keith Haring

TÍST VIKUNNAR



Hanna
Eiríksdóttir

@Hannaeir
22. maí


Kona 1: „Svo er Kringlukastið að byrja“ Kona 2: „Um helgina? Æææðislegt.“
#HeyrstíLaugum



Hallgrímur
Helgason

@HalgrimHelgason
19. maí

Ilmur af nýslegnu grasi – fyrsti sláttur afstaðinn. Sommer! Sjött hvað maður er að detta hratt í bóndann.



Áslaug
Sigurbjörnsdóttir

@aslaugarna
19. maí

Var með fimm leiki af sex rétta í spánni minni á <http://fotbolti.net> – og rétta markatölu á Fylkisleikum. Stelpan!



Salat úr ofurfæði

Þetta dásamlega góða salat er hlaðið af ofurfæði og það fyllir magann og hleður líkamann af næringu.

Ofursalat

3 sætar kartöflur, skrældar og skornar í kubba
3 stórar rauðrófur, skrældar og skornar í kubba
1 haus af grænkáli, rifinn í litla bita
2 fullar lúkur af klettsalati
1 lárpera, skorið í bita
½ poki af frosnum sætum baunum – láta þær þiðna
2 bollar af elduðu kínóa
2 msk. af furuhnetum
2 msk. af graskersfræjum
Ólífuolía
Sjávarsalt og ferskur svartur pipar

Kínóa – setjið 4 bolla af vatni í pott og látið suðuna koma upp, bætið kínóa við ásamt dassi af sjávarsalti. Hafið lok á pottinum þar til allt vatnið er gufað upp. Þetta tekur um 15 mínútur. Takið af hellunni og geymið í pottinum undir loki.

Ristaðar rauðrófur og sætar kartöflur – setjið grænmetið í poka sem hægt er að renna fyrir (ziplock), bætið í pokann smá af ólífuólíu. Lokið pokanum og hristið vel, passið að olían nái að hylja allt grænmetið. Setið grænmetið svo í mót sem má fara í ofn og látið ristast í 35 til 40 mínútur. Muna að snúa grænmetinu við þegar helmingur af tímanum er liðinn. Eldið þangað til grænmetið er eldað í gegn og orðið ljósbrúnt.

Takið nú allt hráefnið og setjið í stóra skál. Blandið vel saman og

kryddið með svörtum ferskum pipar. Einnig er afar gott að nota vinaigrette, bara þína uppáhalds, í þessari uppskrift er talað um Garlic Expressions. En hvaða kosti hefur hráefnið sem er í þessu salati?

RAUÐRÓFUR Þær eru frábærar fyrir hjartað og blóðið. Þær virka eins og hreinsun fyrir blóðið, einnig vinna þær vel með lifrinni, eru æðislegar fyrir meltinguna og hormónana. Það er líka sagt að rauðrófur séu góðar við einkennum breytingaskeiðs.

SÆTAR KARTÖFLUR Þær eru góðar fyrir nýrun og eru ríkar af A-vítamíni. Þær eru frábærar fyrir konur með barn á brjósti og draga úr bólgum.

GRÆNKÁL Er gott fyrir magann og meltinguna, ríkt af steinefnum eins og kalki, járni og A-vítamíni.

KÍNÓA Afar próteinríkt og styrkir líkamann. Gott fyrir nýrun og inniheldur meira af kalki en mjólk. Er fullt af járni, fosfór og B-vítamínum ásamt E-vítamíni.

LÁRPERA Er afar góð fyrir heilbrigði lifrarstarfsemi og lungun. Inniheldur lesitín, er auðmelt og rík af kopar sem styrkir rauðu blóðkornin. Er mjög góð fyrir húðina og hefur verið notuð til að meðhöndla magasár.

SÆTAR GRÆNAR BAUNIR eru góðar fyrir miltað og magann. Stuðla að góðri meltingu og bjarga þeim sem þjást af harðlífi.

FURUHNETUR Þær eru góðar fyrir lungun, einnig við þurrum hósta, hægðatregðu og fleiru. Þær eru hlaðnar af E-vítamíni og nauðsynlegum fitusýrum.

GRASKERSFRÆ Þau eru afar rík af sinki og ómega-3-fitusýrum. Þau styðja við heilbrigði þvagrásar og það er hægt að nota þau við bílveiki, flugveiki, ógleði og fleiru.

KLETTASALAT Er ríkt af A-, C- og K-vítamínum.

Heimild: heilsutorg.is



Frá tungumáli til þekkingar



United Nations
Educational, Scientific and
Cultural Organization



Hvernig megnum við að endurnýja hina endanlegu auðlind?

Irina Bokova, aðalframkvæmdastjóri UNESCO, heldur opinn fyrirlestur í Hátíðasal Háskóla Íslands, mánudaginn 26. maí nk. kl. 16.00.

Í fyrirlestri sínum mun Bokova beina sjónum að því áhrifavaldi er felst í hlutverki og umboði UNESCO við nýtingu menningarverðmæta og vísindalegrar þekkingar í þágu varanlegs friðar og sjálfbærrar þróunar.

Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, ávarpar samkomuna og stýrir umræðum.

Irina Bokova kemur hingað til lands í boði utanríkisráðherra. Fyrirlesturinn er haldinn á vegum Háskóla Íslands og fer fram á ensku.

Irina Bokova var kjörin aðalframkvæmdastjóri UNESCO árið 2009, fyrst kvenna.

Hún er fædd 12. júlí 1952 í Búlgaríu og er með meistaraáráðu í alþjóðasamskiptum frá Moscow State Institute of International Relations en hefur einnig stundað nám við Maryland-háskóla og Harvard-háskóla í Bandaríkjunum.

Bokova hefur mikla reynslu af störfum í utanríkisþjónustu Búlgaríu og gegndi um skeið bæði starfi utanríkisráðherra og varautanríkisráðherra landsins. Þá hefur hún einnig setið á búlgarska þinginu en starfaði sem sendiherra, m.a. gagnvart UNESCO, áður en hún tók við starfi aðalframkvæmdastjóra stofnunarinnar.



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Stofnun
VIGDÍSAR FINNBOGADÓTTUR
í erlendum tungumálum

DEBENHAMS

sumar
SPRENGJA

25%
AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM*

NEMA 20% AFSLÁTTUR
AF SNYRTIVÖRUM

GILDIR ÚT SUNNUDAG

*Gerðu lífid
skemmtilegra*

NÝTT KORTATÍMABIL

*Gildir ekki af öðrum tilboðum

 Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



LAMBALÆRI - fyrir þig og þína!

Þú getur valið grillkryddað eða marinerað með kryddjurtum, New York, hvítlauk og rósmarín, piparmarinað eða trönuberja- og eplamarinerað!

Trönuberja- og eplamarinerað



1398 kr. kg

Verð áður ~~1598~~ kr. kg
Lambalæri kryddað



1,2 kg

665 kr. kg

FRÁBÆRT VERÐ!

799 kr. stk.

Danpo heill danskur kjúklingur, frosinn, 1,2 kg



10% afsláttur

4498 kr. kg

Verð áður ~~4998~~ kr. kg
Lambalundir



30% afsláttur

1189 kr. kg

Verð áður ~~1698~~ kr. kg
Grísahnakki á spjóti New York eða hvítlaukr & rósmarín, erlendur



31%
afsláttur

890 kr. pk.

Verð áður ~~1299~~ kr. pk.
Ísbland eitthvað fyrir alla,
16 stk.

Hámark
4 kassar
á mann meðan
birgðir endast!

798 kr. pk.
4 í pk.
Grillborgarar með brauði, 4 stk.

285 kr. pk.
12 í pk.
Freyju Rís kubbar og smá Draumur

79 kr. stk.
Egils Mix, Appelsín og Kristall
Mountain Dew, Pepsi Max og Pepsi, 33 cl

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

Guð refsaði mér með einhverfum syni

Söngkonan Toni Braxton fer mikinn í nýrri bók.

Söngkonan Toni Braxton segir í nýút-komnum æviminningum, *Unbreak My Heart: A Memoir*, að Guð hafi refsað henni fyrir að fara í fóstureyðingu með því að láta son hennar verða einhverfan. „Í hjarta mínu trúði ég því að ég hefði tekið líf – gert eitthvað sem ég hélt að Guð myndi refsa mér fyrir. Reiði minni fylgdi önnur sterk tilfinning: samviskubít. Ég



FULLYRÐINGAGJÖRN Toni er afar trúúð. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

vissi að ég hafði tekið líf og ég trúði því að hefnd Guðs væri að láta son minn verða einhverfan,“ segir Toni, en sonur hennar, Diezel Ky Braxton-Lewis, fæddist árið 2003. Samkvæmt bókinni tók hún inn lyf gegn bólum á meðgöngunni sem getur valdið ýmsum kvillum hjá fósturinu og því ákvað hún að fara í fóstureyðingu. -lkg

Bert á milli áberandi í galaveislu í Cannes


Árlega amfAR-uppboðið var haldið á hótelinu Cap-Eden-Roc í Frakklandi á fimmtudagskvöldið. Uppboðið er haldið til styrktar rannsóknum á eyðni en í ár söfnuðust 38 milljónir Bandaríkjadala, rúmir fjórir milljarðar króna. Fræga fólkið lét sig ekki vanta frekar en fyrri ár en áberandi voru kjólar sem sýndu hold.



KANN AÐ PÓSA Fyrirsætan Alessandra Ambrosio mætti í hvítum síðkjól frá Roberto Cavalli. Við hann var hún í hælum frá Jimmy Choo og með skart frá Chopard.



VÍGALEG Í VERSACE Irina Shayk var í ljósbleikum kjól frá Versace.




ENGINN KLAUFI Fyrirsætan Heidi Klum klæddist ljósbláum kjól frá Versace og bar Bulgari-skart við.



BROSTI BLÍTT Söngkonan Kylie Minogue geislaði á uppboðinu.



YNGIST MED ÁRUNUM Leikkonan Sharon Stone lét sig ekki vanta.



FAGURGUL FYRIRSÆTA Rosie Huntington-Whiteley í kjól frá Emilio Pucci.



POKKAFULL Fyrirsætan Chanel Iman var stórglæsileg.



DJÖRF Fyrirsætan Lara Stone vakti athygli á dreglinum.

Í DROTTNINGAR- KLÆÐUM Leikkonan Marion Cotillard klæddist fögrum kjól frá Alexander McQueen með Chopard-skart.

RÖNDÓTT Fyrirsætan Coco Rocha klæddist röndóttum kjól frá IRFE.

Ársalir - fasteignamiðlun - Ársalir - fasteignamiðlun

SPORÐAGRUNN 3, TIL SÖLU

OPIÐ HÚS 25.5 OG 26.5. MILLI 17-18:00
Einbýlishús með rúmgóðri aukaíbúð við Sporðagrunn í Reykjavík. Sér inngangur í hvora íbúð fyrir sig. Til staðar er leyfi fyrir gistirekstur í húsinu. Möguleg skipti á minni eign.

Ársalir
FASTEIGNAMIÐLUN
Engjateig 5, 105 Rvk
533 4200

Ársalir ehf - fasteignamiðlun
533 4200 og 892 0667
Engjateig 5, 105- Reykjavík.
arsalir@arsalir.is

Björgvin Björgvinsson
Löggiitur fasteignasali. FÉLAG FASTEIGNASALA

Einstaktt tækifæri!
Ótrúlegt verð!

SÓLARSPRETTUR

í sólarhring!

Vertu í viðbragðsstöðu því sólarsprettur Plúsferða hefst á hádegi á mánudaginn!

Misstu ekki af þessu einstaka tækifæri því þú hefur aðeins 24 klst til að bóka sólarlandaferðina þína á einstöku verði!

Fjöldi dagsetninga í boði!

plús
FERÐIR

www.plusferdir.is

PLÚSFERÐIR - Sími 535 2100 - info@plusferdir.is

Hross í oss í sýningar í Ameríku

Dreifingarfyrtækið Music Box hefur keypt sýningarrétt á myndinni í Norður-Ameríku.

Íslenska kvikmyndin Hross í oss vakti gríðarlega athygli á nýfyrstaðinni kvikmyndahátíð í Cannes, en dreifingarfyrtækið Music Box hefur keypt réttindin á sýningum á myndinni í Norður-Ameríku.

„Music Box er frábært fyrtæki sem hefur einungis myndir í hæsta gæðaflokki á sínum snærum,“ segir Friðrik Þór Friðriksson, framleiðandi myndarinnar, en Music Box á til að mynda réttinn á Millennium-príleik Stiegs Larsson, sem eru einhverjar tekjuhæstu erlendu myndir áratugarins í Bandaríkjunum. Það er því ljóst að þeir Friðrik og Benedikt Erlingsson, leikstjóri myndarinnar, eru í góðum höndum.

Sýningarréttur á myndinni hefur þegar verið keyptur í Bretlandi, Frakklandi, í Sviss, á Spáni, í Þýskalandi, Japan, Rússlandi og Eystrasaltslöndunum, Mexíkó, Svíþjóð, Danmörku, Noregi, Tékklandi, Slóvakíu og fyrrverandi löndum Júgóslavíu. Myndin er enn í sýningum í Bíói Paradís. „Það er auðvitað mikill heiður að þetta meistarastykki sé að fá dreifingu víða um heim. Nú hefur þessum svæðum verið lokað og næst á dagskrá er að frumsýna myndina í þessum löndum. Það kemur svo í ljós hvað við fáum í okkar hlut, sem fer eftir aðsókn, en eins og staðan er núna þá lítur þetta rosalega vel út,“ segir Friðrik að lokum.

→ Music Box

Music Box var stofnað árið 2007 en hefur á stuttum tíma haslað sér völl sem leiðandi fyrtæki í dreifingu á erlendum kvikmyndum, innlendri sjálfstæðri framleiðslu og heimildarmyndum í Bandaríkjunum.

Meðal þeirra mynda sem Music Box hefur dreift í Bandaríkjunum eru Millennium-príleik Stiegs Larsson, The Deep Blue Sea, með Rachel Weisz, og hin Óskarstilnefnda Monsieur Lazhar eftir Philippe Falardeau.



HROSS Í OSS Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI Friðrik Þór segir Music Box eingöngu hafa myndir í hæsta gæðaflokki á sínum snærum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



NÁTTÚRULEG FEGURÐ Gisele er afar vinsæl. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Nýtt andlit Chanel No. 5

Ofurfyrirsætan Gisele Bündchen er nýtt andlit ilmvatnsins Chanel No. 5 samkvæmt tilkynningu frá fyrirtækinu sem var send út í gær.

Leikstjórinn Baz Luhrmann leikstýrir Gisele í nýrri auglýsingaherferð en hún var valin fyrir „sína náttúrulegu fegurð og nútímalegan kvenleika“, segir í tilkynningunni.

Baz vann einnig að herferðinni sem skartaði leikkonunni Nicole Kidman í aðalhlutverki. Aðrar stjörnur sem hafa verið andlit ilmsins eru til að mynda Audrey Tautou, Marilyn Monroe og Brad Pitt.

Herferðin með Gisele í aðalhlutverki verður frumsýnd í lok þessa árs.



ORÐLJÓTUR Tupac sparaði ekki stóru orðin á dánarbeiðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hinstu orð Tupacs

Nú eru liðin átján ár síðan tónlistarmaðurinn Tupac Shakur lést, aðeins 25 ára að aldri. Lögreglu- maðurinn Chris Carroll, sem nú er sestur í helgan stein, kom á staðinn þar sem skotárásin átti sér stað sem dró Tupac til dauða.

Hann segir að hinstu orð rapparans hafi verið „Fuck you!“ eða á góðri íslensku: Farðu til fjandans! Chris var fyrstur á vettvang.

„Ég spurði hann hver hefði skotið hann, hvað hefði gerst og hver gerði þetta. Og hann hunsaði mig eiginlega. Hann horfði á mig og dró andann til að koma orðunum út úr sér og hann opnaði munninn og ég hélt að hann ætlaði að vinna með mér. Og síðan komu orðin: Fuck you.“

NÝSKÖPUNARTORG

fyrir alla fjölskylduna



Laugardaginn 24. maí kl. 11-17 í Háskólanum í Reykjavík

Um 90 nýsköpunarfyrirtæki og stofnanir kynna vörur og þjónustu en að auki verða margvíslegar uppákomur fyrir alla fjölskylduna.

- ⊗ Pollapönk tekur lagið kl. 15:30
- ⊗ Tækifæri í tækni - kynningar fyrirtækja kl. 12:20-15:00
- ⊗ Kubbað með Mindstorm
- ⊗ Spilað með Spilavinum
- ⊗ Fjögur vinningslið GameCreator kynna nýja tölvuleiki
- ⊗ Mælingar á ástandi húðarinnar í boði EGF húðvara
- ⊗ Prófaðu að hjóla með heimsins léttasta hjólagaffli frá Lauf Forks
- ⊗ Hvernig verður rafmagn til?
- ⊗ Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda
- ⊗ Ekta eða „fake“? - Falsaðar vörur til sýnis
- ⊗ Taktu þátt í nýsköpun á orðavegg Ský
- ⊗ Sýnishorn úr íslenskum kvikmyndum 2014 og margt fleira skemmtilegt...

Sýnendur:

3Z ✦ Actavis ✦ Atferlisgreining ✦ Belgingur ✦ Bláa Lónið ✦ Carbon Recycling International ✦ CCP ✦ Controlant ✦ Coori ✦ Corpus Sanus ✦ DataMarket ✦ Dohop ✦ EcoTrophelia Iceland ✦ Einkaleyfastofa ✦ ErkiTónlist ✦ Fjarðanet ✦ Fjölblendir ✦ Flygildi ✦ Geosilica Iceland ✦ Giro ✦ Hafrannsóknarstofnun ✦ Hraðfrystihúsið Gunnvör ✦ Handpoint ✦ HR ✦ Hugdetta ✦ Iceland Geothermal ✦ IGI/Game Creator ✦ Íslandsstofa ✦ Kauphöllin ✦ Kazy ✦ Kerecis ✦ Kine ✦ Kjörís ✦ Klak Innovit ✦ Kúla ✦ Kvikna ✦ Landsbankinn ✦ Lauf Forks ✦ Lipid Pharmaceuticals ✦ Lífdísill ✦ Lifeind ✦ Lumenox ✦ MainManager ✦ Mannvit ✦ Marel ✦ Marorka ✦ Matís ✦ Meniga ✦ Menn og mýs ✦ Mentis Cura ✦ Mentor ✦ Microsoft ✦ MindStorm ✦ Mint Solutions ✦ Mjólkursamsalan ✦ MTT ✦ Nox Medical ✦ Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda ✦ Nýsköpunarmiðstöð Íslands ✦ Oculis ✦ ORF Líftækni ✦ Oxymap ✦ Pólar togbúnaður ✦ ReMake Electric ✦ Risk Medical Solutions ✦ RÓRó ✦ SagaMedica ✦ Samey ✦ Samtök iðnaðarins ✦ Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda ✦ Set ✦ Sigurást ✦ Skema ✦ Ský ✦ Spilavinir ✦ Staðlaráð ✦ Stiki ✦ Stjörnu-Oddi ✦ Svinna-verkfræði ✦ Tóngreinir ✦ Trackwell ✦ Tulipop ✦ Tölvumiðlun ✦ VAKI ✦ Valka ✦ Verkís ✦ Videntifier Technologies ✦ Ýlfur ✦ Zymetech ✦ Össur



LAUGARÁS BÍÓ **midí.is** Miðasala og nánari upplýsingar **Coca-Cola** LAUGARÁS BÍÓ

12 POWERSÝNING KL. 10-10
14 VONARSTRÆTI ★★★★★

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

LAUGARÁS BÍÓ Sýningartímar
 X-MEN 3D 5, 8, 10:40(P) 12
 VONARSTRÆTI 2, 5, 8, 10:40 14
 BAD NEIGHBOURS 8, 10:10 12
 LÁSI LÖGGUBILL 2, 4 12
 THE OTHER WOMAN 5:40 12
 RIO 2 2D 2 12

Sími: 553-2075 **www.laugarasbio.is**

Eru dvergar dvergar?

BAKPANKAR
Fannyjar Birnu Jónsdóttur

Fréttablaðið birti í vikunni fréttina „Game of Thrones-dvergurinn leikur illmennni“ þar sem greint er frá því að leikarinn Peter Dinklage, sem er dvergur, fari með hlutverk yonda kallsins í nýjustu X-men myndinni. Í einhverjum kímum internetnsins fór allt á hliðina. Vægast sagt. Það þótti víst argasti dónaskapur að kalla leikarann dverg.

ið á þeim, mögulega sögunnar vegna, að nota ákveðin orð, þá er það ekkert nema sjálfsagt að virða það. Þannig hefur flest vitborið fólk hætt að nota ósmekklegr orð til að lýsa til dæmis fólki með Downs-heilkenni, geðsjúkdóma eða annað litarhaft þó það þætti sjálfsagt mál fyrir aðeins nokkrum áratugum.



ÉG átti nokkuð bág með að gera upp við mig hvar ég stæði í þessari umræðu. Átti ég að móðgast fyrir hönd Peters, sem ég veit að sjálf-sögðu ekkert um hvort kunnir vel eða illa við að vera kallaður Game of Thrones-dvergurinn? Átti ég kannski að móðgast fyrir hönd allra smávaxinna einstaklinga?

RÉTTAST er auðvitað að leyfa viðkomandi hópi að ráða því hvaða hugtök eru notuð yfir þá sjálfa. Þessir hópar vita manna best hvaða orð særa og meiða. Og ef það fer fyrir brjóst-

ÍSLENSKAN gerir okkur hins vegar oft erfitt fyrir í svona stöðu. Á ensku er stundum talað um „litið fólk“ í stað dverga. Við eigum ekkert slíkt viðurkennt hugtak. Og til að gera hlutina enn flóknari þá er skoðun smávaxinna einstaklinga á hugtakinu dvergur einnig óþekkt, svo langt sem þekking höfundar nær.

EN þangað til íslensk málnefnd kemur fram með nýtt orð yfir smávaxna einstaklinga þá erum við föst með orðið dvergur. Og á meðan þeir kvarta ekki yfir þessu hugtaki þá er ekki hægt að halda því fram að það sé neikvætt. Ekkert frekar en að vera samkynhneigdur eða af erlendum uppruna. Þetta eru jú bara orð. En ef dvergar vilja ekki vera dvergar þá mega þeir auðvitað vera hvað sem er.

Adam Sandler fær skelfilega útreið

Blended hefur ekki vakið mikla lukku meðal gagnrýnenda vestanhafs.

Nýjasta kvikmynd grínistans Adams Sandler, Blended, hefur ekki fallið í kramið hjá gagnrýnendum vestanhafs.

A.O. Scott, virtur kvikmyndagagnrýnandi fyrir New York Times, sagði myndina beinlínis móðgandi við áhorfendur og sagði augljóst vanhæfi aðstandenda myndarinnar skína í gegn, og vísaði þar í alla umgjörð myndarinnar og handritið.

„Myndin er forheimskandi,“ bætti hann við, en Scott er ekki eini gagnrýnandinn sem hefur úthúðað myndinni, sem Drew Barrymore leikur í ásamt Sandler.

Í gagnrýni The Telegraph kallar Anna Smith myndina tilgerðarlega og ótrúverðuga og Andrew Barker hjá Variety tekur í sama streng.



ÓVINSÆLL UM ÞESSAR MUNDIR
Adam Sandler hefur fengið skelfilega dóma fyrir nýjustu kvikmynd sína, Blended. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

SAMbio.is

X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST ★★★★★
*STANLAUS SPENNA OG BRJÁLAD SKEMMTANAGILDI. LANGBESTA X-MYNDINI!
KL. 2:30 - 5:20 - 8 - 10:40 2D: 3 - 6 - 9

WALK OF SHAME ★★★★★
FRÁBÆR GAMANMYND MEÐ ELIZABETH BANKS
KL. 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40 2D: 6:50 - 9:30

GODZILLA ★★★★★
VINSÆLASTA MYNDIN Í HEIMINUM Í DAG
KL. 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40 2D: 5:50 - 8 - 10:10

BAD NEIGHBOURS ★★★★★
THE BATTLE FOR THE STREET BEGINS.
KL. 1:30 - 5:50 - 8 - 10:10

LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus

SYND KL. 2 VONARSTRÆTI
SYND KL. 2 LÁSI
SYND Í 2D - ÍSL. TAL. RIO 2

LAUGARÁS BÍÓ **TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS**

SMÁRA BÍÓ **HÁSKÓLA BÍÓ**

FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 300 KR.
 GODZILLA KL. 2:30 - 5:20 - 8 - 10:40 2D: 3 - 6 - 9
 GODZILLA VIP 2D KL. 2 - 5:20 - 8 - 10:40
 WALK OF SHAME KL. 1:30 - 5:50 - 8 - 10:10
 BAD NEIGHBOURS KL. 1:30 - 5:50 - 8 - 10:10
 DIVERGENT KL. 5:15
 TRANSCENDENCE KL. 8
 CAPTAIN AMERICA 2 2D KL. 10:40
 FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 300 KR.
 THE LEGO MOVIE KL. 2:30 - 4:40
 UNDRALAND IBBA KL. 2:30 - 4:40

SMÁRA BÍÓ **AKUREYRI**
 GODZILLA 3D KL. 2 - 5:20 - 8 - 10:30
 WALK OF SHAME KL. 5:50 - 8 - 10:10
 FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 300 KR.
 THE LEGO MOVIE KL. 1:30 - 3:40

SMÁRA BÍÓ **KEFLAVÍK**
 X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 3D KL. 2 - 5 - 8
 GODZILLA KL. 3D: 10:50 2D: 5
 VONARSTRÆTI KL. 10:10
 WALK OF SHAME KL. 8
 RIO 2 KL. 2

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU Eða APPELSINGULU KL. 750 Á APPELSINGULU OG KL. 1000 Á GRÆNT

FJÖLSKYLDUPAKKINN
Allir borga barnaverð

X-MEN **AMAZING SPIDERMAN 2** **RIO 2**

NÁNAR Á WWW.SMARBIO.IS/BYLTING
DAGSKRÁ OG MIÐASALA ER Á EMÍÐI.S **HÁSKÓLA BÍÓ** **SMÁRA BÍÓ**

SMÁRA BÍÓ **HÁSKÓLA BÍÓ**

X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST ★★★★★
STANLAUS SPENNA OG BRJÁLAD SKEMMTANAGILDI. LANGBESTA X-MYNDINI!
- T.V., BÍOVEFURINN OG S&H

VINSÆLASTA MYND LANDSINS
VONARSTRÆTI ★★★★★
INNLEASIN AF SONNUM ATBURDUM
- LILJA KATRÍN GUNNARSDÓTTIR, FRÉTTABLAÐIÐ
★★★★★
- HJÓRDIS STEFÁNSDÓTTIR, MORGUNBLAÐIÐ
★★★★★
- ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON, SVARHÓFIÐ

SMÁRA BÍÓ **HÁSKÓLA BÍÓ**

X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 3D KL. 5 - 8 - 10:45
X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 3D LÚXUS KL. 2 - 10:45
X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 2D KL. 2
VONARSTRÆTI KL. 3 - 5:20 - 8 - 10:40
VONARSTRÆTI LÚXUS KL. 5:20 - 8
BAD NEIGHBOURS KL. 8 - 10:25
LÁSI LÖGGUBILL KL. 1
THE OTHER WOMAN KL. 5:40 - 8
THE AMAZING SPIDERMAN 2 KL. 2 (20) - 5 (30) - 10:30 (30)
RIO 2 2D ISL. TAL. KL. 1 - 3:10

VONARSTRÆTI KL. 3 - 5:20 - 8 - 9 - 10:40
LÁSI LÖGGUBILL KL. 3:20
THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D KL. 6 - 9
RIO 2 ISL. TAL. KL. 3:30
HARRY OG HEIMIR KL. 3:45 - 8
GRAND BUDAPEST HOTEL KL. 5:45 - 10

Miðasala ú: **eMiði**

FJÖLSKYLDUPAKKINN Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverð **NÁNAR Á SMARBIO.IS/BYLTING**

SAMbio.is **WALK OF SHAME** **GODZILLA** **SPARBÍÓ** **FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 300 KR. MIÐINN**

BÍÓ PARADÍS EUROPA CINEMAS

MONICA Z **ANDRI & EDDA VERÐA BESTU VINIR** **Antboy**

LAU & SUN :16.00

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

1974

MANNAKORN

2014

SAM- FERÐA TÍÐA



HÁSKÓLABÍÓ 06.09.14

Hljómsveitin Mannakorn fagnar 40 ára starfsafmæli sínu í ár. Því er blásið til sannkallaðrar veislu tóna og texta í Háskólabíó í haust, þann 6. september. Gömlu félagarnir með þá Magga og Pálma í fararbroddi, ásamt Ellen Kristjánsdóttur, renna í alla helstu smellina í bland við ýmsa gullmola frá löngum og farsælum ferli. Ekki láta þessa einstöku vörðu í íslensku tónlistarlífi framhjá ykkur fara. Tryggðu þér miða í tíma á midi.is.

DÆGURFLUGAN

HÁSKÓLABÍÓ

ÓDÝRI

HEIMILISTÆKJA
MARKAÐURINN

ALLT Á 2.990



HÁGÆÐA

STEYPUJÁRNSPOTTAR

Pottar sem endast og endast!



25%
afsláttur

Hittinn dreifist mjög jafnt og rakastig viðhelt sem gefur jafna og góða eldun.

Pottana má nota á allar gerðir helluborða, þar með talið spanhelluborðu. Mega fara í uppvottavél.

Þá má einnig setja pottana í bakaraofn og á grill, hitaþolnir upp að MAX 200°C.

Henta bæði til eldunar og framreiðslu "Cook and Serve".

GRUNWERG
SHEFFIELD-ENGLAND

ESPRESSÓKANNA



6 Bolla
Á HELLU

VERÐ ÁÐUR... 4.495
TILBOD 2.695

KRINGLUKAST

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR • NÝTT KORTATÍMABIL



KitchenAid

Hrærari og lok fylgja með öllum hrærivélum á Kringlukasti!



	HVÍT	LITUÐ
KitchenAid hrærivél	84.990	87.990
Hrærari með sleikjuarmi	5.990	5.990
Plastlok á skálar 2stk	2.990	2.990
Verð áður	93.970	96.970
TILBOD	81.990	84.990
PÚ SPARAR	11.980	11.980

Grunweg litaðir hnifar og hnífasett



35%
afsláttur

GRUNWERG
SHEFFIELD-ENGLAND



PRESSUKANNA
8 Bolla
KRÖM

35%

VERÐ ÁÐUR... 6.995
TILBOD 4.495

KJÖTHITAMÆLIR
DIGITAL



35%

VERÐ ÁÐUR... 3.495
TILBOD 2.272

Dolce Gusto Circolo

YFIR 30 GERDIR
AF TE, KAFFI
OG KAKÓ!

VERÐ ÁÐUR... 32.995
TILBOD 22.995



30%

PÚ SPARAR
10.000 KR.



TRISTAR
VÖFFLUJÁRN
EKTA BELGÍSKAR
VÖFFLUR

40%

VERÐ ÁÐUR... 9.999
TILBOD 5.999



GASTROMAX
OSTASKERI

50%

SÁ BESTI!

VERÐ ÁÐUR... 999
TILBOD 500

iRobot® RYKSUGUVÉLMENNI



iRobot Braava 380

Með iAdapt gervigreind. Sýndarveggur fylgir.

VERÐ ÁÐUR... 69.995
TILBOD 54.995

NÝ SJÁLFIK
GÓLFMOPPA

HREIN
SNILLD!



iRobot Braava 380

Moppurnar hreinsa allt að 93 fm með þurrhreinsun og 33 fm með blauthreinsun. Northstar Navigation gervigreind.

VERÐ ÁÐUR... 54.995
TILBOD 44.995

WILLIAM BOUNDS SALT- OG PIPARKVARNIR

PIPARKVÖRN

40%



VERÐ ÁÐUR... 9.995
TILBOD 5.995

SALTKVÖRN

